

**SKOÐUN** Steinunn Ólína skrifar upp kafla úr bók eftir óþekktan ástarsöguhöfund. 17



**MENNING** Fjölskylda Indriða Guðmundssonar klæðskera hefur framleiðslu á skyrtum hans að nýju. 34



**SPORT** Tíu Íslendingar eiga enn möguleika á að komast á Vetrarólympíuleikana í Sochi 2014. 30

WOW
FLUGFÉLAG FÓLKSINS
LÆGRA VERÐ · STUNDVÍSI · NÝRRI VÉLAR · BREIÐASTA BROSIÐ
LOFORÐ WOW


# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
2. október 2013
231. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## FRÉTTIR



### Spenntir fyrir barnum

Hrafnista hefur fengið leyfi til að selja léttvín og bjór í Hafnarfirði. „Við tröllum á meðan við tórum,“ segir íbúi, sem er himinlifandi yfir tíðindunum. 2

**Heilbrigðislöggjöf tekur gildi** Barack Obama fagnar sigri þótt repúblikanar hafi komið í veg fyrir að fjárlög fengjust afgreidd á Bandaríkjaþingi. 2

**Ráðist gegn launamun** Aðgerðaráætlun gegn kynbundnum launamun var samþykkt í borgarstjórn í gær. 2

**Hafnar hagsmunaárekstri** Nýr stjórnarformaður Íbúðalánasjóðs situr einnig í sérfræðingahópi um almenna skuldaniðurfærslu. 4




16

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 6° | NA | 6 |
| Akureyri | 5° | NA | 3 |
| Egilsstaðir | 7° | NA | 2 |
| Kirkjubæjarkl. | 10° | SA | 2 |
| Reykjavík | 9° | NV | 5 |

**VÍÐA VÆTA** Í dag verður yfirleitt hæg norðaustlæg eða breytileg átt. Víða rigning eða súld eða úrkomulaust að mestu V-til. Hiti 4-10 stig. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

Stöð 2 | Fólk




# Landspítali telur sig svikinn

Landspítalinn telur niðurskurðarkröfu fjárlagafrumvarpsins vera 1,2 til 1,7 milljarða króna. Forstjórinn telur að mistök hljóti að hafa verið gerð. Heilbrigðisráðherra býst við framlagi til tækjakaupa fyrr en seinna.

**FJÁRMÁL** Fjárveitingar til Landspítalans (LSH) fyrir næsta ár eru ekki í neinu samræmi við raunkostnað við rekstur hans, að mati forsvarsmanna spítalans. Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra aftekur að í frumvarpinu felist niðurskurðarkrafa til spítalans.

Framlög til LSH frá fyrra ári eru í raun óbreytt, eða 38,5 milljarðar króna. Forsvarsmenn LSH telja að í þessu felist niðurskurðarkrafa upp á 1,2 til 1,7 milljarða króna ef miðað sé við rekstur spítalans á þessu ári.

Í athugasemdum forsvarsmanna spítalans segir að ekkert tillit sé tekið til sívaxandi eftirspurnar og annarra breytinga í rekstrarumhverfi spítalans. Því til viðbótar þarf að klípa af rekstrarfé spítalans til tækjakaupa, en 600 milljóna króna framlag er fellt niður í frumvarpinu.

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra sér málið með öðrum hætti. Ekki sé verið að skera niður framlög til spítalans frá fjárlögum þessa árs. Hvað varðar tækjakaupaféð hafi legið fyrir að það framlag hafi verið tímabundið til eins árs og hugmyndin sé komin úr ranni fyrri ríkisstjórnar. Hins vegar séu tækjakaup stóru spítalanna tveggja til skoðunar í heilbrigðisráðuneytinu.

> **Ég geri bara ráð fyrir að það komi inn fjárveiting við aðra umræðu aftur núna**
>
> *Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra*

Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans, telur að um misskilning sé að ræða sem verði leiðréttur. „Þetta eru vissulega vonbrigði en við gerum ráð fyrir því að stjórnvöld standi við þau orð um að styrkja rekstur spítalans og tæki og aðstöðu á þeim vikum sem í hönd fara.“ Páll tók við starfi forstjóra af Birni Zoëga sem sagði upp störfum þegar hann hafði kynnt sér efni frumvarpsins.

Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra segir málið flóknara en virðist við fyrstu sýn og LSH sé varinn fyrir 1,5% hagræðingarkröfu. Kristján nefnir að Landspítalinn heldur fjárveitingum í rekstri 40 til 45 hjúkrunarrýma sem færð verða út af spítalanum, en þar er um nokkur hundruð milljónir um að tefla.

„Hvað tækjaþáttinn varðar þá kom tímabundin fjárveiting upp á 600 milljónir fyrir Landspítalann inn við aðra umræðu haustið 2012. Ég geri bara ráð fyrir að það komi inn fjárveiting við aðra umræðu aftur núna,“ segir Kristján Þór en nefnir engar upphæðir í því sambandi.

- shá, kh / sjá síðu 6



**LÍNURNAR LAGÐAR** Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra kynnti fyrsta fjárlagafrumvarp sitt í gær. Hann ætlar að loka fjárlagagatinu og skila afgangi. Bjarni segir að með frumvarpinu verði staðinn vörður um barnafólk og þá sem lægstar hafa tekjurnar í samfélaginu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Fárveikt fólk mun þurfa að borga fyrir að liggja á Landspítalanum.**
>
> *Árni Páll Árnason*



> **Við teljum forsendurnar út úr korti.**
>
> *Þorsteinn Víglundsson*



> **Þessi niðurskurður í mennta- og heilbrigðismálum snertir öll heimili í landinu.**
>
> *Katrín Jakobsdóttir*



Verndar glerunginn
Félag íslenskra tannfræðinga mælir með Zendium tannkremi.




zendium

Þingvangur kynnir hugmyndir sínar um Félagsheimili Reykjavíkurborgar:

# Tónleikasalur á Hljómalindarreit

**SAMFÉLAGSMÁL** Félagið Þingvangur, sem keypti Hljómalindarreit og Brynjureit í sumar, hefur í hyggju að byggja á reitnum svokallað Félagsheimili Reykjavíkurborgar.

Byggingin yrði fjölfarinn samkomustaður, með veitingahúsi, skrifstofum og 800 manna tónleikasal sem hægt væri að minnka í hentugri stærð ef svo bæri við. Að auki vill Þingvangur byggja litlar íbúðir, 30-40 fermetra að stærð, fyrir ofan.

„Þetta er algjörlega á hugmyndastigi,“ sagði Friðjón Friðjónsson, talsmaður Þingvangs, þegar Fréttablaðið náði af honum tali. „Ef þetta á að verða að veruleika þá verður borgin að koma með í verkefnið.“

Þingvangur kynnti hugmyndirnar á fundi með pólitískri yfirstjórn skipulagsmála, Degi B. Eggertssyni, Einari Erni Benediktssyni og Páli Hjaltasyni. Viðbrögðin voru mjög jákvæð að sögn Friðjóns.

> **800** manna tónleikastaður meðal þess sem Þingvangur vill reisa.

Þingvangur sýnir verkefnið á morgun í Ráðhúsi Reykjavíkur á sýningu um uppbygginguna í Reykjavík.

- nej

OPIÐ 24 TÍMA
Nú er opið allan sólarhringinn í Engihjalla
Iceland

Fjölvítamín með steinefnum
hámarks upptaka næringarefna




Gæði • Hreinleiki • Virkni

## SPURNING DAGSINS



Alexander, eruð þið að búa ykkur undir kjarnorkuvetur?

**„Við óttumst ekkert á meðan við erum í Vintage Caravan.“**

Alexander Örn Númason er í hljómsveitinni Vintage Caravan sem gerði samning við útgáfuna Nuclear Blast í Þýskalandi, en hún er sú stærsta í heiminum á sviði þungarokks.

Obama getur fagnað sigri að nokkru þrátt fyrir pattstöðu á þingi um útgjaldaheimildir ríkissjóðs:

# Heilbrigðislög Obama orðin að veruleika

**BANDARÍKIN** „Lögin um viðráðanlega heilsugæslu verða áfram við lýði. Fjármögnun hefur þegar verið tryggð. Þið getið ekki lokað á það,“ sagði Barack Obama Bandaríkjaforseti við repúblikana á þingi, sem komu í veg fyrir að ríkið fengi áfram fjárheimildir til að standa undir útgjöldum.

Fjárlagaskrifstofa Bandaríkjastjórnar fyrirskipaði í gær öllum ríkisstofnunum að hætta starfsemi þar sem fjárveitingar til rekstursins höfðu stöðvast. Þetta er í fyrsta skipti í sautján ár sem kemur til þessa en afleiðingarnar eru meðal annars þær að um 800 þúsund ríkisstarfsmenn verða sendir heim í launalaust leyfi, þjóðgörðum lokað og hlé gert á vísindarannsóknum.

Obama fagnar því að nýja heilbrigðislöggjöfin, sem þingið samþykkti árið 2010, tók gildi í gær. Engin reynsla kemst þó á framkvæmdina fyrr en á næstu mánuðum eða jafnvel árum.

Með nýju lögunum er stefnt að því að flestir Bandaríkjamenn verði sjúkratryggðir, en til þessa hefur fátækasti hluti þjóðarinnar ekki haft efni á sjúkrahúsdvöl eða annarri dýrri heilbrigðisþjónustu.

Repúblikanar, sem eru í meirihluta í fulltrúadeild þingsins, reyndu að koma í veg fyrir eða í það minnsta fresta gildistöku laganna með því að tengja ákvæði um frestun þeirra við frumvarp um útgjaldaheimildir ríkissjóðs.

Demókratar, sem eru í meirihluta í öldungadeild, féllust ekki á frumvarpið í þessari mynd og þannig gekk frumvarpið nokkrum sinnum á milli deildanna þangað til fresturinn rann út á miðnætti 30. september. - gb



**FRELSISSTYTTAN LOKUÐ** Ferðakona frá Japan furðu lostin. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**GLÍMT VIÐ GEIT** Pakistönsk börn leika sér að geit á dýramarkaði í Íslamabad í aðdraganda fórnarhátíðar múslíma. NORDICPHOTOS/AFP

Fórnarhátíð múslíma hefst um miðjan október:

## Pílagrímsferðir til Mekka nálgast

**TRÚARBRÖGÐ Fórnarhátíð múslíma hefst að öllum líkindum 15. október en misjafnt er á hvaða degi hátíðin hefst. Miðað er við nýtt tungl og þess beðið að hið nýja tungl sjáist á himni.**

**Þessi hátíð er haldin til minningar um fórn Abrahams, sem var reiðubúinn til þess að fórna syni sínum Ísak að kröfu guðs, ef marka má sögur úr biblíunni.**

**Hátíðin tengist pílagrímsferðum til Mekka, en það eru mestu ferðadagar ársins á meðal múslíma. Samkvæmt íslam ber öllum múslímum að leggja leið sína til Mekka að minnsta kosti einu sinni á ævinni. - gb**

# Hrafnista hefur sölu áfengis í Hafnarfirði

Hjúkrunarheimilið Hrafnista fær leyfi til að selja léttvín og bjór í Hafnarfirði. Að sögn forstjórans er góð reynsla af kaffihúsi sem starfrækt hefur verið í rúmt ár á Hrafnistu í Reykjavík. Líkt og þar verður kaffihúsið í Hafnarfirði opið almenningi.

**ÞJÓNUSTA** „Viðtökurnar hafa verið hreint út sagt gríðarlega góðar,“ segir Pétur Magnússon, forstjóri Hrafnistu, um rekstur kaffihúss með vínveitingum á hjúkrunarheimilinu í Reykjavík. Hefja á sams konar rekstur í Hafnarfirði.

Pétur segir afar vel hafa tekist til með kaffihúsið Skálafell sem opnaði í Hrafnistu í Laugarásnum fyrir rúmu ári.

„Það er mikil ánægja með framtakið, bæði hjá heimilisfólki og ættingjum,“ segir forstjórinn og undirstrikar að í raun sé Skálafell hefðbundið íslenskt kaffihús sem selur kaffi, súkkulaðitertur og pönnukökur, auk þess að hafa fengið leyfi fyrir léttvíni og bjór. „Salan á léttvíni og bjór er reyndar ekki nema fimm prósent af heildarsölunni.“

Að sögn Péturs kom upp umræða í framhaldi af opnun Skálafells um að sams konar fyrirkomulag yrði á heimili Hrafnistu í Hafnarfirði. Nú sé undirbúningur að því langt kominn og vínveitingaleyfið sé fengið.

„Það er mikill velvilji hjá bæjarstjóranum að þetta gangi hratt og vel fyrir sig innan kerfis Hafnarfjarðarbæjar,“ segir Pétur, sem kveður aðstöðuna í Hafnafirði enn sem komið er fremur kaffihorn en kaffihús. „Það bíður þangað til við förum í stærri framkvæmdir að þetta verði virkilega grand kaffihús eins og Skálafellið í Reykjavík.“

Fyrirkomulagið í Hafnarfirði verður það sama og í Reykjavík hvað það varðar að veitingasalan er opin almenningi. „Hér getur hver sem er komið og keypt kökur og kaffidrykki og það verður boðið upp á léttvín og bjór eins og í Reykjavík,“ segir Pétur.

Hrafnista rekur einnig hjúkrunarheimili í Kópavogi sem er sambyggt þjónustumiðstöð sem bærinn rekur.

„Við höfum lagt fyrir bæinn tillögu um að opna kaffihús þar en höfum ekki fengið formleg svör frá bæjarstjórn Kópavogs,“ segir Pétur sem kveður þann kaffihúsarekstur geta verið hvort sem er á hendi Hrafnistu eða Kópavogsbæjar.

Nokkur umræða skapaðist í aðdraganda þess að vínveitingar hófust á Hrafnistu í Reykjavík. Aðspurður segir Pétur raddir um að heimilisfólkið myndi leggjast í áfengisneyslu ekki hafa reynst sannspáar. „Við höfum sjálf ekki miklar áhyggjur af því, ekki frekar en gengur og gerist á öðrum kaffihúsum í landinu. Enda er hér bara venjulegt fólk,“ segir forstjóri Hrafnistu.

Íbúar sem Fréttablaðið hitti á kaffistofunni í gær voru himinlifandi með fyrirætlanirnar. „Við tröllum á meðan við tórum,“ sagði Úlfar Garðar Randversson, sem getur ekki beðið eftir dælunni.
gar@frettabladid.is



**SPENNTIR** Úlfar Garðar, í miðið, er spenntur fyrir barnum, eins og vinir hans. Kaffisala er þegar hafin í Hrafnistu í Hafnarfirði og vínveitingar eru í burðarliðnum þannig að úrvalið verður eins og í kaffihúsinu Skálafelli í Laugarásnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> **Við tröllum á meðan við tórum.**
>
> *Úlfar Garðar Randversson íbúi á Hrafnistu*

Nýjar tölur frá Hagstofunni:

## Menntunarstig Íslendinga eykst

**MENNTUN** Nær þrjátíu prósent þjóðarinnar höfðu einungis lokið grunnmenntun í fyrra. Þetta kemur fram í tölum Hagstofunnar. Alls eru 47.100 manns á aldrinum 25 til 64 ára í þessum hópi, eða 29,3 prósent íbúa, og hefur fækkað úr 34,6 prósentum árið 2003.

Alls hafa 35,8 prósent íbúa mest lokið námi á framhaldsskólastigi sem er að minnsta kosti tvö ár að lengd eða lokið námi á viðbótarstigi, alls 57.600 manns. Þá hafa 56.300 manns lokið háskólanámi, eða 35 prósent íbúa á þessu aldursbili. Háskólamenntuðum hefur fjölgað en árið 2003 voru þeir 27,7 prósent íbúa. - þj

Svara sveitarstjórninni:

## Kjarval vill bæta sig í Vík

**VERSLUN** Rekstrarstjóri Kjarvalsverslananna segir að bæta eigi gæði verslunarinnar í Vík á næstunni. Þetta kemur fram í bréfi til sveitarstjórnarinnar sem kvartaði undan því að Kjarval annaði ekki ásókn og þyrfti að stækka við sig.

„Rekstur verslunar okkar hefur verið erfiður yfir vetrarmánuðina og ljóst að stærra verslunarrými myndi íþyngja rekstrinum sjö til átta mánuði ársins,“ segir rekstrarstjórinn sem jafnframt svarar gagnrýni á að Kjarval sinni afgreiðslu fyrir Íslandspóst í Vík. „Við teljum að unnt sé að bæta innra skipulag verslunarinnar á Vík til að bæta aðgengi og hraða póstafgreiðslunni.“ - gar






Borgarstjórn samþykkti aðgerðaráætlun gegn kynbundnum launamun:

# Strax hafist handa við fræðslu

**JAFNRÉTTISMÁL** Borgarstjórn samþykkti samhljóða í gær aðgerðaráætlun sem miðar að því að útrýma kynbundnum launamun hjá borginni. Kannanir sýna að hjá Reykjavíkurborg birtist launamunur helst í aukagreiðslum svo sem yfirvinnugreiðslum og akstursgreiðslum.

Lagt er til að markvisst verði dregið úr yfirvinnu starfsfólks, núverandi fyrirkomulag fastra yfirvinnusamninga verði endurskoðað samhliða innleiðingu á kynhlutlausu viðbótarlaunakerfi.

Jafnframt er samþykkt að verja fjórum milljónum króna til verkefna sem framkvæmd verða í haust.

Fyrsta málið á dagskrá er að fara í fræðsluátak með stjórnendum með það að markmiði að efla stjórnendur og tryggja þekkingu þeirra og verklag hvað varðar launasetningu óháð kyni. Slík fræðsla er skyldubundin og verður á tveggja ára fresti.

Konur fjölmenntu á áhorfendapallana vegna umræðunnar. - vg



**Í RÁÐHÚSINU** Fjöldi kvenna fylgdist með umræðum um kynbundinn launamun. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL


TAKT´Í
BÍL
HJÁ
HEKLU
ÞÚ GÆTIR ENDAÐ Í BOSTON
HEK
BOS
HEKLA - BOSTON
Komdu og reynslu-
aktu nýjum bíl og
við setjum nafnið
þitt í pott.
Einu sinni í viku í október
drögum við út vinningshafa
sem fær gjafabréf til
Boston með Icelandair
að verðmæti 200.000 kr.
HEKLA
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

## SVONA ERUM VIÐ



**3.000.000 sjónvarps- þátta og kvikmyndir keyptu eða leigðu Íslendingar á netinu árið 2011.**

**Á sama tíma horfðu þeir á um 9 milljónir mynda og þátta án þess að greiða fyrir efnið.**

*Heimild: Capacent–Neysla og niðurhal á tónlist, frá mars 2011.*

Stjórnarmyndunarviðræður tveggja flokka minnihluta í Noregi hafnar:

# Fá tvær vikur til að klára verkið

**NOREGUR** „Það er svolítið krútt í henni,“ segir Erna Solberg, leiðtogi norska Hægriflokksins, um Siv Jensen, leiðtoga Framfaraflokksins, að því er fram kemur á vef norska ríkisútvarpsins.

Þær Solberg og Jensen hefjast nú handa við erfiðar stjórnarmyndunarviðræður að loknum þriggja vikna könnunarviðræðum fjögurra flokka. Innan tveggja vikna þarf ný stjórn að vera orðin að veruleika.

Könnunarviðræðunum lauk á mánudag með þeirri niðurstöðu að Hægriflokkurinn og Framfaraflokkurinn myndu reyna að mynda minnihlutastjórn, með stuðningi Venstre og Kristilegra demókrata. Sá stuðningur verður byggður á sameiginlegum málefnagrunni hægri flokkanna fjögurra.

Solberg segir málefnagrunn hægri flokkanna það traustan að hún þurfi engu að kvíða þótt minnihlutastjórnin geti stundum mætt andstöðu á þingi.

Samkvæmt norska ríkisútvarpinu var Jensen einnig beðin um að lýsa Solberg, og hafði þá það að segja að hún væri afar upptekin af smáatriðum. - gb



**ERNA SOLBERG OG SIV JENSEN** Hafa tvær vikur til að ljúka stjórnarmyndunarviðræðum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ákærðir fyrir árás á lögreglu:

# Fósturfeðgar fyrir dóm

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært 27 ára síbrotamann, Hafþór Loga Hlynsson, og 43 ára fósturföður hans fyrir árás á tvo lögreglumenn á Púlstofunni við Gránufélagsgötu á Akureyri í ágúst í fyrra.

Þeir eru sakaðir um að hrinda lögreglumönnunum, karli og konu, í jörðina, slá þá, taka kverkataki og fleira. Málin á hendur fósturfeðgunum verða þingfest í Héraðsdómi Norðurlands eystra í dag. - sh

Egill vann meiðyrðamál:

# Þarf að greiða Agli bætur

**DÓMSMÁL** Ingibjörg Lilja Hafliðadóttir var dæmd til þess að greiða Agli „Gillz“ Einarssyni 100 þúsund krónur í miskabætur fyrir ummæli sem hún lét falla á Facebook-síðu í nóvember á síðasta ári þar sem forsíða Monitor var til umræðu.



**EGILL EINARSSON**

Ummælin voru: „mögulega stelpunar sem gillz nauðgaði, biðjast afsökunar að dreifa blaði þar sem nauðgari þinn er að segja að þú sért að ljúga út um allan skólann þinn.“

Ingibjörgu er einnig gert að greiða 800 þúsund í málskostnað og 30 þúsund króna sekt í ríkissjóð. - vg

Nýjar tölur frá Eurostat:

# Atvinnulausum í ESB fjölgar

**EVRÓPA** Atvinnuleysi mældist 10,9% í ríkjum Evrópusambandsins í ágúst síðastliðnum að því er fram kemur í nýjum tölum frá Eurostat. Það segir jafnframt að atvinnuleysi á evrusvæðinu hafi mælst 12%. Þetta er nokkur aukning frá ágústmánuði í fyrra þegar hlutföllin voru 10,6% í ESB og 11,5% á evrusvæðinu.

Minnst atvinnuleysi mældist í Austurríki (4,9%) og Þýskalandi (5,2%), en mest í Grikklandi (27,9% í júní) og Spáni (26,2%).

Ástandið er mun verra í hópi ungs fólks en alls eru 23,3% þegna ESB-ríkja undir 25 ára án atvinnu. - þj

Svaf hjá fjórtán ára stúlku:

# Dæmdur fyrir kynferðisbrot

**DÓMSMÁL** Tvítugur karlmaður var dæmdur í eins árs skilorðsbundið fangelsi í Héraðsdómi Austurlands í gær fyrir kynferðisbrot gegn fjórtán ára stúlku. Sjálfur var maðurinn nítján ára gamall þegar brotið var framið, en lögum samkvæmt er fortakslaust bann lagt við samræði við einstaklinga yngri en fimmtán ára.

Fram kemur í niðurstöðu dómsins að í ljósi þess að aldur þeirra og þroskastig er svipað þótti ástæða til þess að skilorðsbinda dóminn. Manninum var gert að greiða stúlkunni 250 þúsund krónur í miskabætur. - vg



**RÁÐHÚS REYKJAVÍKUR** Borgarstjórn samþykkti í gær að úthluta lóð til múslíma. FRÉTTABLAÐIÐ/HARALDUR

Fengu lóð eftir 13 ára bið:

# Múslímar fá úthlutað lóð

**STJÓRNMÁL** Borgarstjórn samþykkti í gær að úthluta Félagi múslíma á Íslandi lóð undir bænahús í Sogamýri en það hefur tekið félagið þrettán ár að fá lóð.

Á fundinum bókuðu borgarfulltrúar Besta flokksins, Vinstri grænna og Samfylkingarinnar að skorað væri á Alþingi að endurskoða lög um kristnisjóð. Fram kom í bókuninni að það væri tímaskekkja að úthluta verðmætum byggingarlöndum til trúarhópa án endurgjalds. - vg

# Ráðherra hafnar hagsmunaárekstri

**Stjórnarformaður Íbúðalánasjóðs situr einnig í sérfræðingahópi um höfuðstólslækkun verðtryggðra húsnæðislána. Formaður velferðarnefndar Alþingis segir málið hljóta að leiða til hagsmunaárekstra. Félagsmálaráðherra er ósammála.**

**STJÓRNSÝSLA** Nýr stjórnarformaður Íbúðalánasjóðs, Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir, situr einnig í sérfræðingahópi forsætisráðuneytisins sem á að vinna að leiðum til að lækka höfuðstól verðtryggðra húsnæðislána. Vinna hópsins á að öllum líkindum eftir að hafa áhrif á framtíðarrekstur Íbúðalánasjóðs, stærsta lánveitanda húsnæðislána á landinu.

Spurð hvort þessi tvö verkefni geti farið saman segir Ingibjörg Ólöf að starf hennar í sérfræðingahópnum eigi ekki að hafa áhrif á starf hennar sem stjórnarformaður Íbúðalánasjóðs og öfugt.



**SIGRÍÐUR I. INGADÓTTIR**

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, alþingismaður og formaður velferðarnefndar Alþingis, er ósammála þessu og segir málið hljóta að leiða til hagsmunaárekstra.

„Þetta er óheppilegt því stjórnarformaður Íbúðalánasjóðs á að gæta hagsmuna sjóðsins en hlutverk sérfræðingahópsins er að leita leiða til að skrifa niður lán, þar á meðal lán Íbúðalánasjóðs. Sú spurning hlýtur því að vakna hvort viðkomandi aðili sé í nefnd ráðherra að vinna að hagsmunum skuldugra heimila eða sjóðsins,“ segir Sigríður.

Ingibjörg Ólöf segir að hún hafi ekki íhugað að segja sig frá öðru hvoru verkefninu.

„Við verðum að átta okkur á því að landið er lítið og það eru miklir hagsmunaárekstrar úti um allt en þrátt fyrir það verðum við í sérfræðingahópnum að gæta að almennum innherja- og hæfisreglum. Skuldalækkunin varðar allar fjármálastofnanir í landinu og það hafa fleiri en Íbúðalánasjóður veitt húsnæðislán,“ segir Ingibjörg. Hún bætir því við að ef hæfisreglur vegna sérfræðingahópsins eigi að vera túlkaðar á þann veg að stjórnarformaður Íbúðalánasjóðs geti ekki setið í hópnum geti enginn sem tengist fjármálageiranum setið í honum.



**EYGLÓ ÞÓRA HARÐARDÓTTIR**

Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, sem skipaði stjórn Íbúðalánasjóðs í síðustu viku, sagði í skriflegu svari til Fréttablaðsins að hún teldi skipan Ingibjargar til stjórnarformanns ekki fela í sér hagsmunaárekstur vegna starfa hennar í sérfræðingahópnum. Ráðherra sagði að hún: „treysti Ingibjörgu fullkomlega til að sinna störfum sínum af trúfestu og heilindum.“

haraldur@frettabladid.is




**BEGGJA MEGIN BORÐS** Eygló Harðardóttir félagsmálaráðherra skipaði stjórn Íbúðalánasjóðs í síðustu viku. Stjórnarformaðurinn, Ingibjörg Ólöf, hefur setið í sérfræðingahópi sem á að vinna að lækkun á höfuðstóli verðtryggðra húsnæðislána frá því um miðjan ágúst. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

HAFBERG
fiskbúð sælkerans
GLÆNÝ LÚÐA 2.990 kr/kg
LAXAFLÖK AÐEINS 1.990 kr/kg
20% afsláttur af humri
HEITUR MATUR Í HÁDEGINU
OPIÐ MÁNUD. - FÖSTUD. KL. 9 - 18.15
Gnoðarvogi 44 • Sími 588 8686

## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**NORÐANÁTT** Bætir heldur í norðanáttina á norðvestanverðu landinu með kólnandi veðri. Léttir smám saman til um sunnan og vestanvert landið en fyrir norðan má gera ráð fyrir rigningu, slyddu eða snjókomu næstu daga.




**Á morgun**
3-10 m/s, stífastur NV-til.




**Föstudagur**
8-13 NV-til, annars hægari.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 28° | Billund | 13° | Gautaborg | 13° | London | 16° | Orlando | 30° | San Francisco | 19° |
| Basel | 21° | Frankfurt | 15° | Kaupmannahöfn | 13° | Mallorca | 28° | Ósló | 12° | Stokkhólmur | 11° |
| Berlín | 11° | Friedrichshafen | 18° | Las Palmas | 28° | New York | 28° | París | 22° | | |

**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sigurður Helgi Grímsson sigurdurhg@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is
**FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

# Láttu hjartað ráða




**10 KRÓNUR** AF HVERRI SELDRI HIMNESKT VÖRU Í OKTÓBER RENNA TIL LJÓSSINS

LJÓSIÐ

„Ítalska ólífuolían mín er heilnæm og gerir líkamanum einstaklega gott, jafnt útvortis sem innvortis.“

Solla

BÓNUS HAGKAUP

HIMNESKT

FJÁRLAGAFRUMVARP 2014

## TÖLUR ÚR FJÁRLAGAFRUMVARPINU

**Framhaldsskólar** 20 milljarðar ▼ 1,1 milljarður

**Skólagjöld** í háskóla: 75 þúsund 25% ▲

▲▲▲▲ Tóbak og áfengi **hækkar**

**Hætt við stækkun FSU**

**Legugjald** á Landspítala **1.200 krónur** sólarhringurinn

**Lögreglan** 500 milljónir ▲

**Landamæragæsla** á Keflavíkurflugvelli 30 milljónir

35 milljónir í **baráttu gegn skipulagðri** glæpastarfsemi

Úrræði fyrir þolendur **kynferðisofbeldis** aðallega börn 30 milljónir

**Hætt við** 600 milljóna króna tímabundið framlag til **tækjakaupa á Landspítalanum**

**Listir** ▼ 346 milljónir

**Skattur á þrotabú** gömlu **bankanna** ▲ 11,3 milljarðar

100 milljónir til hönnunar á nýju **sjúkrahóteli**

9 **heilbrigðisstofnanir** á landsbyggðinni **sameinaðar í þrjár**

**Kvikmyndamiðstöð Íslands** 735 milljónir 335 ▼ milljónir

# Landspítali fær enga innspýtingu

Fé til rekstrar Landspítalans er óbreytt á milli ára að kalla. Í því felst raunlækkun á framlögum til spítalans því 600 milljóna tækjakaupafé spítalans er fellt niður. Níu heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni verða sameinaðar í þrjár. Nýr Landspítali fær lágmarksfjárveitingu.

**Svavar Hávarðsson**
svavar@frettabladid.is



**HEILBRIGÐISMÁL** Nýr forstjóri Landspítalans hefur sama rekstrarfé handa á milli og forveri hans sem sagði upp á dögunum. Fé til tækjakaupa er skorið niður um 600 milljónir og því um raunlækkun framlaga til spítalans að ræða.

Fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs vegna rekstrar Landspítalans nemi 38,5 milljörðum króna. Páll Matthíasson, forstjóri spítalans, segir að sér sé brugðið og þótt hann hafi ekki búist við þeim 12-13 milljörðum króna sem sumir stjórnarþingmenn hafi rætt um fyrir og eftir kosningar hafi verið ljóst að andinn var sá að bæta í.

Páll telur að í raun sé um 2,5 til 3,5 prósenta hagræðingarkröfu að ræða. Núverandi fjárveitingar, fyrir árið 2014, séu ekki í neinu samræmi við raunrekstrarkostnað spítalans að teknu tilliti til sívaxandi eftirspurnar og annarra þátta í rekstrarumhverfinu.

Eins og frumvarpið birtist nú sé því niðurskurðarkrafan miðað við núverandi rekstur um 2,5% eða 1.200 milljarðar króna. Spítalinn þurfi auk þess að mæta því að fé til tækjakaupa hefur verið skorið niður. Tæki þurfi einfaldlega að kaupa fyrir rekstrarfé. Það auki niðurskurðarkröfuna í 3%. Þessu til viðbótar er spítalanum gert að mæta 200 milljóna króna hagræðingarkröfu með innheimtu legugjalds sem gæti fært niðurskurðarkröfuna í 3,5%.

### Sameining

Í frumvarpinu er gerð grein fyrir ákvörðun Kristjáns Þórs Júlíussonar heilbrigðisráðherra um að heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni verði sameinaðar. Þetta á við um Norðurland, Suðurland og Vestfirði. Eftir sameiningu stofnana verður ein stofnun í hverju þessara heilbrigðisumdæma. Á Suðurlandi eru þrjár stofnanir, á Selfossi, Vestmannaeyjum og á Höfn í Hornafirði. Á Norðurlandi renna saman heilbrigðisstofnanirnar á Blönduósi, Sauðárkróki, í Fjallabyggð og Heilbrigðisstofnun Þingeyinga á Húsavík. Þá renna Heilbrigðisstofnun Vestfjarða og Patreksfjarðar saman.




**LANDSPÍTALINN** Nái hugmyndir stjórnvalda fram að ganga mun sérstakt legugjald verða rukkað. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þessi ákvörðun var hins vegar tekin með mjög stuttum fyrirvara eins og glögglega kemur í ljós við lestur frumvarpsins, en ekki náðist að taka tillit til þessara breytinga í texta frumvarpsins með útlistun á sameinuðum fjárlagaliðum hverrar stofnunar fyrir sig. Hins vegar verður sú framsetning löguð með breytingartillögum við aðra umræðu frumvarpsins á Alþingi.

Í bréfi ráðherra til sveitarfélaganna segir að meginávinningur sameiningar sé talinn verða styrkari stjórn og aukið sjálfstæði stofnana, hagkvæmni og betri, öruggari og sveigjanlegri þjónusta við íbúana, ekki síst í jaðarbyggðum. Gert er ráð fyrir að með ráðstöfunum er tengjast sameiningu stofnana verði dregið úr útgjöldum í rekstri um 161 milljón króna, en við þessar breytingar fækkar ríkisforstjórum heilbrigðisstofnana um sex, er sérstaklega tekið fram í frumvarpinu.

Magnús Skúlason, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurlands, segir að hann hafi séð bréf þessa efnis frá ráðherra fyrst um helgina. Hann þurfi því frekari upplýsingar til að sjá hvaða hugsun liggur sameiningunni til grundvallar. „Það eru nokkur ár síðan þetta kom fyrst upp.

Þetta kemur örugglega misjafnlega út eftir landshlutum, ég reikna með því, en landafræðin er þannig að samgöngur eru ekki alveg nógu góðar, til dæmis á milli Eyja og lands. Svo er Höfn langt frá þessu svæði hér, svo landfræðilega gæti þetta verið erfitt,“ segir Magnús en minnir á að gott samstarf sé til staðar á svæðinu. „Ég hef enga sérstaka skoðun á þessu. Það getur verið að ráðuneytið sjái eitthvað í þessu hvað varðar faglega þjónustu. Ég sé hins vegar engan stórkostlegan fjárhagslegan ávinning með þessu.“

### Lágmarksframlag

Hundrað milljónum króna er varið til fyrirhugaðrar endurnýjunar bygginga Landspítalans við Hringbraut – nýs Landspítala. Um algjört lágmarksframlag til verkefnisins er að ræða, en féð rennur til hönnunar á sjúkrahóteli sem staðsett verður á lóð spítalans. Um minnsta verkhluta nýs Landspítala er að ræða.

Gert er ráð fyrir að byggingarframkvæmdir hefjist um leið og hönnun er lokið og er áætlaður kostnaður við bygginguna 1,6 milljarðar króna á verðlagi ársins 2012. Gert er ráð fyrir að sá kostnaður dreifist á þrjú ár, þar af 700 milljónir árið 2016 og 676 milljónir króna árið 2017.

„Með þessari tillögu er lagt til að stíga fyrsta skrefið í átt að nauðsynlegri endurnýjun bygginga við Hringbraut á komandi árum þótt fara þurfi hægar í það verkefni en áætlanir gera ráð fyrir,“ segir í frumvarpinu. svavar@frettabladid.is

Hagnýtt bókhaldsnám

Kennt er undirbúa bókhald fyrir færslu í tölvu, farið yfir lög, rétt og venjur í bókhaldi og fært heilt ár af fylgiskjölum í tölvubókhaldi og gengið frá því til endurskoðanda. Dæmin endurspegla venjulegt fyrirtæki og flestar tegundir af færslum sem koma upp í bókhaldi. Kennt er virðisaukauppgjör og fleiri atriði tengd bókhaldi og rekstri. Fyrsti áfangi í undirbúningi að því að taka próf til að öðlast réttindin sem viðurkenndur bókari.

Námskeið hefst 7. október, kennt mán, mið og fös, kl. 9:00-12:00, alls 7 vikur • Verð 119.000,-
(Öll námsögn innifalin svo og aðgangur að tölvubókhaldi utan kennslustunda)

Hagnýt verkefnastjórnun

Kennt er að skipuleggja, áætla, framkvæma og ljúka verkefni með PRINCE2 aðferðarfræðinni. Gerðar eru verkáætlanir með Microsoft Project sem ná til þess að áætla verkþætti, tíma, mannafla og kostnað, halda utan um verkið og fylgjast með breytingum. Gert er verkefnistré með aðstoð hugarkorta (mindmap) og önnur forrit notuð til að auðvelda verkefnastjórnunina. Undirbúningur fyrir PRINCE2 og IMPA D vottun.

Námskeið hefst 8. október kennt þri og fim, 9:00-12:00, alls 6 vikur • verð 95.000,-
(Öll námsögn innifalin svo og aðgangur að kennara utan kennslustunda)

Visual C# og og nútíma veflausnir

Visual Studio C# er kjarnaforritunarmál sem er notað við forritun víðast hvar. Við kennum frá grunni að forrita í C# og .NET umhverfi Microsoft og einnig að búa til veflausnir, fyrir þá kröfuhörðu, með aðstoð C#, JQuery, javascript, HTML5 og gagnagrunna. Námskeiðið er góður undirbúningur fyrir frekara nám t.d við háskóla, starf við forritun eða töku Microsoft sérfræðiprófs til viðurkenningar á þekkingu í forritun. Mörg verkefni leyst.

Námskeið hefst 8. október kennt þri og fim, kl. 18:00 til 21:00, alls 10 vikur • verð 189.000,-
(Kennslubækur á ensku innifaldar svo og aðgangur að kennara utan kennslustunda.)

Þetta er aðeins brot af þeim vönduðu tölvunámskeiðum sem við bjóðum
Skoðaðu www.tv.is eða hringdu í 520 9000 og fáðu námsráðgjöf

- Flest stéttarfélög styðja félagsmenn sína til náms hjá okkur
- 30 daga ókeypis símaþjónusta eftir námskeið
- Þú getur bætt þér upp veikindi og forföll innan árs
- Hagstæð greiðslukjör

Finndu okkur á: facebook

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN

Grensásvegi 16 | 108 Reykjavík | Sími: 520 9000 | tv@tv.is www.tv.is

Forstjóri Landspítalans reiknar með að framlög til LSH verði leiðrétt:

# Einhvers konar misskilningur

„Ég geri ráð fyrir að þetta sé einhvers konar misskilningur sem verði leiðréttur,“ segir Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans. „Við gerum ráð fyrir því að stjórnvöld muni standa við orð sín frá því fyrir og eftir kosningar og veita raunverulega viðspyrnu en ekki bara hlý orð. Það lá fyrir að það ætti að styrkja þessa grunnstoð íslensks heilbrigðiskerfis sem spítalinn er en það verða tóm orð ef við fáum ekki viðbótarfjármagn,“ segir Páll.

Hann segir rekstrarhalla spítalans á þessu ári nú þegar stefna í tæpan milljarð sem ekki verði bættur. Sá halli er til kominn vegna mjög aukinnar eftirspurnar, m.a. vegna öldrunar þjóðarinnar og jafnlaunaátaksins sem ekki fékkst að fullu bætt.



**PÁLL MATTHÍASSON**

„Þetta eru vissulega vonbrigði en við gerum ráð fyrir að stjórnvöld standi við orð um að styrkja rekstur spítalans sem og tæki og aðstöðu á þeim vikum sem í hönd fara,“ segir Páll.

Páll tók við starfi forstjóra Landspítalans í gær. Þótt fjárlagafrumvarpið hafi komið honum á óvart segist hann ekki ætla að segja sig frá verkefninu.

„Það er erfitt að taka við svona verkefni í svona ástandi en einhver verður að halda því áfram. Nú er verkefnið að styrkja þjónustu spítalans, bæta líðan starfsfólks og auka starfsánægju. Það verður best gert með því að bæta aðbúnað og tækjakost,“ segir forstjórinn. „Það er langur tími að annarri umræðu um fjárlagafrumvarpið og ég held að það sé mikilvægt fyrir starfsfólk að það sinni sínu góða starfi, skýri sitt mál og berjist fyrir hagsmunum sjúklinga.“ - kh

NOKIA

# NOKIA LUMIA 1020
# 41 MEGAPIXLAR
# CARL ZEISS LINSA

LANGBESTA MYNDAVÉLIN
Í SNJALLSÍMUM




Sala hefst 10. október
kl. **1020**

Forsala hafin

Windows Phone

PIPAR\TBWA · SÍA · 132601

FJÁRLAGAFRUMVARP 2014




**GESTASTOFA** Kirkjubæjarstofa átti að vera umgjörð um fyrirhugaða Gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs á vestursvæði þjóðgarðsins.

Hætt við Þekkingarsetur:

## Þungur skellur

„Þetta er þungur skellur fyrir samfélagið hér, vægt til orða tekið,“ segir Ólafía Jakobsdóttir, forstöðumaður Kirkjubæjarstofu, en samkvæmt fjárlögum næsta árs sem voru kynnt á Alþingi í gær verður hætt við byggingu Þekkingarseturs á Kirkjubæjarklaustri. Við það minnka framlög til Vatnajökulsþjóðgarðs úr 732 milljónum í 352 milljónir.

„Þekkingarsetrið átti að innihalda starfsemi sem er mjög mikilvæg hér í Skaftárhreppi,“ segir Ólafía. „Þetta er eitt af þeim sveitarfélögum sem standa illa og hér hefur verið mikil fólksfækkun.“ Það kom Ólafíu í opna skjöldu að verkefnið skyldi slegið út af borðinu. „Það hafði aukið bjartsýni hjá íbúum.“

- nej

# Hvað þýðir fjárlagafrumvarpið fyrir þig?

**Fréttablaðið rýndi í hvað ákvæði fjárlagafrumvarpsins þýða fyrir afkomu einstaklinga og fjölskyldna. Skattalækkanir og hækkun bóta eykur ráðstöfunartekjur, en á móti hækka ýmis gjöld og millifærslum og niðurgreiðslum er hætt, sem þýðir að fólk hefur úr minna fé að spila.**



### LÆGRI SKATTAR, HÆRRI RÁÐSTÖFUNARTEKJUR

**Tekjuskattur**
Skatthlutfall í miðþrepi tekjuskatts verður lækkað um 0,8 prósentustig, úr 25,8% í 25%. Þrepin eru þrjú og greiða um 80% launþega skatt í miðþrepinu.

**Fæðingarorlof**
Hámarksgreiðsla foreldra verður hækkuð úr 350 þúsund krónum í 370 þúsund krónur fyrir börn fædd frá og með 1. janúar næstkomandi.

**Bleyjur**
Virðisaukaskattur á einnota bleyjur lækkar úr 25,5,% í 7%. Verð á bleyjum ætti að lækka um 14 til 15%.

**Elli- og örorkulífeyrir**
Dregið verður úr skerðingum bóta sem þýðir aukin útgjöld til elli- og örorkulífeyrisþega.

**Vaxtabætur**
Sérstök ákvæði um útreikning vaxtabóta, sem nýtast einkum tekjulágum, falla ekki úr gildi um áramót heldur verða framlengd.

**Allir vinna**
Átakið Allir vinna verður framlengt, en ella hefðu um áramót fallið niður endurgreiðslur á virðisaukaskatti vegna vinnu við húsnæði.

**Frítekjumark barna**
Frítekjumark barna í tekjuskatti verður hækkað úr tæplega 105 þúsund krónum í 180 þúsund krónur.

**Stimpilgjöld**
Endurskoða á stimpilgjaldakerfið og afnema gjald af lánsskjölum.

**Frítekjumark fjármagnstekjuskatts**
Frítekjumark fjármagnstekjuskatts vegna vaxtatekna einstaklinga hækkar um 25% úr 100.000 kr. í 125.000 kr.

### HÆRRI GJÖLD, LÆGRI RÁÐSTÖFUNARTEKJUR

**Skráningargjöld í háskólum**
Skráningargjöld í ríkisreknum háskólum hækka um 25 prósent á næsta ári, fara úr 60 þúsund krónum í 75 þúsund krónur. Í frumvarpinu segir að breytingin sé í samræmi við greiningu opinberu háskólanna á kostnaði.

**Bifreiðagjöld**
Í næstu viku verður lögð fram lagabreyting um hækkun á bifreiðagjaldi til jafns við almennar verðlagshækkanir.

**Vaxta- og barnabætur**
Vaxta- og barnabætur hækka ekki í samræmi við verðlag, og verða því óbreyttar í krónum talið á milli ára en við það verður lækkunin á barnabótum 169 milljónir og vaxtabótum 165 milljónir.

**Legugjöld á spítölum**
Gert er ráð fyrir að sjúkrahús innheimti sérstakt gjald af sjúklingum sem leggjast þar inn. Í frumvarpinu er lagt til að gjaldið verði 1.200 krónur fyrir hvern legudag.

**Tóbak og áfengi**
Tóbaksgjald og gjald á áfengi verður hækkað samkvæmt lagabreytingu sem verður lögð fyrir Alþingi í næstu viku. Ekki kemur fram í frumvarpinu hversu mikil hækkunin verður.

**Komugjald í heilsugæslu**
Komugjald á heilsugæslustöðvum verður hækkað úr 1.000 krónum í 1.200. Áfram verður frítt fyrir börn og unglinga.

**Fæðingarorlof**
Ekkert verður af lengingu fæðingarorlofsins úr níu mánuðum í tólf í áföngum.

**Niðurgreiðsla húshitunarkostnaðar**
Niðurgreiðslur á húshitun lækka um rúmlega 100 milljónir, úr 1,4 milljörðum í 1,3.






**VERKI ÓLOKIÐ** Framkvæmdum verður hætt og eftir stendur ókláraður grunnur sem sprengt var fyrir í sumar. MYND/DANÍEL

Stærðarinnar hola í jörðinni og gríðarleg vonbrigði fyrir HÍ:

## Hissa á að hætt sé við fræðahús

**Ástráður Eysteinsson, forseti Hugvísindasviðs Háskóla Íslands, bjóst ekki við því að Hús íslenskra fræða yrði slegið út af borðinu en í fjárlagafrumvarpi næsta árs er lagt til að framkvæmdum verði hætt.**

**„Þetta eru gríðarleg vonbrigði fyrir okkur,“ segir Ástráður. Framkvæmdir hófust á árinu og er nú stærðarinnar hola í jörðinni fyrir framan Þjóðarbókhlöðuna. „Hún þarf þá líklega að vera svona. Eða ég veit ekki hvað á að gera.“**

- nej

RÚV fær 3,5 milljarða:

## Hærra framlag en afkoma rýrð

Heildarframlag ríkisins til RÚV verður rúmlega 3,5 milljarðar króna samkvæmt fjárlagafrumvarpi næsta árs. Þetta er 319 milljóna króna hækkun á fjárveitingum.

Páll Magnússon útvarpsstjóri sagði þó, í bréfi sem hann sendi starfsmönnum sínum í kjölfar fréttanna, að í raun væri verið að rýra afkomu RÚV á næsta ári um rúmlega 260 milljónir króna. „Þær greinar nýrra laga um RÚV sem skerða auglýsingatekjur og auka rekstrarkostnað eru látnar halda sér en tekjuauki sem átti að koma þar á móti ekki látinn taka gildi nema að litlu leyti,“ segir í bréfinu en umrædd lög tóku gildi í vor.

- nej

Minni framlög til kvikmynda:

## Erfitt að halda fagmennskunni

Fallið er frá áformum um 470 milljón króna framlag í Kvikmyndasjóð sem veitt var á fjárlögum ársins 2013 auk 15 milljón króna lækkunar á framlögum til sjóðsins til að mæta markmiðum um aðhald í útgjaldaramma ráðuneytisins. Kvikmyndasjóður fær því 735 milljón krónur samkvæmt fjárlagafrumvarpinu en á fjárlögum þessa árs var gert ráð fyrir 1,1 milljarði. „Þetta verður mjög erfitt fyrir kvikmyndagreinina, það er alveg ljóst,“ segir Laufey Guðjónsdóttir, forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar Íslands. Hún óttast það að hæfileikafólk flytji annað. „Það verður erfitt að halda fagmennskunni þegar tækin og tólin vantar.“

-nej

KALORÍULAUST

Sykurlaust

Fitulaust

Walden Farms®

# KALORÍULAUSAR SÓSUR!

## EKKERT SAMVISKUBIT!




FRÁBÆRT FYRIR LKL LÁGKOLVETNALÍFSSTÍLINN

- ENGIN KOLVETNI
- ENGIN FITA
- EKKERT GLÚTEIN!
- FRÁBÆRT BRAGÐ!

**WALDEN FARMS** SÓSUR OG SULTUR ER NÝJUNG Á ÍSLANDI OG ERU FYRSTU SÓSURNAR SEM ERU ALGJÖRLEGA KOLVETNALAUSAR, FITULAUSAR OG GLÚTEINFRÍAR. ÞÆR HENTA SÉRSTAKLEGA VEL ÚT Á SALATIÐ, ÍSINN, SKYRIÐ, Á KJÖTIÐ, Í PRÓTEINDRYKKINN, BAKSTURINN, PASTARÉTTINN EÐA BARA HVERT SEM ÝMYNDUNARAFLIÐ LEIÐIR ÞIG!
SVO SKEMMIR EKKI FYRIR AÐ ÞEIR SEM HAFA SKIPT YFIR Í **WALDEN FARMS** SÓSURNAR HAFA VERIÐ AÐ GRENNAST UM ALLT AÐ 17 KÍLÓ Á EINU ÁRI ÁN ÞESS AÐ BREYTA NEINU ÖÐRU!

KARAMELLUSÓSA

Við mælum með karamellusósunni á ísinn, skyrið, kökuna og baksturinn. Frábært líka út í mjólk eða í prótein-booztið.

Passar vel með súkkulaði- og pönnukökusýrópinu.

AÐRAR VINSÆLAR SÓSUR




**100%** NÁTTÚRULEG BRAGÐEFNI

SÖLUSTAÐIR:

netto – Ódýrt fyrir heimilið!
FK FJARÐARKAUP
FITNESS SPORT – FAXAFEN 8 · SÍMI 544-5555
Iceland




FJÁRLAGAFRUMVARP 2014

Framkvæmdastjóri SA segir ekki von á jafnmiklum hagvexti og spáð sé:

# Segir forsendurnar út úr korti



**ÞORSTEINN VÍGLUNDSSON**

„Það er ljóst að væntingar um 2,7 prósenta hagvöxt á næsta ári eru bjartsýni nema mikil breyting verði á stuttum tíma. Að óbreyttu eru horfur á talsvert minni hagvexti á næsta ári,“ segir Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins. Hann segir að það megi velta fyrir sér forsendum fjárlagafrumvarpsins þegar komi að launabreytingum og verðlagsþróun á næsta ári.

„Við teljum forsendurnar út úr korti,“ segir hann. Það sé gert ráð fyrir 5,5 prósenta launabreytingum yfir árið. Gengið sé út frá því að verðbólga verði um þrjú prósent, sem myndi leiða til 2,6 prósenta kaupmáttaraukningar við skilyrði í hagkerfinu þar sem verðmætaaukning sé lítil, skuldsetning atvinnulífsins há og fjárfesting í lágmarki.

Í fjárlagafrumvarpinu sé gert ráð fyrir svipaðri þróun launa og verðbólgu fyrir árin 2015 til 2017, það er að laun hækki um fimm til sex prósent á ári en verðbólga um 2,5 prósent. Slíkar launabreytingar hafa undantekningarlaust leitt til mun meiri verðbólgu en þetta, segir Þorsteinn.

Hann segir að SA lítist illa á tryggingagjaldið. Það sé verið að hækka almenna tryggingagjaldið á móti lækkun á atvinnuleysistryggingargjaldinu. Að viðbættum þeim ráðstöfunum sem fyrri ríkisstjórn hafi gripið til sé búið að hækka það um 1,5 prósent á stuttum tíma. „Við teljum þetta ekki hentuga skattlagningu og varhugavert að hækka skatta á laun í atvinnulífinu. Aukin skattlagning á laun dregur úr atvinnusköpun,“ segir Þorsteinn.

- jme

# Markmiðið er að verja tekjulága og barnafólk

Skattabreytingar skila ríkissjóði sjö milljörðum króna. Breytingar á útgjöldum eiga að skila 23 milljörðum. Fjármálaráðherra segir að ákveðið hafi verið að verja tekjulága og barnafjölskyldur með óbreyttu barna- og vaxtabótakerfi.

„Hin raunverulega viðspyrna er að stöðva skuldaaukningu ríkissjóðs og koma fjármálum ríkisins í jafnvægi,“ segir Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra. Fjárlög næsta árs eiga að verða hallalaus í fyrsta skipti í sex ár. Ríkið ætlar meðal annars að afla sér aukinna tekna með bankaskatti, sem nú á að leggja í fyrsta skipti á þrotabú föllnu bankanna.

Bjarni segir að skatturinn eigi að skila um 14 milljörðum króna. „Á móti kemur að aðrir skattar verða lækkaðir, svo sem tryggingagjald og miðþrep tekjuskatts einstaklinga, frítekjumark verður lækkað og fleira. En heildaráhrifin af þessum skattabreytingum verða að tekjur ríkissjóðs munu vaxa um sjö milljarða,“ segir ráðherrann.

Hann segir að ýmislegt fleira komi til með að bæta stöðu ríkissjóðs. Spáð sé hagvexti í landinu á næsta ári, kaupmáttaraukningu, minna atvinnuleysi og fjölgun starfa í kjölfar lækkunar skatta á atvinnulífið. Þetta komi til með að hafa góð áhrif á stöðu ríkissjóðs.

Þá verði farið í margvíslegar aðgerðir á útgjaldahlið fjárlagafrumvarpsins sem komi til með að lækka útgjöld ríkissjóðs um 23 milljarða króna. Sem dæmi megi taka að hætt verði við ýmis verkefni sem ríkið ætlaði í og dregið verði úr vaxtabyrði ríkissjóðs með endurskoðun á skilmálum skuldabréfs sem gefið var út í kjölfar hruns viðskiptabankanna til að styrkja eiginfjárstöðu Seðlabankans og var 170 milljarðar króna um áramótin. Vaxtagreiðslur ríkissjóðs afþví verða lækkaðar um tæpa ellefu milljarða króna.

Bjarni segir að ríkisstjórnin komi til móts við barnafjölskyldur og tekjulága. Hækkun vaxtabóta til tekjulágra verði framlengd en gildandi lög geri ráð fyrir að hækkunin falli niður um áramót. Nýleg hækkun barnabóta verði varin í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um að styðja við barnafjölskyldur. Það hafi verið ákveðið að bæta í bótakerfi öryrkja og aldraðra.

johanna@frettabladid.is



**HALLALAUS FJÁRLÖG** Spáð er auknum hagvexti, minna atvinnuleysi og kaupmáttaraukningu á næsta ári sem kemur til með að hafa góð áhrif á ríkissjóð, segir Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Hin raunverulega viðspyrna er að stöðva skuldaaukningu ríkissjóðs og koma fjármálum ríkisins í jafnvægi**
> *Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra*

## → Vantar upp á öflun tekna til framtíðar



„Það vantar mikið upp á sjálfbæra tekjuöflun til framtíðar. Þessi fjárlög eru ákveðinn millileikur, lítið um uppstokkun sem við þurfum á að halda,“ segir Guðmundur Steingrímsson, formaður Bjartrar framtíðar. „Það vantar enn þá svörin við stóru spurningunum, sérstaklega varðandi framtíðartekjuöflun. Ég er sannfærður um að sóknarfærin séu einmitt í skapandi greinum, nýsköpun og rannsóknum. Það er afar umdeilanleg stefnumótandi ákvörðun að efla ekki slíkar greinar.“

## → Legugjöld á LSH grundvallaratriðið



„Hér er ekkert sýnt á spilin í skuldamálum heimilanna,“ segir Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna. „Við sjáum það að þessi niðurskurður í mennta- og heilbrigðismálum snertir öll heimili í landinu. Grundvallaratriðið í þessum fjárlögum er upptaka legugjalda á Landspítala og á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Það er auðvitað stórmál að nú sé verið að innleiða sjúklingagjöld í heilbrigðiskerfinu.“

## → Ríkisstjórnin efnir engin loforð



„Þetta þýðir að það sem við vonuðumst til að sjá eins og fjölbreytni í atvinnulífinu mun ekki eiga sér stað. Síðan er skorið niður hjá velferðarstofnunum og legugjald innleitt. Þannig að fárveikt fólk mun þurfa að borga fyrir að liggja á Landspítalanum,“ segir Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar. „Ríkisstjórnin er ekki að efna neitt af því sem hún lofaði í aðdraganda kosninga til lífeyrisþega eða í aukna fjárfestingu í heilbrigðiskerfinu.“




**#BLEIKASLAUFAN**

Fylgstu með Bleika uppboðinu.

Árvekniátak Krabbameinsfélags Íslands, Bleika slaufan, er hafið. Meðfram sölu á Bleiku slaufunni um land allt verður Bleikt uppboð á vefsíðunni bleikaslaufan.is.

**Hægt að bjóða í alls kyns skemmtilega og einstaka hluti næstu 10 daga.**

**Í dag getur þú eða fyrirtækið þitt boðið í kostun á sérstökum útvarpsþætti með Tvíhöfða, sem verður á dagskrá Rásar 2 þann 30. október.**

**Sendu inn boð og hjálpaðu okkur um leið að breiða út boðskapinn.**

Brandenburg · sagafilm · TM Software · MEDIALUX · HLJOD.IS · BYKO · mood · SAFFRAN



**VEIFAÐ TIL MÓTMÆLENDA** Tugir manna komu saman á Austurvelli klukkan eitt í gær til að mótmæla ríkisstjórninni. Lögreglan hafði girt af stórt svæði fyrir framan þinghúsið til að koma í veg fyrir að nokkuð færi úr böndunum. Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, setti þingið og sést hér veifa til mótmælendanna á leið sinni á milli Dómkirkjunnar og Alþingishússins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Sækja ellefu milljarða til þrotabúanna

Ríkisstjórnin ætlar að afla fjórtán milljarða í auknar tekjur með skattlagningu á banka og þrotabú þeirra. Forsvarsmenn þeirra segjast ekki hafa haft ráðrúm til að kynna sér forsendurnar að baki skattlagningunni.

„Þarna er um umtalsverða fjármuni að ræða,“ sagði Steinunn Guðbjartsdóttir, formaður slitastjórnar Glitnis, en samkvæmt fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar verða þrotabúa gömlu bankanna ekki undanþegin bankaskatti.

Bankaskattur á heildarskuldir lánafyrirtækja og fyrirtækja sem hafa heimild til að taka við innlánum hækkar úr 0,041% í 0,145%. Í frumvarpinu segir að kostnaðurinn sé til kominn til þess að mæta þeim mikla kostnaði sem hefur fallið á ríkissjóð vegna bankahrunsins.

Tekjuáhrif þessarar aðgerðar eru áætluð 14,2 milljarðar króna á næsta ári. Áætlað er að þar af komi um 11,3 milljarðar í tekjur af „lögaðilum í slitameðferð“, þ.e. þrotabúunum.

„Þetta er töluverð hækkun,“ segir Steinunn og bætir við að forsendur hækkunarinnar verði kannaðar á næstu dögum. Hún segist ekki geta tjáð sig efnislega um hækkunina í ljósi þess að hún var ekki búin að kynna sér frumvarpið nægilega vel.

„Þetta verður hugsanlega rætt á kröfuhafafundinum,“ sagði Páll Benediktsson, upplýsingafulltrúi slitastjórnar gamla Landsbankans. Slitastjórnin heldur kröfuhafafund á Hótel Reykjavík Natura í dag.

Hann tekur í sama streng og Steinunn og segir að málið verði skoðað á næstu dögum og að slitastjórn hafi ekki gefist ráðrúm til þess að kanna áhrif skattsins á þrotabúið. Líkt og Steinunn vissi hann ekki af fyrirhuguðum skatti fyrr en eftir að ríkisstjórnin kynnti frumvarpið í gær.



**Þarna er um umtalsverða fjármuni að ræða.**

*Steinunn Guðbjartsdóttir, formaður slitastjórnar Glitnis*

Fram kemur í fjárlagafrumvarpinu að sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki hafi verið markmið lagasetningarinnar, meðal annars með því að afla ríkinu tekna til að mæta þeim mikla kostnaði sem fallið hefur á ríkissjóð vegna hruns íslenska fjármálakerfisins. Fjármálafyrirtæki í slitameðferð hafa verið undanþegin greiðslu skattsins undanfarin ár en í frumvarpinu segir að ekki þyki ástæða til að viðhalda þeirri undanþágu.

Féð sem fæst með skattinum á þrotabúin, sem er rúmlega ellefu milljarðar, mun verða 85 prósent af nettóáhrifum af skattabreytingunum í fjárlagafrumvarpinu.

Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja, hafði ekki kynnt sér fjárlagafrumvarpið í gær og treysti sér ekki til að tjá sig um það.

valur@frettabladid.is

**FALLNIR BANKAR** Slitastjórnir þurfa að borga rúmlega ellefu milljarða í skatt.







ER EKKI KOMINN TÍMI Á NÝJAN **LYKIL?**

Það er ógleymanleg stund þegar þú færð lykilinn að þínum fyrsta bíl. Flest eignumst við fleiri en einn og fleiri en tvo bíla um ævina og tilfinningin breytist aldrei.

**Hafðu samband**
**— og við fjármögnum bílinn fyrir þig.**

LYKILL

Ármúli 13a | Sími 540 1700 | Lykill.is

# Magnaðir morgunverðarfundir

# Advania

## Fylgstu með því nýjasta í upplýsingatækni

Í haust býður Advania fjölbreytta fundardagskrá með spennandi fyrirlesurum í fremstu röð. Þessir fundir eru alla jafna haldnir á **föstudagsmorgnum kl. 8.30** í höfuðstöðvum Advania við **Guðrúnartún 10**.

Nú þegar höfum við stillt upp **5 spennandi fundum** fyrir áramót og opnað fyrir skráningu á þá alla á **advania.is/fundir.**

Við hefjum leikinn næstkomandi fimmtudag **3. október kl. 17.15** þegar við bjóðum til fundar um öryggismál snjalltækja fyrir lengra komna í samstarfi við Hacker Halted ráðstefnuna.

**Fylgstu með í vetur, fleiri skemmtilegir viðburðir eru í farvatninu.**

## Spennandi fundir á döfinni

**Hacker Halted**
3.10.2013 @ 17.15–18.00

Öryggissérfræðingurinn Wayne Burke frá Sequrit Csi fjallar ítarlega um öryggisógnir sem tengjast notkun spjaldtölva og farsíma. Wayne er einn af fjölmörgum erlendum sérfræðingum sem kennir og heldur erindi á Hacker Halted ráðstefnunni sem haldin verður í Hörpu 7. og 8. október nk.

**TOK 2014, hvað er framundan?**
18.10.2013 @ 08.30–10.00

Rætt verður um nýja útgáfu af hina vinsæla bókhaldskerfi TOK sem er í notkun hjá þúsundum íslenskra fyrirtækja. Einnig flytur Ingrid Kuhlman frá Þekkingarmiðlun áhugaverðan fyrirlestur um jákvæð og neikvæð samskipti.

**Helstu nýjungar í webMethods 9.5**
1.11.2013 @ 08.30–10.00

Rætt verður um það sem er nýtt í webMethods 9.5 svítunni og hvernig það kemur til með að nýtast núverandi notendum á Íslandi. Einnig verður farið yfir hvernig er staðið að uppfærslu úr eldri útgáfum og rekstri.

**Lausnir fyrir snjallsíma og spjaldtölvur**
29.11.2013 @ 08.30–10.00

Sagt verður frá lausnum fyrir snjalltæki (síma og spjaldtölvur). Hvernig eiga fyrirtæki að snúa sér í að taka slíkar lausnir í notkun? Í hvaða verkefni henta þessar lausnir? Hvað með öryggismál, vistun gagna, aðgangsmál? Hvað með tæknilega umsjón (Mobile Device Management)?

**NAV 2013 sérkerfi frá Advania**
13.12.2013 @ 08.30–10.00

Fjallað verður um íslensk sérkerfi sem hafa verið aðlöguð að nýjustu útgáfu af NAV viðskiptakerfinu. Einnig farið yfir hvernig staðið er að uppfærslum úr eldri útgáfum og rekstri kerfisins.



Kynntu þér spennandi dagskrá og skráðu þig á fundina.

**advania.is/fundir**

advania
Welcome to IT

# Afmælishátíð 5 ára




VEXTIR 0%*

## KAUPTU NÚNA

og dreifðu greiðslunni á 12 mánuði, vaxtalaust.*

MasterCard VISA

*Nú getur þú fengið 12 mánaða vaxtalausa greiðsludreifingu þegar verslað er með VISA eða MasterCard. Þegar verslað er fær kaupandi að sjá yfirlit yfir greiðsluáætlun sem sýnir áætlaðar mánaðarlegar greiðslur, þ.e. afborgun ásamt lántökukostnaði og færslugjaldi. Kaupandi þarf að undirrita áætlunina til að staðfesta útreikninginn.


living with style
ILVA
Lukkuhjól
Þeir sem versla
snúa hjólinu
Frí heimsending
um allt land
ef verslað er fyrir 45.000
eða meira og greitt í dag
ILVA
sendum um allt land
Afmæliskaka og
djús eða kaffi
í boði ILVA
Blöðrur fyrir
krakkana
**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30
shop online

# SKOÐUN

Alþingi á að afgreiða fjárlögin án halla:

# Róttæknina vantar

Talsvert afrek verður það að teljast ef Alþingi tekst að afgreiða fjárlög án halla í fyrsta sinn frá hruni. Að sama skapi er það metnaðarfullt hjá Bjarna Benediktssyni fjármálaráðherra að leggja fram hallalaust fjárlagafrumvarp.

Það skiptir gríðarlegu máli að ná jöfnuði í ríkisfjármálunum, hætta skuldasöfnuninni og fækka þeim milljarðatugum sem skattgreiðendur borga í vexti af skuldum ríkissjóðs. Bættur rekstur ríkissjóðs er sömuleiðis ein af forsendunum fyrir skárri hagstjórn og almennum efnahagsbata. Alþingi má ekki heykjast á þessu verkefni þótt það sé ekki auðvelt.



**Ólafur Þ. Stephensen**

olafur@frettabladid.is

Í fjárlagafrumvarpinu örlar á þeirri stefnubreytingu frá síðasta kjörtímabili að horfið er af braut sífelldra skattahækkana. Skattalækkanir handa fólki og fyrirtækjum eru í rétta átt, en ósköp smáar í sniðum. Og raunar enn haldið áfram að pína bíleigendur, reykingamenn og þá sem fá sér í glas.

Gagnrýnisraddir heyrast nú þegar vegna tekjuöflunaraðgerða eins og að hækka skráningargjöld í opinberum háskólum og að innheimta gistigjald af þeim sem leggjast inn á sjúkrahús. Það þarf ekki að vorkenna stúdentum í háskólum ríkisins að greiða hluta af kostnaðinum við nám sitt eins og fólk gerir í sjálfstætt reknum háskólum. Það hefði samt verið nær að kalla það sínu rétta nafni og taka upp lánshæf skólagjöld. Gistigjaldið á spítölunum er viðkvæmara mál, en sú mótsögn hefur þó lengi stungið í augu að sjúklingar á göngu- og dagdeildum þurfi að greiða fyrir þjónustuna, en ekki þeir sem leggjast inn á spítala.

Gagnrýni stjórnarandstöðunnar á að fallið hafi verið frá stórum útgjaldaliðum í svokallaðri fjárfestingaráætlun fyrri ríkisstjórnar er ómálefnaleg og ósanngjörn. Fjármögnun þeirrar áætlunar var ósköp einfaldlega ekki í hendi, eins og á var bent þegar hún var gefin út. Þar var verið að eyða peningum sem aldrei komu í ríkissjóð.

Hitt er svo annað mál að það er ástæða til að hafa áhyggjur af þeirri óbreyttu nálgun við aðhald í ríkisrekstrinum að klípa fáein prósent hér og þar af stofnunum sem eiga engu að síður að halda uppi svo gott sem óbreyttri þjónustu. Það er stefna sem hefur þegar haft afleitar afleiðingar; ástandið á Landspítalanum er líklega skýrasta dæmið.

Í fjárlagafrumvarpinu örlar þannig nánast ekkert á þeirri endurhugsun og uppstokkun sem er nauðsynleg ef menn ætla að ná tökum á ríkisrekstrinum til frambúðar. Að einhverju leyti má væntanlega skrifa það á þann skamma tíma sem ríkisstjórnin hafði til undirbúnings þessu fyrsta fjárlagafrumvarpi sínu. Við undirbúning næstu fjárlaga þarf að grípa til miklu róttækari aðgerða. Stytta bæði grunn- og framhaldsskóla til að eiga fyrir hærri launum handa kennurum. Leggja niður fámenna og óhagkvæma skóla til að geta eflt þá hagkvæmu. Hætta fjáraustri í landbúnaðinn til að eiga fyrir rannsóknum og fjárfestingum í nýsköpun. Draga saman óhagkvæman spítalarekstur úti um land til að geta eflt Landspítalann – og þar fram eftir götunum.

Ríkisstjórnin er rétt byrjuð að klóra í yfirborðið í glímu sinni við ríkisfjármálin. Í næstu lotu þarf að grafa miklu dýpra.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is*, Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Björn Valur og gullna letrið

Björn Valur Gíslason, varaformaður VG, er annálaður fyrir að láta ýmislegt flakka. Hann lét vaða á súðum á vef sínum í fyrrakvöld þar sem hann sagði: „Ríkisstjórn Vinstri grænna og Samfylkingar er án vafa besta ríkisstjórn lýðveldissögunnar. Saga hennar verður skráð með gullnu letri í sögubækur framtíðarinnar. Fótnóturnar rúma sögu hinna.“ Þetta er ansi djörf spá.

### Kattafárið og átakakúltúrinn

Björn Valur er auðvitað ekki hlutlaus í þessum málum en það er sannarlega margt sem stjórn Jóhönnu hafði í gegn. Undir hennar stjórn var sveigt fram hjá mörgum forarvilpum á meðan staðinn var vörður um stöðu hinna tekjulægstu á einhverjum erfiðustu tímum sem upp hafa komið hér á landi. Hins vegar voru stjórninni mislagðar hendur í mörgum málum, ekki síst vegna kergju og biturra deilna innan stjórnarliðsins þar sem villikettir og húskettir voru í aðalhlutverki. Sumir vildu í ESB, aðrir ekki. Sumir vildu semja um Icesave, aðrir ekki. Sumum fannst of skammt gengið í skuldamálum, öðrum ekki. Loks mistókst að breyta fiskveiðistjórnunarkerfinu og orkunýtingarmálum í sátt og í raun fóru öll meiriháttar mál í farveg meiriháttar átaka. Síðasta stjórn getur stært sig af ýmsu en óvíst er að bókagerðarmenn framtíðar muni grípa til gyllingarinnar þegar að henni kemur.





### Allt undir...

Ásmundur Einar Daðason og félagar hans í hagræðingarhóp ríkisstjórnarinnar voru með miklar yfirlýsingar um að „allt væri undir“ í niðurskurðarhugmyndum. Hvar birtist skurðarhnífurinn svo í fjárlagafrumvarpinu sem kynnt var í gær? Jú, í framlögum til hinna skapandi greina. Ekkert af fyrirsjáanlegt ... En útgjöld vegna búvöruframleiðslu? Þau eru hækkuð um 375 milljónir frá fyrra ári. Allt undir sagði fólkið...

thorgils@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Góðar fréttir fyrir austurhverfin

SKIPULAG



**Hjálmar Sveinsson**
fulltrúi Samfylkingarinnar í Umhverfis- og skipulagsráði

Athugasemdafrestur vegna nýs aðalskipulags Reykjavíkur fyrir árin 2010 til 2030 rann út í síðustu viku. Það hefur verið í vinnslu í sex ár og kynnt í tvígang á fjölmennum íbúafundum í öllum hverfum borgarinnar. Næstu vikur munu skipulagsyfirvöld fara vandlega yfir athugasemdir sem hafa borist.

Skipulagið markar tímamót. Með því er horfið frá bílmiðuðu skipulagi borgarinnar, sem hefur ríkt hér í fimmtíu ár, og tekið upp skipulag sem setur manneskjuna í öndvegi. Hvers konar skipulag er það? Jú, þannig skipulag leggur ekki sífellt nýtt land undir byggð heldur þéttir byggðina sem fyrir er og styttir þannig vegalengdir í borginni. Það leggur áherslu á gatnakerfi þar sem vistvæn ferðamáti er í fyrirrúmi. Það skapar meira öryggi og betri lýðheilsu. Það takmarkar hæðir húsa og verndar gamla borgarhluta. Það leggur áherslu á almenningsrými og mannlega mælikvarða. Það skapar meira skjól og samfelldari húsaraðir. Það verndar græn svæði.

Þetta eru góðar fréttir fyrir borgarbúa, ekki síst þá sem búa austast í borginni. Gert er ráð fyrir að á tímabilinu 2010 til 2030 fjölgi Reykvíkingum um rúmlega 20.000.

**➜ Fókusinn beinist að því hvernig hverfin geta sem best notið sín ...**

Ef reist verða ný úthverfi á útivistarsvæðunum austan við núverandi byggð verður þrengt verulega að fólkinu sem býr nú þegar við borgarjaðarinn á mörkum náttúru og byggðar. Þá verða úthverfi að innhverfum og bílaumferðin á stofnbrautum borgarinnar austur og vestur kvölds og morgna margfaldast. Það mun lengja vegina í borginni, kalla á óhemju dýrar framkvæmdir við umferðarmannvirki, auka svifryksmengun og vinna gegn almenningssamgöngum, hagkvæmri nýtingu innviða og skynsamlegri landnýtingu. Það er algjörlega glatað.

Hinar góðu fréttirnar eru skýr fókus í aðalskipulaginu á sjálfbærari borgarhverfi. Fókusinn beinist að því hvernig hverfin geta sem best notið sín hvert á sinni forsendu og að því hvernig efla má þjónustu inni í hverfunum. Aðalskipulagið leggur til að mynda bann við því að matvöruverslanir verði opnaðar á athafnasvæðum utan við íbúabyggðina. Slíkt fyrirkomulag rústar hverfisþjónustunni.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Sara McMahon *sara@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Kafli úr bók eftir óþekktan ástarsöguhöfund

Í DAG
Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir
leikkona



Andrúmsloftið á spítalanum var þrungið spennu. Óvenjumikil þögn ríkti á göngunum og fyrir utan hrotur nokkurra sjúklinga á öldrunardeild hefði mátt heyra sondu detta. Hvernig mátti það vera að forstjórinn geðþekki hafði sagt upp störfum og væri að hætta einmitt nú á fimm ára afmæli Hrunsins svokallaða. Var það tilviljun ein?

Sigurborg hjúkrunarfræðingur var ein í býtibúrinu og þerraði tárin í veltilak nokkurt sem hún hafði tekið til handargagns stuttu áður. Hún vissi sem var að tárin ættu eftir að brjótast út með reglulegu millibili það sem eftir lifði dags. Hvernig gat hann, þessi mikilúðlegi maður, yfirgefið spítalann nú? Eftir þá gríðarlegu niðurskurðaröldu sem brotnað hafði á spítalanum? Hví var hann að stökkva frá borði þegar síst skyldi?

Sigurborg átti eftir að sakna Zoëga. Hún hafði á honum mætur og innst inni unni hún honum. Hvernig var annað hægt? Hávaxinn, dökkhærður og með þennan sveip í hárinu sem gaf honum kæruleysislegt en jafnframt ábúðarmikið yfirbragð. Sigurborg hafði aldrei kynnst öðrum eins manni. Fastur fyrir en þó svo mannlegur. Hún skildi að auðvitað vildi hann ekki að sín yrði minnst sem mannsins sem hefði stýrt Landspítalanum úr því að vera háþróað háskólasjúkrahús á heimsmælikvarða yfir í að verða þriðja heims sjúkratjald á víðavangi.

### Ráðherrann með ljáinn

Sigurborg rak augun í forsíðu Fréttablaðsins og snöggreiddist. Þarna var hann, ráðherrann með ljáinn. Sigurborgu var minnisstætt að hún hafði fáeinum árum áður með einstakri lagni en með naumindum tekist að ná koparmynt úr nefi aldraðrar frænku ráðherrans.

Mikil brögð voru að því að gamlingjar træðu smámynt upp í vitin á sér einkum eftir Hrunið svokallaða. Þetta voru að dómi Sigurborgar bein áhrif af neikvæðri fjármálaumræðu í landinu. Í tilfelli frænku ráðherrans, sem var afar erfitt viðureignar, hafði Sigurborg þurft að hafa sig alla við því gamla konan hafði með einstakri lagni náð að smokra einseyringnum allt að því upp að sjóntauginni sjálfri. Ég hefði betur blindað kerlingarræksnið hugsaði Sigurborg en hörfaði jafnharðan frá þeirri hugsun og sló sig utan undir í huganum.

Sigurborgu óaði við því sem heyrðist fleygt að til stæði að ráða erlenda lækna við sjúkrahúsið. Átti hún nú að læra albönsku eða frönsku ofan á allt annað? Nógu erfitt var að leiða erlendu starfsstúlkurnar í gegnum hinn venjubundna starfsdag en tilhugsunin um að vera jafnvel í vandasömum líffæraflutningum og skilja ekki mælt mál var henni ofviða. Átti hún sem hafði sinnt forystu fjögurra deilda við spítalann að standa eins og þvara í miðri aðgerð og baða út öngum til að gera sig skiljanlega? Fletta upp í Google translate á snjallsímanum sínum þegar líf sjúklinga væri í húfi og hvert tifandi andartak gæti skilið milli feigs og ófeigs?

### Sjúklingar úr súkkulaði

Sigurborg teygði sig í kökusneið og fékk sér bita. Þetta var góð kaka með bananakremi sem Þröstur sjúkraliði hafði komið með á vaktina daginn áður. Hann var laginn bakari hann Þröstur og hafði lengi haft þann sið að koma á vaktina færandi hendi og gleðja starfssystur sínar.

> Mikil brögð voru að því að gamlingjar træðu smámynt upp í vitin á sér einkum eftir Hrunið svokallaða.

Kakan var mikið listaverk, nákvæm eftirlíking af Landspítalabyggingunni séðri úr lofti. Á hægri hlið kökunnar hafði Þröstur sjúkraliði málað veggina í rauðum og gulum litum svo að engu líkara var en að byggingin stæði í ljósum logum. Hann hafði að auki formað sjúklinga úr súkkulaði sem lágu í rúmum sínum misveikir víðs vegar um rangala byggingarinnar. Þröstur hafði mótað forstjórann sjálfan í marsipan og stillt honum upp í byggingunni miðri með hnefana kreppta á móti himni. Þarna stóð hann eins og King Kong ráðvilltur og undrandi á skilningsleysi mannanna. Sigurborg hugsaði með sér að kaka þessi segði meira en þúsund orð og laumaðist til að stinga upp í sig einum súkkulaðisjúklingi og táraðist ofurlítið.

Sigurborg leit sem snöggvast fram á ganginn. Þar hafði myndast mikil biðröð fólks sem hafði tekið sér sæti á víð og dreif um biðstofuna. Óþreyja skein úr andlitum sjúklinganna sem þurftu, þrátt fyrir niðurskurð, að fá bót meina sinna. Sigurborg huggaði sig við það að innan af skoli mátti heyra geðþekkan söng. Kór langlegusjúklinga hafði æft þrotlaust undanfarna daga til að geta kvatt hinn virðulega forstjóra með sóma þegar hann gengi sinn hinsta stofugang. Sigurborg snýtti sér í veltilakið öðru sinni og geystist fram á ganginn því skyldan kallaði.

# Gefurðu afslátt af öryggi barnsins þíns?

ÖRYGGI
Árný Ingvarsdóttir
fræðslufulltrúi hjá Samgöngustofu



Á undanförnum árum hefur meðvitund foreldra um öryggi barna í bíl farið batnandi og notkun viðeigandi öryggis- og verndarbúnaðar aukist. Á sama tíma hefur tómstundaskutl foreldra færst í aukana, enda æ algengara að ung börn, mörg hver enn á leikskólaaldri, sæki skipulagt tómstundastarf utan skólatíma. Til hagræðingar taka foreldrar sig gjarnan saman um að skiptast á að skutla. Slíkt fyrirkomulag er stórsniðugt enda hagkvæmt, tímasparandi og umhverfisvænt.

Almennt er miðað við að börn undir 150 sm eða 36 kg (undir 11 ára) noti viðurkenndan bílstól eða bílpúða með baki. Börn ættu aldrei að nota eingöngu öryggisbelti fyrr en þau hafa náð áðurnefndri stærð þar sem beltið er hannað fyrir fullorðna og situr því ekki rétt á börnunum. Þá er beinagrind þeirra ekki nægilega þroskuð til að taka við höggi frá öryggisbeltinu einu saman og getur beltið því veitt alvarlega áverka í kviðarholi barna, sé það notað eitt og sér.

En hvernig er öryggi háttað þegar nokkrum börnum er skutlað saman? Getur verið að fólk gefi „afslátt“ af öryggiskröfum í skiptum fyrir sveigjanleika í eigin stundaskrá og vandræðaminni samskipti við aðra foreldra?

### Lausn á samskutlinu

Í nýlegri bandarískri könnun á notkun öryggisbúnaðar í samskutli (e. carpooling) kom fram að allt að 45% þeirra foreldra sem annars nota ávallt viðeigandi öryggisbúnað fyrir börnin sín slaka á kröfunum þegar börnin ferðast í bíl með öðrum eða þegar þeir skutla fleiri börnum en sínum eigin. Þannig virðist það nánast félagslega samþykkt að þegar nokkrum börnum er skutlað saman sé „í lagi“ að hafa þau í bílbelti eingöngu þrátt fyrir ungan aldur og í sumum tilvikum jafnvel í framsæti bifreiðar, þar sem líknarbelgur getur stefnt lífi þeirra í stórhættu verði árekstur. Ástæðulaust er að ætla að þessu sé öðruvísi farið hérlendis. Sem móðir tveggja grunnskólabarna á yngsta stigi hef ég ítrekað orðið vitni að – og sjálf lent í – þeirri klípu sem skapast getur þegar koma á fleiri en tveimur börnum og tilheyrandi öryggisbúnaði fyrir í hefðbundnum fjölskyldubíl. Erfitt getur verið að hagræða bílstólum og sessum með baki svo vel sé og eins er sjaldgæft að fólk sé með slíkan búnað til vara fyrir gesti.

> ➜ Er þetta áhætta sem við foreldrar erum tilbúnir að taka? Svarið hlýtur að vera nei.

Staðreyndirnar eru samt sem áður þessar:

- Lögmál um umferðarslys og beinabyggingu barna taka því miður ekki tillit til aðstæðna.
- Flest slys verða innan við 3 km frá upphafsstað.
- Tómstundaskutl á sér oftast stað síðdegis, einmitt á þeim tíma þegar innanbæjarumferð er hvað þyngst.
- Líkur á skaða við umferðarslys aukast verulega sé barn ekki í viðeigandi öryggis- og verndarbúnaði.

Er þetta áhætta sem við foreldrar erum tilbúnir að taka? Svarið hlýtur að vera nei. Því er til mikils að vinna að finna góða lausn á samskutlinu sem tryggir öryggi okkar eigin barna og annarra í bílnum sem best. Tökum höndum saman og setjum börnin okkar allra í fyrsta sæti.



brimborg
Öruggur staður til að vera á
Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000
Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050
Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Aukin þjónusta Bíldshöfða 6: Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16
ford.is
Ford Focus 5 dyra/station, EcoBoost bensín 125 hö. 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,0/5,1 l/100 km. Losun koltvísýrings $CO_2$ 114/117 g/km. Fær frítt í stæði í Reykjavík í 90 mín. í senn. Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.

# Fjárlagafrumvarp óvissu og vonbrigða

FJÁRMÁL



**Steingrímur J. Sigfússon**
fv. fjármálaráðherra 2009-2011

Fram komið fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar veldur vonbrigðum og vekur áhyggjur. Markmiði um jöfnuð í ríkisfjármálum er að vísu náð að nafninu til með millifærslu frá Seðlabanka til ríkissjóðs upp á um 10 milljarða króna. Einnig kemur það ríkisstjórninni til bjargar að 9,4 milljarðar króna munu innheimtast af auðlegðarskatti á árinu 2014, en þá því miður í síðasta sinn.

Horfurnar fyrir árin þar á eftir eru dapurlegar. Ríkissjóður verður rekinn á núlli næstu þrjú ár og reyndar versnar afkoman samkvæmt framreikningi í fylgihefti fjárlagafrumvarpsins aftur milli áranna 2015 og 2016. Mestu valda um þær tekjur sem ríkisstjórnin hefur ýmist þegar afsalað ríkissjóði, sbr. stórlækkun á sérstöku veiðigjaldi og brottfall laga um 14% virðisaukaskatt á hótelgistingu sl. vor, eða hyggst afsala ríkissjóði með því að framlengja ekki auðlegðarskatt um áramótin, orkuskatt þegar þar að kemur o.s.frv.

Með þessu virðist ríkisstjórnin sjálf hafa höggvið a.m.k. 20 milljarða skarð árlega í ríkisfjármálaáætlun til meðallangs tíma. Enginn vilji virðist til staðar til að afla þá tekna annars staðar á móti, með því eina fráviki sem er bankaskattur á þrotabú fjármálafyrirtækja. Þá er bara tvennt eftir, niðurskurður sem þessu nemur eða meiri hallarekstur ríkissjóðs.

### Hefur þessi stjórn efnahagsstefnu?

Góðu fréttirnar eru þó þær að fjárlagafrumvarpið og fylgigögn þess sýna að ábyrg ríkisstjórn sem hefði til þess pólitískt þor að verja tekjur ríkisins gæti komið okkur aftur á sporið og inn á svipaða ríkisfjármálaáætlun og fyrri stjórn vann eftir. Út á það gengu ráðleggingar erlendra sérfræðistofnana sl. vor, bæði AGS og OECD. Í stað þess að hlusta var talað með niðrandi hætti um erlendar skammstafanir.

Ef áðurnefndum 20 milljörðum króna hefði verið haldið inni í tekjugrunninum og ráðstafanir upp á 5-10 milljarða í viðbót bæst þar við hefði fyllilega mátt halda áætlun. Við hefðum tryggt raunverulegan jöfnuð í rekstri ríkisins og lítilsháttar afgang strax á næsta ári án bókhaldsæfinga. Við hefðum getað haldið áfram að fjárfesta í uppbyggingu innviða með fjárfestingaáætlun og leggja meira til brýnustu forgangsverkefna á sviði velferðarmála eins og þegar var hafið t.d. með stóraukinu tækjakaupafé Landspítalans. Útreiðin á þessum málaflokkum í fjárlagafrumvarpinu nýja er ekki falleg. Sérstök fjárveiting til tækjakaupa á LSH og SA er þurrkuð út, viðbótarniðurskurði þar á að mæta með sjúklingasköttum, þ.e. legugjöldum, stuðningi við skapandi greinar og sóknaráætlanir landshlutanna er stútað og rannsóknafé stórskert.

Ríkisfjármálaáætlunin sem með fylgir veldur verulegum vonbrigðum og er í reynd ávísun á stöðnun í ríkisfjármálum næstu þrjú árin. Hvernig ætli greiningar- og matsaðilar komi til með að lesa í hana? Næg er nú óvissan samt sem hin fáheyrðu kosningaloforð skópu og matsfyrirtæki hafa þegar gert að óvissuþætti þegar kemur að Íslandi.

### Hefur þessi stjórn atvinnustefnu?

Fjárlagafrumvarp birtir stefnu ríkisstjórna á margan hátt og ekki aðeins í ríkisfjármálum. Spyrja má t.d. hvað frumvarpið segir okkur um áherslur þessarar ríkisstjórnar í atvinnu- og nýsköpunarmálum? Fjárfestingaáætlun sem byggði á því að efla nýsköpun, rannsóknir og þróun og stuðla að aukinni fjölbreytni er grátt leikin. Hvað nú með skapandi greinar? Hvað með uppbyggingu innviða ferðaþjónustunnar og eflingu þjóðgarða? Hvað með grænar áherslur í atvinnumálum? Meira að segja endurgreiðsla rannsókna- og þróunarkostnaðar hjá sprotafyrirtækjum er skert. Er það bara gamla stóriðjustefnan, gamli dólgakapítalisminn sem á að bjarga okkur?

### Í hvað fór tíminn?

Sem kunnugt er eyddu formenn stjórnarflokkanna svo miklum tíma í vöffluát í vor að þeir urðu að biðja um þrjár vikur í viðbót til að koma fram fjárlagafrumvarpi. Á það var fallist en maður spyr sig; í hvað fór tíminn? Niðurstaðan er merkilega flöt, sbr. að mestu flatan niðurskurð á allan rekstur óháð því hvort um kjarnastarfsemi á sviði velferðarmála er að ræða eða annað.

**➜ Útreiðin á þessum málaflokkum í fjárlagafrumvarpinu nýja er ekki falleg. Sérstök fjárveiting til tækjakaupa á LSH og SA er þurrkuð út, viðbótarniðurskurði þar á að mæta með sjúklingasköttum, þ.e. legugjöldum, stuðningi við skapandi greinar og sóknaráætlanir landshlutanna er stútað og rannsóknafé stórskert**

Nú færist vinnan inn fyrir veggi Alþingis og þar mætti með góðum vilja komast aftur á rétta braut. Auðvitað er þetta áfram erfitt og annað gat aldrei verið í spilunum. Tími hreystimennskunnar og kraftaverkanna er liðinn. Hann tilheyrði popúlistunum fyrir kosningar. En, ef allir sameinast og við sem ekki tókum þátt í yfirboðunum bjóðum fram samstarf í stað þess að erfa lýðskrumið, þá geta góðir hlutir gerst. Það er enn hægt að breyta kúrsinum og undirbyggja trausta áætlun sem færir okkur áfram í átt að sjálfbærum ríkisbúskap þannig að hvoru tveggja sé í sjónmáli; við getum haldið áfram uppbyggingu innviða og velferðar og farið að borga niður skuldir ríkisins frá og með árunum 2014-2015. Vilji og ábyrgð er allt sem þarf.

## AF NETINU

### Velferðin hrynur

Heilsu þjóðarinnar hrakar í samanburði við nágrannalöndin. Fátæklingar hafa margir ekki ráð á að borga sinn hlut í heilsugæzlu. Tannlækningar eru þar fremstar, enda lengi verið einkareknar. Fimmti hver íslenzkur lágtekjumaður neitar sér um tannlækningar. Við erum í sömu stöðu og Búlgarar og Lettar, þjóðir með skörðóttan kjaft. Þetta hrikalega afturhvarf frá velferðinni er óþekkt víðast um Evrópu. Síðan magnast ógæfan, Landspítalinn rambar á barmi hruns. Þátttaka sjúklinga í kostnaði vex. Fleiri verða einfaldlega að neita sér um þjónustuna. Velferðin hrynur og fólk fer að deyja af þessum sökum.

http://www.jonas.is/

*Jónas Kristjánsson*

### Burt með milljónkrónaseðilinn

Sagan Milljóndollaraseðillinn eftir Mark Twain gengur út á hversu fáránlegt er að vesinast með alltof stóra peningaseðla. Það vissi fólk líka í óðaverðbólgu eftirstríðsáranna í Þýskalandi, þegar fólk fór út í búð með milljónmarkaseðla í hjólbörum til að kaupa eitt hveitibrauð.

Eins og ýmsir hafa bent á, þá væri nýi íslenski 10.000 karlinn í raun milljón króna seðill ef ekki hefði verið farið í blöffið „myntbreytingu“ kringum 1980.

Norrænu krónurnar voru upphaflega jafnar þeirri íslensku, nú myndi hver norræn króna koma vel yfir 2.000 gamlar íslenskar krónur. Þetta er nú árangurinn af íslenskri hagstjórn í tæp 100 ár.

http://blog.pressan.is

*Illugi Jökulsson*





**ÓSMEKKLEGT**
**Auglýsingaplakat um kvikmyndina Díönu sem komið hafði verið upp fyrir framan göng þar sem prinsessa Díana lést í bílslysi hefur valdið miklu fjaðrafoki í París. Staðsetningin þykir ósmekkleg og hefur því verið ákveðið að taka auglýsinguna niður.**

Lionssalurinn Lundur
• Jólahlaðborð
• Árshátíðir
• Þorrablót
Brúðkaupsveislur.is
Fermingarveislur.is
Cocktail.is
Veisluþjónusta
Lionssalurinn Lundur • Auðbrekku 25-27 • s. 899-8994

STÆKKUNAR-GLERSLAMPAR
Amma mús – handavinnuhús
Laugavegur 18, 101 Reykjavík
Opið mán – fös 11-20 lau 11-17 -sun 12-17
sími 511 3399
Ármúla 18, 108 Reykjavík
Opið mán – fös 9-18 og lau 11-15
sími 511 3388




NÝ SENDING!
AF VINSÆLU KULDASKÓNUM MEÐ MANNBRODDUNUM






VETRAR-ÚLPURNAR KOMNAR!
OLANG
BASLER
Parísar TÍZKAN
Skipholti 29b • S. 551 0770

# AUKIN ORKA OG ALMENN VELLÍÐAN

**VISTOR KYNNIR** *Revolution Macalibrium er fæðubótarefni fyrir karlmenn úr maca-rót. Það eykur orku og úthald, dregur úr stressi og styrkir grunnheilsu.*

Mér var gefinn pakki af Revolution Macalibrium í byrjun árs og get ekki annað en haldið áfram að taka það inn þar sem ég finn fyrir mjög svo aukinni orku og almennri vellíðan," segir Gaukur Eyjólfsson, matreiðslumeistari á Café Atlanta í Hlíðasmára.

Gaukur þarf að vakna fyrir allar aldir til að undirbúa matseld dagsins. „Þá er eins gott að vera fullur orku og vel úthvíldur en það er einmitt mesta breytingin sem ég hef fundið frá því að ég fór að taka inn Revolution. Svo er macarótin rótarávöxtur og ég hef mikla trú á að við eigum að fá alla okkar næringu úr matnum," segir Gaukur.

Revolution Macalibrium er unnið úr maca-rót (Lipidium Peruvianum) sem vex eingöngu hátt í Andes-fjöllunum í Perú. Rótin er flokkuð sem ofurfæða og kemur jafnvægi á og styður við hormónaframleiðslu líkamans.

„Revolution eykur beinþéttni og vöðvastyrk, hefur góð áhrif á æðakerfið og auðveldar þyngdarstjórnun. Revolution er því kjörið fyrir karlmenn á öllum aldri," segir Guðný Traustadóttir, markaðsfulltrúi hjá Vistor.

„Karlmenn vilja einfaldar lausnir og Revolution einfaldar málið. Tvö til fjögur hylki á dag tryggja ráðlagðan skammt af helstu vítamínum, ensímum, fitusýrum og lífsnauðsynlegum amínósýrum. Auk þess inniheldur Revolution mikið af virku kalki og magnesíumi, auk B1-, B2- og B12-vítamína. Til gamans má geta að maca-rótin var gulls ígildi hér áður fyrr og notuð sem gjaldmiðill í vöruskiptum í Perú," segir Guðný.

Pakki af Revolution inniheldur 120 þynnupökkuð hylki sem tryggir 100 prósent virkni frá því að pakkinn er opnaður því maca-rót er afar viðkvæm fyrir sólarljósi og súrefni. Revolution inniheldur enga hormóna, er með lífræna vottun og er framleitt undir GMP með FairTrade-vottun.



**ORKUMIKILL** Gaukur Eyjólfsson matreiðslumaður er fullur orku og vellíðunar eftir að hann hóf að taka inn fæðubótarefnið Revolution Macalibrium. MYND/GVA




Revolution Macalibrium fæst í apótekum um land allt, Heilsuhúsinu og Heilsuveri Suðurlandsbraut. Sjá nánar á www.vistor.is og á Facebook undir Revolution-Macalibrium.

Landsins mesta úrval af sófum og sófasettum
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA




Sófinn þinn útfærður eftir þínum óskum
Opið virka daga kl. 10-18
laugard. 11-16
Patti HÚSGÖGN
Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - www.patti.is

Við bjóðum frábært verð
Umfelgun á fólksbíl 5490.- Umfelgun á smájeppa 6490.-
Til eldri borgara:
Umfelgun á fólksbíl 4990.- Umfelgun á smájeppa 5990.-




VDO Borgardekk
Borgartún 36 | 105 Reykjavík | Sími: 588-9747 | Fax: 588-9722 | verslun@vdo.is



# ÍTALSKUR ÍS OG EÐALBORGARAR

**TEXASBORGARAR KYNNA**

**2 FYRIR 1**

*2 FYRIR 1 af hreindýraborgara með frönskum gegn framvísun þessa miða. Aðeins 1.490 kr. fyrir tvo.*

*Gildir til 1.11.2013. Texasborgarar.is s: 517-3130*

Á matseðli Texasborgara við Grandagarð eru ýmsar útgáfur af klassískum hamborgurum og fleira girnilegt, eins og kjúklingaréttir, BLT-samloka og fiskur og franskar. En nú er tími villibráðarinnar og þá eru hreindýraborgarar steiktir í gríð og erg. „Hreindýraborgararnir mæltust svo vel fyrir í fyrrahaust að við ákváðum að hafa þá alveg eins í ár," segir Magnús Ingi Magnússon veitingamaður. „Þetta eru 140 gramma borgarar og við berum þá fram í hamborgarabrauði með kryddsósu, týtuberjarjómaosti, jöklasalati, rauðlauk, tómötum og djúpsteiktum lauk – og franskar fylgja að sjálfsögðu með. Þetta er ekta villibráð í girnilegum búningi og kostar ekki nema 1.490 kr."

Nýlega var settur upp ekta ítalskur ísbar á Texasborgurum. Gestir afgreiða sig sjálfir og greiða svo eftir vigt. „Við viljum fá til okkar alla aldurshópa og erum því með flott fjölskyldutilboð á hamborgurum og 12 ára og yngri fá frían ís eftir matinn," segir Magnús Ingi.

**Nánar á texasborgarar.is og Facebook.**

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*



## HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu.
Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448
eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára



# BRELLUR Á SARDINÍU

**SÓLRÍK HJÓLAFERÐ** *Næstu daga mun hjólaklúbburinn Brellur hjóla um hjólreiðaparadísina Sardiníu á Ítalíu. Með í för verður blind vinkona þeirra.*

Hjólaklúbburinn Brellurnar frá Patreksfirði flaug í gær til Sardiníu á Ítalíu þar sem hann hefur skipulagt tæplega tveggja vikna hjólreiðaferð. Hópurinn telur sjö vaskar konur og er ein þeirra blind. María Ragnarsdóttir, ein kvennanna, segir eyjuna vera þekkta hjólreiðaparadís og að mikil tilhlökkun sé í hópnum. „Það var reyndar tilviljun að Sardinía varð fyrir valinu og tengdist sú ákvörðun frekar flugáætlunum Easyjet-flugfélagsins. Við gerum ráð fyrir að hjóla um 350 kílómetra á átta dögum."

Upphaf hjólreiðahópsins má rekja til ársins 2011 þegar þær hjóluðu saman Vestfjarðarhringinn, samtals 640 kílómetra á sjö dögum. „Sú ferð var áheitasöfnun fyrir vinkonu okkur, Fríðu Eyrúnu Sæmundsdóttur, sem missti sjónina árið 2010. Við ákváðum að styðja hana til að létta henni lífið og þá tókst okkur að safna góðri upphæð sem nýttist í kaup á tölvu og heimilistækjum. Fríða hjólar með okkur úti og verður á tvímenningshjóli." Nafn hópsins er dregið af fjallinu Brellur sem stendur fyrir ofan Patreksfjörð og rímar auk þess við gellur eins og María bendir hógvær á.

Hópurinn mun hjóla um norðurhluta eyjunnar og hjóla meðfram strandlengjunni. „Við gistum á hótelum og gistiheimilum og svo eyðum við þremur dögum í villu sem við leigðum. Þó að ferðin sé skipulögð sem hjólreiðaferð á þetta ekki að vera neitt púl. Lengsta sem við hjólum einn daginn er um 68 kílómetrar. Dvölin í villunni verður slökun okkar í ferðinni en þó er búið að skipuleggja hjólreiðatúr á þeim tíma."

**ÖFLUGUR HÓPUR** Í hjólaklúbbnum Brellur eru hressar konur sem allar tengjast Patreksfirði. Brellur hafa hjólað mikið undanfarin tvö ár. MYND/ÚR EINKASAFNI



# LÍÐUR VEL Í DAG

**HJARTAHEILL** *Kjartan Birgisson fæddist með hjartagalla og fékk nýtt hjarta árið 2010. Hann hefur oft farið í hjartaþræðingu og fimm sinnum í hjartaskurðaðgerð. Í dag starfar hann sem sjálfboðaliði hjá Hjartaheillum.*

Þegar Kjartan Birgisson var þriggja ára kom í ljós að hann var með meðfæddan hjartagalla. Bæði var hann með gat á milli hólfa sem ekki óx saman og með bilaða hjartaloku. „Þetta háði mér alltaf. Ég var þreklaus og gat ekki hlaupið þrátt fyrir að ég væri kröftugur krakki," segir Kjartan sem gat aldrei hlaupið lengra en 50 metra.

Kjartan fór í sína fyrstu hjartaþræðingu 12 ára gamall árið 1972 á Íslandi. Hann fór aftur árið 1975 til að fylgjast með ástandi hjartans og í framhaldi af því í sína fyrstu skurðaðgerð árið 1976. „Hjartaþræðingarnar voru notaðar sem eftirlitskerfi til að fylgjast með hvort hjartað þyldi álagið fram að fyrstu aðgerð. Beðið var með þá aðgerð þar til ég var 16 ára en á þeim aldri er hjarta drengja talið fullvaxið," útskýrir Kjartan. Í aðgerðinni var gert við gatið en slíkt væri hægt að gera með þræðingu í dag. Þá var einnig skipt um hjartaloku.

Eftir aðgerðina var fylgst með hjartalokunni með hjartaþræðingu en Kjartan þurfti á fleiri skurðaðgerðum að halda og fór alls í fimm slíkar. Í þeirri síðustu, árið 2010, fékk Kjartan nýtt hjarta. „Eftir þá aðgerð fór ég í mjög margar þræðingar þar sem tekin voru sýni úr hjartanu. Það má því segja að hjartaþræðingar hafi fylgt mér alla tíð," segir Kjartan. Hann telur víst að hann væri ekki á lífi ef hjartaþræðingartækja nyti ekki við. „Það komu þrisvar í ljós hafnanir á nýja hjartanu við reglubundið eftirlit sem hefðu ekki komið í ljós öðruvísi," segir Kjartan en hann hefur alls farið í yfir tíu þræðingar á ævinni.

Í dag líður Kjartani vel. „Þetta hefur gengið vonum framar. Lífið er yndislegt, sérlega ef litið er til þess að fyrir fjórum árum var ég að leita mér að rafskutlu til að komast milli staða. Í dag get ég hlaupið tíu kílómetra og verið góður á eftir."

Kjartan er hægt og rólega að ná upp starfsgetu og starfar sem sjálfboðaliði hjá Hjartaheillum en félaginu segist hann eiga mikið að þakka. „Í mínum mestu veikindum hjálpaði fólkið hér mér í að finna greiningu. Ég var búinn að fara í ótal aðgerðir og skoðanir en það fannst aldrei almennileg skýring. Þá fékk ég nýjan hjartalækni sem las sig í gegnum gögnin mín og sá að þetta var hjartabilun og hjartaskipti mín eina lækning."

Kjartan hefur ekki fulla starfsgetu en reynir að leggja áherslu á að æfa sig og þjálfa til að geta tekist á við vinnudaginn. „Ég lít á þetta sem starfsþjálfun. Það gefur lífinu gildi að koma í Hjartaheill og hitta fólk í stað þess að hanga heima."



**HJARTAÞEGI** Kjartan Birgisson hefur farið í yfir tíu hjartaþræðingar frá því hann var tólf ára. MYND/DANÍEL

# THE CRAZY ONES: ROBIN WILLIAMS Í GLÆNÝJUM GAMANÞÆTTI

MIÐVIKUDAGUR 2. OKT 2013
18. TÖLUBLAÐ 1. ÁRGANGUR
DAGSKRÁRBLAÐ STÖÐVAR 2





**HOMELAND**
Verðlaunaþátturinn snýr aftur á sunnudag.



**ÁVAXTAKARFAN**
Ný sjónvarpsþáttaröð um lífið í Ávaxtakörfunni.



**POPP OG KÓK**
Unnur Eggertsdóttir stýrir nýjum og ferskum þætti.

# ÁSTIR OG ÁTÖK

## GLÆNÝ ÞÁTTARÖÐ AF GREY'S ANATOMY HEFST MEÐ TVÖFÖLDUM ÞÆTTI Á STÖÐ 2 Í KVÖLD

krakkar · GULL · BÍÓ · 3 · SPORT · SPORT 2



Logi Bergmann fær til sín góða gesti í þáttinn á föstudagskvöld.

**LOGI Í BEINNI**
**Kl. 19.45 föstudagur**

# EYÞÓR INGI HJÁ LOGA

Logi Bergmann heldur uppi stuðinu á föstudagskvöldið í spjallþætti sínum Logi í beinni á Stöð 2. Þar fær hann til sín góða gesti og verður án efa gleði og gaman að vanda. Leikarinn Rúnar Freyr Gíslason sest í sófann en það gerir einnig Þorbjörg Helga Þorgilsdóttir, leikkona í Málmhaus, en hún hefur fengið góða dóma fyrir leik sinn í myndinni. Þá bregður Eurovision-farinn Eyþór Ingi Gunnlaugsson sér í betri fötin og mun að sjálfsögðu þenja raddböndin fyrir áhorfendur. Logi hefur sýnt að hann á einstaklega auðvelt með að rabba við fólk á léttum nótum í beinni útsendingu, enda á þátturinn sér marga aðdáendur. Þetta er sjötta árið sem Logi er með þátt sinn.

# HELEN MIRREN Á GULLINU



Önnur þáttaröð verðlaunaþáttanna Prime Suspect er nú endursýnd á Stöð 2 Gull og verður fyrri þátturinn sýndur í kvöld. Aðalhlutverkið er í höndum leikkonunnar Helen Mirren. Hún leikur rannsóknarlögreglukonuna Jane Tennison, sem er ein af fyrstu konunum sem starfar hjá Lundúnalögreglunni.

Í þáttunum finnst lík í bakgarði húss í hverfi innflytjenda í London. Mikil spenna ríkir í hverfinu vegna óleystra glæpamála og því þarf Jane Tennison að fara afar varlega.

Fyrstu þættir Prime Suspect-seríunnar voru frumsýndir í Englandi í apríl árið 1991 en hófu göngu sína á Stöð 2 árið 1992. Þeir nutu mikilla vinsælda bæði hér á landi og um allan heim auk þess að hljóta lof gagnrýnenda.

Prime Suspect hafa hlotið fjölmörg verðlaun, þar á meðal BAFTA-verðlaun, Emmy-verðlaun, Golden Globe-verðlaunin og Peabody-verðlaunin.

# FORRÉTTINDI AÐ KLÆÐAST ANANASBÚNINGI

Eitt vinsælasta barnaleikrit Íslendinga er Ávaxtakarfan. Næsta laugardag hefst ný sjónvarpsþáttaröð á Stöð 2 um lífið í Ávaxtakörfunni. Einvalalið leikara og söngvara fer með helstu hlutverk og þættirnir eru góð fjölskylduskemmtun.

**ÁVAXTAKARFAN**
**Kl. 18.05 Laugardagur**



Ný sjónvarpsþáttaröð um lífið í Ávaxtakörfunni hefst á laugardag.

Ávaxtakarfan var frumsýnd fyrir fimmtán árum og er eitt allra vinsælasta barnaleikritið sem sýnt hefur verið hérlendis. Næsta laugardag hefst ný sjónvarpsþáttaröð á Stöð 2 fyrir alla fjölskylduna um lífið í Ávaxtakörfunni. Söngvarinn góðkunni Matthías Matthíasson, eða Matti eins og hann er yfirleitt kallaður, fer með hlutverk Imma ananas í þáttunum og segir hann gerð þeirra hafa verið eitt stórt ævintýri. „Það var virkilega gaman að taka þátt í gerð þáttanna. Þetta var æðislega skemmtilegur hópur og sannkölluð forréttindi að geta klæðst ananasbúningi í tvo mánuði. Verkið er litríkt og skemmtilegt og á erindi til krakka í dag auk þess sem tónlistin lifir vel enda alveg frábær.“ Leikritið er eftir Kristlaugu Maríu Sigurðardóttur og tónlistarhöfundur er Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson.

Ávaxtakarfan fjallar um samskipti íbúanna og hvernig þeir vinna úr ágreiningsmálum sín á milli. Umræðan um einelti og fordóma hefur alltaf verið sterk innan Ávaxtakörfunnar og er það enn. „Boðskapur verksins er mjög þarfur í dag og vonandi geta þættirnir frætt krakka um þessi alvarlegu málefni. Það er nefnilega allt í lagi að segja bara fyrirgefðu og sýna iðrun því þá er kominn grundvöllur fyrir því að eiga eðlileg samskipti og halda áfram með lífið.“

Lífið í Ávaxtakörfunni er eins og hjá okkur mannfólkinu og gengur sinn vanagang. Mæja jarðarber heldur Ávaxtakörfunni hreinni, Rauða eplið heldur öllu í röð og reglu og Græni bananinn heldur að vinstri sé hægri. Immi ananas heldur mest upp á sjálfan sig og bíður eftir að kórónan komi með póstinum svo hann geti krýnt sjálfan sig konung. „Immi lítur svolítið stórt á sjálfan sig. Honum finnst hann eiga allt gott skilið enda vill hann vera konungur. Þetta er magnaður karakter en svo er hann innst inni ósköp góður og lítill í sér stundum.“

Þetta eru skemmtilegir og innihaldsríkir þættir með ástsælum persónum sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara. Með helstu hlutverk fara Ólöf Jara Skagfjörð, Matthías Matthíasson, Ágústa Eva Erlendsdóttir, Helga Braga Jónsdóttir, Magnús Jónsson og Birgitta Haukdal. Leikstjóri er Sævar Guðmundsson.

Fyrsti þátturinn verður sýndur á Stöð 2 næsta laugardag kl. 18.05.

# FAGURKERI MEÐ DANSKAN STÍL

**HEIMSÓKN**
**Miðvikudaga kl. 20.10**



Sindri Sindrason heimsækir Þorbjörgu Helgu í heimsókn kvöldsins.



Allir taka Sindra vel þegar hann óskar eftir að koma í heimsókn.

Sindri Sindrason heimsækir Þorbjörgu Helgu Vigfúsdóttur borgarfulltrúa í þætti kvöldsins en hún býr í glæsilegu einbýlishúsi í Fossvogi ásamt eiginmanni sínum og fjórum börnum. „Þorbjörg Helga er mikill fagurkeri en heimilið er í klassískum, dönskum stíl,“ segir Sindri þegar hann er spurður um heimsókn kvöldsins.

Var eitthvað sem kom þér á óvart?

„Ætli það hafi ekki verið áfengisbirgðir í herbergi unglingsins en fólk verður að sjá þáttinn til að sjá hvað ég er að meina með því. Það kom mér líka á óvart að Þorbjörg Helga gerir morgunæfingarnar á trampólíni fyrir utan húsið en það skýrist líka í þættinum,“ segir Sindri í gamansömum tón. „Þorbjörg Helga leggur áherslu á að heimilið sé fyrir alla fjölskylduna og það þarf ekki endilega allt að vera í röð og reglu.“

Sindri segir að honum sé tekið opnum örmum og enginn hafi hafnað honum þegar hann óskar eftir innliti. „Flestir taka mér einstaklega vel og margar skemmtilegar heimsóknir verða á næstunni. Þar get ég nefnt Agnesi M. Sigurðardóttur, biskup Íslands, Braga Björnsson, skátahöfðingja Íslands, og Elísabetu Ásberg listakonu. Einnig förum við í glæsilega piparsveinaíbúð og á fallegt sveitasetur,“ segir Sindri en áskrifendur Stöðvar 2 hafa því eitthvað að hlakka til næstu miðvikudaga.

# HVAÐ VERÐUR UM BRODY?

## Síðasta þáttaröð Homeland endaði með sprengingu í höfuðstöðvum bandarísku leyniþjónustunnar og voru áhorfendur skildir eftir í óvissu um afdrif Nicholas Brody.

**Í fyrstu tveimur þáttum nýrrar seríu Homeland sést hvorki tangur né tetur af Nicholas Brody.**

**„Brody er á flótta og þegar hann næst verður það reiðarslag fyrir áhorfendur," segir leikarinn Damian Lewis, sem fer með hlutverk Brodys sem hann segir leyndardómsfullan heimsmann.**

**„Við vitum raunverulega ekkert um ástand né örlög Brodys. Mun hann eyða lífinu í sælu á frönsku sveitasetri umvafinn rússneskum fegurðardísum, vinna að samsæri með leyniþjónustunni eða verða fangelsaður?" veltir Lewis fyrir sér og segir skína í gegn að Brody sé stríðsfórnarlamb í Homeland 3.**

**„Ástand Brodys er gott dæmi um eftirköst þess þegar ungir menn eru sendir í stríð. Sú lífsreynsla eitrar þá og skemmir fyrir lífstíð og þá mynd fá áhorfendur af Brody í vetur. Hann hefur áður sýnt að hann sé slæmur félagsskapur og búi yfir kakkalakkaeðli því Brody kemst alltaf af þótt allir í kringum hann týni tölunni. Því verður forvitnilegt að sjá hvað raunverulega kemur fyrir Brody og hvar hann er niðurkominn en það er ekki á góðum stað."**

**Homeland 3 er í senn harðsoðnari og dekkri en fyrri seríurnar og allt sem gerist í Homeland er tvíeggjað sverð.**

**„Flótti reynist óhjákvæmilegur hjá Brody. Hann er í miklum vanda og áhorfendur verða þess áskynja að áralangar pyntingar, áfallastreita, trúskipti yfir í íslam, hefnd gegn föðurlandinu og að koma heim til að reyna að endurheimta fjölskylduna um leið og hann verður ástfanginn af konu sem skilur hann betur en eiginkonan er orðið honum ofviða. Sem betur fer verður líka bati og betrun hjá Brody og því mun hann styrkjast á ný."**

**Leikkonan Claire Danes leikur á móti Lewis í hlutverki Carrie Mathison, fulltrúa hjá bandarísku leyniþjónustunni. Danes hlaut bæði Gullna hnöttinn og Emmy-verðlaunin á árinu fyrir hlutverk sitt í þáttunum.**

**„Carrie glímir við geðhvarfasýki en hefur verið tiltölulega stöðug hingað til," útskýrir Danes sem undirbjó sig fyrir meiri átök í Homeland 3 með því að horfa á Youtube-myndbönd með reynslusögum einstaklinga með sama sjúkdóm. „Það hjálpaði mér mikið. Það er mikil áskorun fyrir leikara að gera sjúkdómnum góð skil," segir Danes sem í byrjun Homeland 3 leitar logandi ljósi að Brody. „Carrie hefur hingað til verið viðfelldin en í þessari seríu sjáum við á henni nýjar hliðar."**



**HOMELAND**
**Kl. 21.10 sunnudag**



# Í LEIT AÐ KONU DRAUMA SINNA

**HELLO LADIES**
**Kl. 20.35 föstudag**

Hello Ladies eru stórskemmtilegir gamanþættir sem hefjast á Stöð 2 á föstudag. Þar fer Steve Merchant með hlutverk fremur klaufalegs Breta sem flytur til Los Angeles til að finna draumakærustuna. Það gengur ekki stórslysalaust fyrir sig, a.m.k. ekki fyrst um sinn.

Stephen James Merchant er breskur rithöfundur, leikstjóri, útvarpsmaður, grínisti og leikari. Hann er best þekktur fyrir samstarf sitt við Ricky Gervais en saman skrifuðu þeir og leikstýrðu hinum geysivinsælu gamanþáttum The Offie og sömuleiðis gamanþáttunum Extras. Þá er hann einn kynna The Ricky Gervais Show.

Merchant hefur hingað til unnið til þrennra BAFTA-verðlauna, fernra British Comedy-verðlauna, tvennra Golden Globe-verðlauna og Emmy-verðlauna.

# GRÍN OG GAMAN MEÐ ROBIN WILLIAMS

**THE CRAZY ONES**
**Kl. 20.20 sunnudag**

Á sunnudagskvöld hefst vinsælasti nýi gamanþátturinn í áraraðir, The Crazy Ones, með Robin Williams í aðalhlutverki. Þættirnir fjalla um Simon Roberts, sjálfsöruggan en sérvitran textahöfund sem vinnur fyrir auglýsingastofu dóttur sinnar, Sydney, sem leikin er af Söruh Michelle Gellar. Roberts er hugmyndaríkur en óhefðbundinn og fer eigin leiðir í starfi sínu.

Höfundur þáttanna er David E. Kelley en hann hefur gert marga vinsæla þætti á borð við The Practice, Ally McBeal, Boston Public, Boston Legal og Harry's Law svo eitthvað sé nefnt.

Óskarsverðlaunahafinn Robin Williams þekkja allir, enda hefur hann farið með hvert stórhlutverkið á fætur öðru á hvíta tjaldinu. The Crazy Ones er fyrsta sjónvarpshlutverk hans frá því hann lék í þáttunum Mork & Mindy árið 1982.



Robin Williams og Sarah Michelle Gellar fara með aðalhlutverk í The Crazy Ones.



UPPLEVA snjallsjónvörp eru nettengd og hafa svipaða eiginleika og tölvur. Þau geta tengst þráðlausa netinu heima hjá þér og í gegnum tækið getur þú notað vinsæl smáforrit eða streymt efni úr tölvunni, myndavélinni eða snjallsímanum í sjónvarpið. Snjallt, ekki satt?

© Inter IKEA Systems B.V. 2013



# Snjallt og smart

## 107.950,-

**UPPLEVA 40” snjallsjónvarp**
Svart. *Fæst einnig hvítt*
**UPPLEVA/HIMNA samsetning 248.295,-**
m/40” snjallsjónvarpi og 2.1 hljóðkerfi

**5**
**ára**
**ÁBYRGÐ**

UPPLEVA snjallsjónvörpum
og hljóðkerfum fylgir
5 ára ábyrgð
án aukakostnaðar.

# MYND HELGARINNAR




**THE BOURNE LEGACY**
**Laugardag kl. 21.20**

Spennumynd frá 2012 með Jeremy Renner, Rachel Weisz og Edward Norton í aðalhlutverkum. Þetta er fjórða myndin sem byggð er á Bourne-skáldsagnaflokknum eftir Robert Ludlum. Núna er komin ný aðalsöguhetja, Aaron Cross, en hasarinn og spennan er sú sama og áður.

# 10 BÍÓ Á STÖÐ 2 BÍÓ

BÍÓ **TOPPMYNDIR**
**Kl. 22.00 alla daga**







Laugardag
**American Reunion**

Miðvikudag
**Bad Teacher**




Sunnudag
**War Horse**







Mánudag
**Black Swan**

Fimmtudag
**Source Code**







Þriðjudag
**Unthinkable**

Föstudag
**Ted**

**Stöð 2 Bíó fylgir frítt með áskrift að Stöð 2**

# DAUÐSFALL O Í GREY'S ANAT



Vinsælasti erlendi þáttur Stöðvar 2, Grey's Anatomy, snýr aftur í kvöld með tvöföldum þætti.

**GREY'S ANATOMY**
**Kl. 20.50 miðvikudaga**

Níundu þáttaröð Grey's Anatomy lauk með dramatískum hætti síðastliðið vor. Stormur gerði usla í Seattle og risastór aurskriða féll á og slasaði hóp fólks sem jók enn álagið á bráðamóttöku Grey Sloan Memorial spítalans. Rafmagnið fór af spítalanum. Gera þurfti keisaraskurð á Meredith í myrkri og Callie komst að því að Arizona hafði verið henni ótrú. Lokaþættinum lauk á því að Richard fékk lífshættulegt rafstuð þegar hann reyndi að koma rafmagninu aftur á.

Dramað heldur áfram í fyrsta þætti tíundu seríunnar sem sýndur verður í kvöld á Stöð 2 en hann er tvöfaldur. Læknar og hjúkrunarfólk á sjúkrahúsinu reyna að ná tökum á ástandinu í kjölfar stormsins og Richards er leitað. Í stiklu sem nýverið var birt á netinu kemur í ljós að einhver deyr í fyrsta þættinum. Það verður þó ekki Christina Yang þótt búið sé að gefa það upp að hún muni ljúka vegferð sinni í þáttunum við lok seríunnar. Ekki er búist við að aðrir leikarar þáttanna hætti eftir tíundu seríuna þó samningar allra þeirra helstu verði þá lausir.

Shonda Rhimes, höfundur og framleiðandi þáttanna, lofar viðburðaríkri þáttaröð þar sem gleði og sorg tvinnast saman. Samband Callie og Arizona er stirt og Callie mun flytja út með Sofiu litlu. Hvort ástkonurnar sem oft eru kallaðar Calzona muni ná saman

## SÍÐASTA ÞÁTTARÖÐ CHRISTINU

Shonda Rhimes, framleiðandi og höfundur Grey's Anatomy, hefur ljóstrað því upp að tíunda sería Grey's verði jafnframt sú síðasta með hinni frábæru leikkonu Söndru Oh sem leikur Christinu Yang. Ekki hefur enn verið ákveðið hvernig Yang muni segja skilið við samstarfsfélaga sína og vini á Grey Sloan Memorial spítalanum. Þó er talið ólíklegt að handritshöfundarnir muni binda endi á líf Christinu en Oh hefur sagst langa til að koma aftur þegar þættirnir ljúka göngu sinni eftir nokkur ár. „Við munum gefa henni þann endi sem hún á skilið," segir Rhimes um Christinu.

Oh hefur leikið Christinu Yang frá upphafi þáttanna árið 2005. „Mér finnst ég hafa gefið allt mitt í hlutverkið og núna er ég tilbúin til að sleppa Christinu lausri," segir Oh í nýlegu viðtali. „Það er ótrúlega áhugavert að leika sömu persónu í svona langan tíma en ég fékk á tilfinninguna að Christina vildi sjálf hætta," segir Oh sem hugleiddi það að hætta fyrir tveimur árum en ákvað að gefa sér tvö ár til að venjast tilhugsuninni.

Rhimes hefur oft haft á orði að hún sjái sjálfa sig í persónu Christinu Yang, metnaðarfulls læknis sem tekur vinnuna fram yfir allt annað. „Einn besti dagur í mínu lífi var þegar Sandra Oh fór í áheyrnarprufu fyrir hlutverkið," segir Rhimes en upphaflega var hlutverkið ekki skrifað með asíska manneskju í huga.

Oh hefur hlotið fjölda tilnefninga fyrir hlutverk sitt sem Christina Yang en tekst nú á við ný verkefni. Ætlunin er að fara á ný að leika á sviði leikhúsanna.

# OG DRAMATÍK TOMY

á ný á eftir að koma í ljós. Nemarnir, sem leiknir eru af Camillu Luddington, Gaius Charles, Jerriku Hinton og Tessu Ferrer, eru orðnir hluti af föstum leikhóp þáttanna. Fastir leikarar þáttanna eru því fimmtán sem er stærsti hópurinn frá upphafi í Grey's.

Brúðkaup verður haldið í vetur en ekki hefur verið gefið upp hverjir munu ganga inn kirkjugólfið. Getgátur eru um þau April og Matthew sem trúlofuðu sig í síðustu þáttaröð. Þar sem níundu seríu lauk hinsvegar á því að April játaði ást sína fyrir Jackson er allt opið í þeim efnum.

Rhimes hefur upplýst að ástin muni svífa yfir vötnum, bæði gömul og ný. Til dæmis muni neminn Leah dífa tánni í ástarlaugina.

Þess má geta að tvö hundraðasti þáttur Grey's verður sýndur í vetur en hann er sá fjórði í þessari þáttaröð. Vinsældir þáttarins hafa lítið dalað þó nú sé siglt inn í tíunda starfsárið og hafa aðstandendur þáttanna gefið út að ekkert lát verði á framleiðslu Grey's næstu árin.







POPP OG KÓK
Kl. 19.20 föstudag

# POPP OG KÓK

Popp og kók er flottur og ferskur þáttur með Unni Eggertsdóttur þar sem öllu því helsta og nýjasta á sviði kvikmynda og tónlistar verða gerð skil. Þátturinn verður á dagskrá Stöðvar 2 á föstudögum klukkan 19.20.

„Ég fjalla um allt það nýjasta sem er að gerast í popptónlist og kvikmyndum, það verður mér ekkert óviðkomandi í menningargeiranum," segir Unnur Eggertsdóttir, stjórnandi þáttarins.

„Ég fæ til mín góða gesti í þáttinn og fer líka á stúfana og heimsæki fólk sem er að gera spennandi hluti. Í fyrsta þættinum hitti ég Einar Lövdahl tónlistarmann og Sögu Garðarsdóttur leikkonu. Svo fæ ég vikulega hljómsveit til mín í þáttinn sem tekur lagið. Svona dagskrárgerð er alveg ný fyrir mér en alveg rosalega skemmtileg. Ég er með smá fiðring í maganum yfir fyrsta þættinum en hlakka rosalega til."



# GOÐSÖGN MEÐ EVRÓPSKT HÁR

SJÁLFSTÆTT FÓLK
Kl. 19.45 sunnudag

„Já, komiði sæl! Næsti viðmælandi minn verður Óttarr Proppé sem er frábær náungi, öðruvísi stjórnmálamaður og einstakur í sinni röð," segir Jón Ársæll Þórðarson um næsta viðmælanda sinn í Sjálfstæðu fólki á sunnudag. Jón Ársæll segist orðinn að betri manni eftir að hafa fylgt Óttarri Proppé eftir um höfuðstaðinn og á heimaslóðirnar í Hafnarfirði þar sem rætur hans liggja.

„Óttarr er heimspekingur, kvikmyndaleikari og goðsögn í íslenskri tónlistarsögu og við förum á æfingu með Dr. Spock þar sem rifjast upp gamlir þungarokkstaktar sem lita þáttinn. Við tölum líka töluvert um hárið á Óttarri en hárgreiðsla hans einkennist af austurevrópskum áhrifum," upplýsir Jón Ársæll sem tók eftir Óttarri þegar hann flutti einstaka jómfrúrræðu sína á Alþingi.

„Þar sagði Óttarr að við ættum ekki að vera eins og skriðdrekar heldur hoppa til og frá eins og íkornar í trjátoppum og taka réttar ákvarðanir. Íkornarnir eru frjálsir og það viljum við líka vera. Svo er Óttarr hættur að drekka og dópa og það er líka plús," segir Jón Ársæll sáttur.




## Dagskrá


7:00 | 11:00 | 15:00


8:00 | 12:00 | 16:00


9:00 | 13:00 | 17:00


10:00 | 14:00 | 18:00


7:25 | 11:25 | 15:25


8:25 | 12:25 | 16:25


9:25 | 13:25 | 17:25


10:25 | 14:25 | 18:25


7:50 | 11:50 | 15:50


8:50 | 12:50 | 16:50


9:50 | 13:50 | 17:50


10:50 | 14:50 | 18:50

## krakkabíó kl 19:00


















Lesnar sögur og skjámynd kl. 20:30 - 22:00

## Garðyrkja




Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, Gokartþjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig viðgerðir á fjórhjólum. JS Vélaverkstæði. S. 554 0661.

**Garðaþjónusta Íslands ehf**
www.gardathjonustaislands.is
Vönduð vinnubrögð
Róbert S. 866 9767

**ÓÝRAR GARÐKLIPPINGAR**
Nú er rétti tíminn fyrir garðklippingar. Fáðu verðtilboð. Engi ehf Sími: 615-1605.

**ER ÖSPIN TIL AMA ?**
Fellum og fjarlægum tré. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 773 0317.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**MÁLARAMEISTARI**
Við tökum að okkur alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Uppl. í s. 868 5171 & egillsverris@gmail.com

**REGNBOGALITIR MÁLNINGARÞJÓNUSTA**
Getum bætt við okkur verkefnum. Uppl. s. 891 9890. malarar@simnet.is

**HIMNAMÁLUN**
Geri tilboð í allt sem tengist málningarvinnu og sandsparsli. Heiðarleiki, fagmennska og sanngjarnt verð. Himnamálun Hilmar Sigurðsson málarameistari S: 851-1960. himnamalun@gmail.com

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**VIÐHALD**
fasteignaviðgerðir
Viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
- múrviðgerðir
- þakviðgerðir
- málningarvinnu
- trésmíðavinnu
- gluggaskipti
- glerskipti
- pípulagnir
- raflagnir
- flísalagnir
- jarðvinna
- hellulagnir

Sími 567 6699
kristjan@vidhald.is

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

## Nudd

Nudd nudd! Heilnudd, slökunarnudd. Upplýsingar í síma 849 7032.

Heilnudd, úrvals nudd fyrir alla. Nuddstofan PT sími. 669 0802.

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun




**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. Rafneisti@gmail.com

## Önnur þjónusta

**Háþrýstiþvottur og Sandblástur**
á nánast hverju sem er
Öflug tæki - GOTT VERÐ
s: 860 2130

# KEYPT & SELT

## Til sölu



**HITAVEITUSKELJAR OG LOK**
Eigum til Hitaveituskeljar til afgreiðslu strax.Stærð 210x210cm. 1650 lítrar. Byggaðar úr trefjagleri. Sterkustu og vönduðustu hitaveituskeljar á markaðnum í dag. Litir: Svört og Moonscape. 100% sjálfberandi skeljar. Eigum lok á lager fyrir rafmagnspotta og hitaveituskeljar. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000, (Sogavegi 3, í verslun Fiskikóngsins)




**MILD MORGUN- OG KVÖLDBIRTA**
Fallegir saltkristalslampar í miklu úrvali. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata), 200 Kópavogi. Opið mán-fös: kl 14-18. Sími 517-8060. www.ditto.is

**www.stolpiehf.is**
**Geymslugámar til sölu og leigu**
Hafðu samband
**Stólpi Gámar ehf**
Klettagörðum 5 | Sími 568 0100

**ÓDÝR HEIMILISTÆKI**
Ísskápar, þvottavélar og fleira. S: 896 8568.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

**KAUPI GULL !**

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.

**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL**

og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.
**Sigga & Timo Linnetsstíg 2,**

**220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSBYGGINGA**
**SJÁ NÁNAR Á: WWW.VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Verslun



**WE-VIBE II OG III**
Unaðstæki ársins fyrir pör mörg ár í röð. Viamax fullnægingarkremið sem virkar o.fl. Tökum millifærslu og greiðslukort. Sendum um allt land www.hush.is

## Heildsala

Gamall lager til sölu, fatnaður og vefnaðarvörur. Áhugasamir sendið email á eyjolfurbe@simnet.is.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

## Nudd

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Óska eftir Buffaló leðursófa. Upplýsingar sendist á hilmarsteingr@simnet.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**BJARTAR ÍBÚÐIR Í RÓLEGU HVERFI.**
2ja til 4ra herb. íb. í 104 RVK. Fullbúnar (húsgögn/heimilistæki). Þvottavél/þurrkari f. hverja íbúð. Leiga 180-270þ pr/mán, hússjóður, þrif, umsjón sameignar innifalið. Reyklaust hús. Aðeins reglusamir koma til greina. Lausar 01. okt 2013.
**Uppl. í s. 862 8800 & abcholding@internet.is**

Gott herbergi með aðgang af WC og snyrtingu í fjölbýli. Svæði 110. Algjör reglusemi áskilin. Leiga 45þús á mán. Rafmagn, hiti og hússjóður innifalin. Áhugasamir sendið svar á galleku@gmail.com

2. herb. 60fm íbúð til leigu í 107. Leiga 140þús. per/mán. Uppl. í s. 612 6019 e. kl. 17.

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

3. herb. + eldhús. Klósett og sturta í sameign, tilbúin strax í 101 Rvk. Áhugasamir sendið á email: eyjolfurbe@simnet.is

70fm, 2ja herbergja útsýnisíbúð við Eiðistorg. Til leigu í 3mán, stæði í bílageymslu, verð 110þ. á mán. Okt&Nov fyrirfram. S: 431 2368.

## Atvinnuhúsnæði

75 fm verslunarhúsnæði til leigu á Smiðjuvegi. Uppl. í síma 6989030

Til leigu um 90 fm atvinnuhúsnæði í Kóp. Innkeyrsludyr. Uppl. í s. 860 8960.

## Geymsluhúsnæði

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**GEYMSLUHÚSNÆÐIÐ AUÐNUM II, 190 VOGAR.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## Bílskúr

Til leigu bílskúr við Sléttahraun í Hafnarfirði upplýsingar í síma 864 7272

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**LEIKSKÓLINN SKERJAGARÐUR**
Bauganesi 13 101 rvk er að leita af áhugasömum og jákvæðum starfsmanni sem hefur brennandi áhuga á að vinna með börnum. Um framtíðarstarf er að ræða. Umsóknir sendist á skerjagardur@skerjagardur.is

Röska menn vantar á hjólbarðaverkstæði. Íslenskumælandi skilyrði. Barðinn, Skútuvogi 2 S. 568 3080.






ORKUSTOFNUN

# Auglýsing frá Orkustofnun

Verkefnisstjórn verndar- og orkunýtingaráætlunar (Rammaáætlunar) fjallar um virkjunarkosti og þau landsvæði sem viðkomandi virkjunarkostir hafa áhrif á að hennar mati. Samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laga um verndar og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011, leggur Orkustofnun til þá virkjunarkosti sem verkefnisstjórnin fjallar um. Rammaáætlun tekur til landsvæða og virkjunarkosta sem verkefnisstjórn fjallar um og hafa uppsett rafafl 10 MW eða meira eða uppsett varmaafl 50 MW eða meira.

Orkustofnun auglýsir hér með eftir því að lögaðilar, sem hafa áhuga á að virkjunarkostir verði teknir til meðferðar hjá verkefnisstjórn Rammaáætlunar, óski eftir því við stofnunina. Á það einnig við um þá kosti sem þegar hefur verið fjallað um svo og óháð því í hvaða flokk þeir voru settir við lok annars áfanga áætlunarinnar, að því undanskildu að komið hafi til friðlýsingar í samræmi við 50. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 og ekki sé tiltekið í friðlýsingarskilmálum að virkjunarframkvæmdir séu heimilar.

Beiðni um slíka umfjöllun skal send Orkustofnun eigi síðar en 1. nóvember 2013 eigi hún örugglega að koma til afgreiðslu í 3. áfanga Rammaáætlunar. Með beiðninni skal eftir atvikum fylgja lýsing á fyrirhugaðri virkjun, áætluðum virkjunarstað, helstu mannvirkjum og öðrum framkvæmdum sem henni tengjast og eftir því sem kostur er áætlun um afl og orkugetu og stofn- og rekstrarkostnað virkjunar, eða tilvísun til slíkrar lýsingar sem fengið hefur umfjöllun í fyrri áföngum Rammaáætlunar.

Ef virkjunarkostur er að mati Orkustofnunar nægilega skilgreindur skal verkefnisstjórn fá hann til umfjöllunar. Orkustofnun getur einnig að eigin frumkvæði falið verkefnisstjórn að fjalla um virkjunarkosti.

*Reykjavík, 1. október 2013*
*orkumálastjóri*

Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali

EIGNAMIÐLUN

Frá 1957 Sala fasteigna í 55 ár
Elsta starfandi fasteignasala landsins

**Skipasund 92 – 5-6 herb. Sérhæð og bílsk.**




Skipasund 92 íbúð 0101 er 5-6 herbergja sérhæð á miðhæð og í risi ásamt bílskúr í góðu húsi. Sér inngangur. Fjögur svefnherbergi. Tvær stofur. Tvö baðherbergi. Endurnýjað eldhús. Íbúðin er nýlega máluð og laus strax. **V. 34,0 millj.**
**Eignin er sýnd í dag miðvikudag frá kl. 17:15 - 17:45**

588 9090 · www.eignamidlun.is · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík

BORGIR
FASTEIGNASALA

**Jörfalind 8 - endaraðhús**




**OPIÐ HÚS Í DAG KL. 18.00 TIL 18.30**
BORGIR fasteignasal sýna ca 151 fm glæsilegt enda-raðhús á eftirsóttum stað. Allar innréttingar í húsinu eru flottar. Loft tekin upp. Mikið útsýni út á Faxaflóa. Góður garður og hellulagðar verandir fyrir framan hús og út frá stofu. Íbúðin er: Stofa og borðstofa og tvö svefnherbergi. Fallegar innréttingar í eldhúsi og á baði. Innbyggður bílskúr.
**Ásett verð 57,0 Áhugasamir velkomnir milli 18.00 og 18.30 í dag þriðjud.**
**Sölufólk Borga á staðnum.**

**Furugerði v. Álmgerði • Sími 588-2030 • Fax 588-2033**
**Lögg.fast. Sigríður Gunnlaugsdóttir**

# SMIÐIR
# VERKAMENN
# MÚRARAR

ERUM MEÐ VANA SMIÐI, VERKAMENN OG MÚRARA SEM ÓSKA EFTIR MIKILLI VINNU.
HANDAFL EHF

**S. 777 2 333**

## Félagsþjónusta Rangárvalla – og Vestur Skaftafellssýslu auglýsir lausa stöðu félagsráðgjafa eða einstaklings með háskólamenntun sem nýtist í starfi.

***Í starfinu felst m.a. vinna vegna:***
- Barnaverndarmála
- Fjárhagsaðstoðar
- Félagslegrar ráðgjafar í einstaklings- og fjölskyldumálum

**Menntun og hæfniskröfur:**
- Krafist er menntunar á sviði félagsráðgjafar eða annarrar háskólamenntunar sem nýtist í starfi
- Reynsla á sviði barnaverndar æskileg
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfileikar og sjálfstæð vinnubrögð
- Áhugi á þverfaglegri teymisvinnu

Æskilegt er að viðkomandi hefji störf sem fyrst.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi viðeigandi stéttarfélags og Launanefndar sveitarfélaga. Störfin hæfa jafnt körlum sem konum.

Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila berist skriflega Félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu, Suðurlandsvegi 1-3, 850 Hella, **eigi síðar en 18. október 2013.**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Katrín Þorsteinsdóttir, félagsmálastjóri, katrin@felagsmal.is eða í síma 487-8125.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi






**FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS**
gjofsemgefur.is
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar

# Fasteignir.is
## -Nú með Fasteigna-App

**Fáðu Fasteigna-Appið í símann þinn!**




- Með nýja Fasteigna-Appinu skapast íslenskum símnotendum nýir og skemmtilegir möguleikar að leita að fasteignum í farsímum
- Allar eignir sem eru til sölu og leigu á Íslandi eru inni á Fasteigna-Appinu
- Myndir af eignum koma upp í símann þinn ásamt upplýsingum um opin hús
- Nákvæm leiðarlýsing frá þeim stað sem viðkomandi er staðsettur

vísir.is



## Hefur þú iðnmenntun eða stúdentspróf og hyggur á frekara nám

Erhvervsakademiet Lillebælt (áður Odense Tekniske Skole) heldur kynningu á námi við skólann miðvikudaginn 2. október 2013 kl. 20.00 í Húsi meistaranna að Skipholti 70

**Eftirfarandi námsgreinar verða kynntar:**
- Byggingaiðnfræði
- Byggingafræði
- Rafmagnsiðnfræði á veikstraumssviði
- Framleiðslutækni
- Rafmagnsiðnfræði á sterkstraumssviði
- Grafísk hönnun
- Orkutækni

Erhvervsakademiet Lillebælt er gamalgróinn skóli sem leggur mikinn metnað í að bjóða nemendum sínum allt það besta á hverjum tíma. Komið og kynnið ykkur möguleika sem eru í boði varðandi nám við skólann. Frekari upplýsingar í síma 862 9131 eða á reynir@verksyn.is

LILLEBÆLT

Erhvervsakademiet Lillebælt
Munke Mose Allé 9
5000 Odense C
Danmark
tlf. 0045 - 70105800
heimasíða: www.eal.dk
E-mail: eal@eal.dk



# TÍMAMÓT



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**SÆMUNDUR EYLAND SIGURBJÖRNSSON**
**frá Stykkishólmi, áður til heimilis að Fjarðarási 9, Reykjavík,**

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Mörk mánudaginn 23. september. Útför fer fram frá Árbæjarkirkju fimmtudaginn 3. október klukkan 13.00. Hann verður jarðsettur í Þorlákshafnarkirkjugarði.

**Lárus Sigurbjörn Sæmundsson**
**Birgir Rúnar Sæmundsson** **Cynthia V. Cruz**
**Grétar Már Sæmundsson**
**Brynjar Eyland Sæmundsson** **Hulda B. Magnúsdóttir**
**Hildur Þuríður Sæmundsdóttir** **Þórður Sigurvinsson**
**Ómar Örn Sæmundsson** **Ruby Gabríela Sæmundsson**
**Erling Viðar Sæmundsson** **Anna Fía Ólafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐFINNA STEINSDÓTTIR**
**Skessugili 7, Akureyri, áður búsett á Siglufirði,**

sem lést 26. september, verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju föstudaginn 4. október kl. 13.30.

**Júlíus Gunnlaugsson**
**Sólveig Júlíusdóttir** **Björn Ó. Björgvinsson**
**Gunnar Júlíusson** **Sigþóra Gústafsdóttir**
**Anna Júlíusdóttir** **Heiðar Elíasson**
**Gunnlaugur Júlíusson** **Jónína Salóme Jónsdóttir**
**Sverrir Júlíusson** **Svala Guðbjörg Lúðvíksdóttir**
**Þröstur Ólafsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**UNA SIGRÚN JÓNSDÓTTIR (RÚNA)**
**Hlaðbrekku 21, Kópavogi,**

lést miðvikudaginn 25. september á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Sérstakar þakkir eru færðar starfsfólki líknardeildarinnar fyrir góða aðhlynningu. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 7. október kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Nýja rödd hjá Krabbameinsfélagi Íslands eða líknardeild Landspítalans í Kópavogi.

**Jóna Hansdóttir** **Gísli Jónsson**
**Steinfríður Haraldsdóttir**
**Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir** **Þorsteinn F. Þráinsson**
**Unnur Friðþjófsdóttir** **Magnús Valdimarsson**
**Þröstur Friðþjófsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elsku maðurinn minn, faðir okkar, bróðir, tengdasonur og mágur,

**ANDRÉS SVAVARSSON**
**Þingási 45, Reykjavík,**

sem lést á Hjúkrunarheimilinu Mörk þann 23. september verður jarðsunginn frá Guðríðarkirkju í Grafarholti fimmtudaginn 3. október kl. 15. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja heiðra minningu hans er bent á Heilavernd, s. 862-8104.

**Þóra Stephensen**
**Örvar Andrésson**
**Dagbjört Andrésdóttir**
**Guðni B. Svavarsson** **Kristín Ólafsdóttir**
**Þórir Stephensen** **Dagbjört G. Stephensen**
**Elín Stephensen**
**Ólafur Þ. Stephensen** **Halldóra Traustadóttir**
**Viðar Gíslason**


## Legsteinar og fylgihlutir

Frí uppsetning á höfuðborgarsvæðinu
og frí sending út á land
á öllum keyptum legsteinum

**Mikið úrval - Gerið verðsamanburð**



Steinsmiðjan Mosaik
Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík - sími 587 1960 - www.mosaik.is




Elskuleg eiginkona mín, dóttir, móðir, tengdamóðir og amma,

**ÞÓRUNN SIGURÐARDÓTTIR**
**Suðurengi 17, Selfossi,**

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands sunnudaginn 29. september.

**Jóhann Stefánsson**
**Sigurður Bjarnason**
**Sigurður Óli Bragason** **Unnur Unnarsdóttir**
**Stefán Jóhannsson** **Tinna Rán Ægisdóttir**
**Guðlaug Erla Jóhannsdóttir** **Emil Orri Michelsen**
**og barnabörn.**



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÁSMUNDUR PÁLSSON**
**Eskihlíð 6,**

andaðist sunnudaginn 29. september.

**Unnur Konráðsdóttir**
**Páll Ásmundsson** **Einhildur Pálsdóttir**
**Dagbjört Thelma Ásmundsdóttir**
**Sigríður Ásmundsdóttir** **Kristófer Magnússon**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskuleg móðir mín, systir okkar og frænka,

**EIR ÞORVALDSDÓTTIR**
**Týsgötu 3, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum þann 12. september. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Kvennadeildar Landspítalans, 21-A og hjúkrunarþjónustu Karitas fyrir alúðlega og faglega umönnun og aðstoð.

**Máni Veigar Sverrisson**
**Urður og Sigríður Þorvaldsdætur**
**Þorvaldur Skúli og Ingigerður Sólveig**
**aðrir aðstandendur og vinir.**



Ástkær kona mín og móðir okkar,

**HULDA HARALDSDÓTTIR**

sem lést sunnudaginn 22. september á líknardeild í Kópavogi, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju, fimmtudaginn 3. október kl. 15.00.

**Gunnlaugur Gestsson**
**Alma Gunnlaugsdóttir**
**Ísak Gunnlaugsson**



Elskuleg eiginkona mín, móðir, amma og langamma,

**VILBORG FILIPPÍA GUÐMUNDSDÓTTIR**
**Suðurbraut 14, Hafnarfirði,**

lést þann 22. september á gigtardeild Landspítalans. Hún verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju 4. október kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþökkuð.

**Eyjólfur Jónsson**
**Guðbjörg Linda Kærnested**
**Jón Eyjólfsson**
**Einar Snæbjörn Eyjólfsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÓLÖF GUÐBJÖRG TRYGGVADÓTTIR**
**Óla frá Glerárbakka**
**Lindasíðu 4, Akureyri,**

lést föstudaginn 27. september. Útförin verður auglýst síðar.

**Guðlaug Ósk Guðjónsdóttir** **Birgir Skjóldal**
**Guðmundur Karl Guðjónsson** **Sigrún Guðmundsdóttir**
**Ásmundur Jónas Guðjónsson** **Helga María Stefánsdóttir**
**Valborg Inga Guðjónsdóttir** **Guðjón Páll Jóhannsson**
**Tryggvi Stefán Guðjónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Sönggleði í kvöld

## Björk Vilhelmsdóttir fagnar stórafmæli.

„Ef einhvern tíma er ástæða til að fagna er það þegar maður er búinn með fyrri hluta aldarinnar. Þá vonar maður bara að maður fái að njóta sem lengst af seinni helmingnum," segir Björk Vilhelmsdóttir, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar, sem fagnar fimmtugsafmæli sínu í dag. „Fyrst og fremst er ég þakklát á þessum tímamótum, því lífið hefur reynst mér svo gott á margvíslegan hátt og ég er rík af börnum, barnabörnum og reynslu. Auðvitað hef ég lent í ýmsu en það er bara hluti af reynslunni og mér dettur ekki í hug að fyllast eftirsjá yfir neinu. Hugsaðu þér ef það væru eintómir sunnudagar í lífinu, þá kynni maður ekki að meta mánudagana," bætir hún við.



**FIMMTUG** Björk Vilhelmsdóttir er fimmtug í dag.

Í kvöld blæs Björk til veislu í Iðnó í kvöld þar sem sönggleði mun ráða ríkjum. „Nánast allir í fjölskyldunni hafa verið í tónlist nema ég, svo ég er orðin atvinnuhlustandi. Í rauninni má segja að afmælið sé haldið til að fjölskyldan og fleiri geti komið fram. Ef fólk vill endilega gefa mér eitthvað í afmælisgjöf bendi ég því á að gefa heldur flóttabörnum frá Sýrlandi eða konum og börnum á Gasa sem þurfa neyðaraðstoð, en það má gefa mér allt í söngformi," segir borgarfulltrúinn og nefnir þrítugsafmælisdaginn sem einn af þeim eftirminnilegri. „Það einkennir alla mína afmælisdaga að haustlitadýrðin er einstök. Þegar ég varð þrítug bauð ég öllum þeim konum sem næst mér standa í rútuferðalag upp í Heiðmörk þar sem við nutum haustlitanna saman. Það var ógleymanleg haustsinfónía."

kjartan@frettabladid.is



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**HÁKON HAUKDAL JÓNSSON**
**frá Haukadal í Dýrafirði,**

andaðist þann 29. september síðastliðinn. Útför auglýst síðar.

**Ólafur Jón Hákonarson** **Kristín Traustadóttir**
**Erla M. Jarvis Hákonardóttir** **R.R. Jarvis**
**Bergþóra Haukdal Hákonardóttir**
**Jón Ingi Hákonarson** **Guðbjörg Markúsdóttir**
**Linda Björk Hákonardóttir**
**Ingólfur Hákonarson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra

**HERBERTS JÓHANNESAR GUÐBRANDSSONAR**
**frá Lækjarbakka, Tálknafirði.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks Hrafnistu við Kleppsveg.

**Olga Herbertsdóttir** **Ásgeir Kristinsson**
**Jón Herbertsson**
**Sævar Herbertsson** **Dagný Bjarkadóttir**
**Einar Herbertsson** **Freyja Benediktsdóttir**
**Ómar Herbertsson** **Margrét Hermannsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



Elskuleg systir okkar, mágkona og frænka,

**GUÐRÚN THORARENSEN**
**áður til heimilis að Fjölnisvegi 1, Reykjavík,**

lést á hjúkrunarheimilinu Eir, föstudaginn 27. september. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju, þriðjudaginn 8. október kl. 15.00.

**Solveig Thorarensen** **Sturla Eiríksson**
**Ásta Guðrún Thorarensen** **Jóhannes Ástvaldsson**
**og systkinabörn hinnar látnu.**



Hjartkær móðir okkar,

**JÓNÍNA STEFANÍA HALLGRÍMSDÓTTIR (JÓNA)**
**Spítalastíg 3, Hvammstanga,**

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi, aðfaranótt 30. september. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Þórdís**
**Guðmundur Víðir**
**Einar Hafsteinn**
**Sigurlaug Jakobína**
**Silja**

# WHIRLPOOL FRYSTITÆKI





**Whirlpool WHM4611**
- 454 Lítra frystikista
- 4 körfur
- Hraðfrysting
- Ljós í kistunni og lás
- 2 hjól og 2 fætur
- ECO Stilling (orkusparnaður)
- Orkuflokkur A+
- Frystigeta á sólahring 21kg
- Frystigeta við straumrof 35 klst
- Mál (hxbxd): 92 x 141 x 70 sm

**VERÐ 119.995**
FRÁBÆRT VERÐ

**Whirlpool AFG6292B**
- 255 Lítra frystikista
- 2 körfur
- Hraðfrysting
- Ljós í kistunni og lás
- 2 hjól og 2 fætur
- ECO Stilling (orkusparnaður)
- Orkuflokkur B
- Frystigeta á sólahring 17kg
- Frystigeta við straumrof 35 klst
- Mál (hxbxd): 88,5 x 95 x 66 sm.

**VERÐ 64.995**
FRÁBÆRT VERÐ

## WHIRLPOOL FRYSTIKISTUR

| | Lítrar nettó | Hæð í sm | Breidd í sm | Dýpt í sm | Körf-ur | Lás | Ljós | Frystig. 24 klst. | Orku-flokk. | FRÁBÆR VERÐ |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| WH1410 | 133 | 87 | 58 | 65 | 1 | Já | Nei | 13 kg | A+ | **Kr. 64.995** |
| WHM2511 | 251 | 92 | 101 | 70 | 1 | Já | Já | 18 kg | A+ | **Kr. 79.995** |
| AFG6292B | 255 | 89 | 95 | 66 | 2 | Já | Já | 17 kg | B | **Kr. 64.995** |
| WHM3111 | 311 | 92 | 118 | 70 | 2 | Já | Já | 20 kg | A+ | **Kr. 89.995** |
| WHM3911 | 390 | 92 | 141 | 70 | 3 | Já | Já | 20 kg | A+ | **Kr. 99.995** |
| WHE3939T 6th Sense | 390 | 92 | 141 | 70 | 4 | Já | Já | 18 kg | A+ | **Kr. 109.995** |
| WHM4611 | 454 | 92 | 141 | 70 | 4 | Já | Já | 21 kg | A+ | **Kr. 119.995** |

| WHIRLPOOL FRYSTISKÁPAR | | | | | Hillur | Skúffur | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| AFB601 | 202 | 159 | 60 | 61 | 0 | 4 | Já | 24 kg | A+ | **Kr. 59.995** |
| WV1510 | 165 | 143 | 55 | 58 | 0 | 6 | Já | 8 kg | A+ | **Kr. 84.995** |
| WVE1640W | 202 | 159 | 60 | 61 | 2 | 4 | Já | 24 kg | A+ | **Kr. 99.995** |
| WVE1840W | 235 | 179 | 60 | 63 | 2 | 5 | Já | 24 kg | A+ | **Kr. 114.995** |

*FRÁBÆRT VERÐ FRÁBÆRT VERÐ FRÁBÆRT VERÐ FRÁBÆRT VERÐ FRÁBÆRT VERÐ*

Whirlpool

Heimilistæki ht.is

*UMBOÐSMENN UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

## Verður þú Íslandsmeistari í Ökuleikni?

**Laugardagur 5. október**

Ökuleikni á rútum kl. 12
Ökuleikni á trukkum kl. 14

Meirapróf er skilyrði fyrir þátttöku.

**Sunnudagur 6. október**

Opin Íslandsmeistarakeppni í Ökuleikni á fólksbílum kl. 13.

Keppnirnar fara fram á svæði Ökuskóla 3 við Borgartún í Reykjavík. Skráning og nánari upplýsingar eru á www.brautin.is og í síma 588 9070.

ÖKULEIKNI 2013

Brautin - bindindisfélag ökumanna







## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | | 9 | 5 | | | | | |
| | | 6 | | 1 | | 7 | | 4 |
| | | 1 | | | | 8 | 5 | |
| 3 | 9 | | | | | | | 5 |
| | | | 3 | | 9 | | 7 | |
| 7 | 2 | 5 | 8 | 4 | 6 | | | |
| | 4 | | 2 | 6 | | 3 | | 8 |
| | | | 1 | | 3 | | | |
| 9 | 5 | | 4 | 7 | | | | 6 |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 7 | 6 | | 2 | 8 | | 3 | |
| 5 | | | | | 6 | | 8 | 4 |
| 8 | 2 | | | | 3 | | 7 | |
| | | | 8 | 6 | | 7 | | 2 |
| | | | | | | | | |
| | 1 | 9 | | | 5 | | | 6 |
| 9 | | | 3 | 5 | | | | |
| | | 8 | | 7 | | 9 | 6 | |
| 2 | 3 | | | | | 4 | 5 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | | | 3 | | | |
| 8 | | 4 | | | 6 | | | 3 |
| 3 | | | 1 | 4 | | | 7 | |
| | 5 | | 2 | | | 8 | | 6 |
| 6 | | | | 5 | 9 | | 2 | |
| 2 | | 3 | | | | | | |
| | 4 | 5 | 3 | 1 | | | 8 | |
| | | | | | | | | 9 |
| | 3 | | 7 | | | | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 9 | 8 | 3 | 5 | 1 | 4 | 6 | 2 |
| 3 | 6 | 1 | 4 | 7 | 2 | 9 | 5 | 8 |
| 4 | 2 | 5 | 6 | 8 | 9 | 7 | 1 | 3 |
| 2 | 3 | 6 | 8 | 4 | 5 | 1 | 7 | 9 |
| 8 | 4 | 9 | 7 | 1 | 6 | 2 | 3 | 5 |
| 1 | 5 | 7 | 9 | 2 | 3 | 6 | 8 | 4 |
| 9 | 7 | 3 | 2 | 6 | 8 | 5 | 4 | 1 |
| 5 | 8 | 4 | 1 | 9 | 7 | 3 | 2 | 6 |
| 6 | 1 | 2 | 5 | 3 | 4 | 8 | 9 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 9 | 4 | 2 | 1 | 5 | 7 | 3 | 6 |
| 1 | 6 | 7 | 3 | 4 | 8 | 2 | 5 | 9 |
| 3 | 2 | 5 | 6 | 9 | 7 | 1 | 8 | 4 |
| 2 | 1 | 9 | 7 | 3 | 4 | 8 | 6 | 5 |
| 4 | 7 | 8 | 5 | 6 | 2 | 9 | 1 | 3 |
| 5 | 3 | 6 | 9 | 8 | 1 | 4 | 7 | 2 |
| 7 | 8 | 3 | 4 | 2 | 6 | 5 | 9 | 1 |
| 6 | 4 | 1 | 8 | 5 | 9 | 3 | 2 | 7 |
| 9 | 5 | 2 | 1 | 7 | 3 | 6 | 4 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 3 | 2 | 6 | 9 | 5 | 7 | 1 | 4 |
| 7 | 4 | 9 | 2 | 3 | 1 | 6 | 5 | 8 |
| 1 | 5 | 6 | 4 | 7 | 8 | 9 | 2 | 3 |
| 3 | 6 | 5 | 7 | 4 | 9 | 2 | 8 | 1 |
| 9 | 7 | 8 | 3 | 1 | 2 | 4 | 6 | 5 |
| 2 | 1 | 4 | 5 | 8 | 6 | 3 | 7 | 9 |
| 4 | 2 | 7 | 8 | 5 | 3 | 1 | 9 | 6 |
| 5 | 9 | 3 | 1 | 6 | 7 | 8 | 4 | 2 |
| 6 | 8 | 1 | 9 | 2 | 4 | 5 | 3 | 7 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**Athugunarlaus maður gengur um skóginn án þess að sjá nokkurt tré.**

*Málsháttur.*

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**2.** gas, **6.** átt, **8.** knæpa, **9.** spendýr, **11.** óð, **12.** skipað niður, **14.** fjandi, **16.** hola, **17.** traust, **18.** stígandi, **20.** þófi, **21.** fat.

**LÓÐRÉTT**
**1.** skjótur, **3.** kúgun, **4.** lærimeistari, **5.** lögg, **7.** fíflalæti, **10.** röst, **13.** sigað, **15.** ekkert, **16.** heyskaparamboð, **19.** ætíð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** loft, **6.** na, **8.** krá, **9.** api, **11.** ær, **12.** raðað, **14.** satan, **16.** op, **17.** trú, **18.** ris, **20.** il, **21.** flík. **LÓÐRÉTT: 1.** snar, **3.** ok, **4.** fræðari, **5.** tár, **7.** apaspil, **10.** iða, **13.** att, **15.** núll, **16.** orf, **19.** sí.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Hilmir Freyr Heimisson er einn átta fulltrúa Íslands á EM ungmenna sem nú er í gangi Budva í Svartfjallalandi. Hér teflir hann við skoskan skákmann.**

**Hvítur á leik**



**22. He8+!** (22. Re8 er einnig gott)...**28. Hxe8 29. Rxe8 Be5 30. Hd6!** Vinnur manninn til baka með yfirburðatafli og skákina skömmu síðar. Óskar Víkingur Davíðsson byrjaði best íslensku skákmannanna, vann tvær fyrstu skákirnar. **www.skak.is.** Stórmeistaramót TR hófst í gær.

SAMSUNG

SAMSUNG-UExxF6675SB




# Er þetta ekki einmitt tækið sem þig hefur dreymt um að eignast?

## 6600 LÍNAN

## 6400 LÍNAN




SAMSUNG-UExxF6475SB

**6400 LÍNAN:**

| | |
|---|---|
| 40" | = 219.900.- |
| 46" | = 269.900.- |
| 55" | = 379.900.- |
| 65" | = 699.900.- |
| 75" | = 1.290.000.- |

**6600 LÍNAN:**

| | |
|---|---|
| 40" | = 259.900.- |
| 46" | = 299.900.- |
| 55" | = 449.900.- |

# Samsung sjónvörpin eru einstök og í algjörum sérklassa

## Samsung 6000 · LED · 3D · SMART TV



Tvenn 3D gleraugu fylgja.

Clear Motion Rate: 200–600 Hz · Upplausn: 1920 x 1080p FULL HD · Skjár: Clear · Skerpa: Mega AllShare: Auðveld samskipti Samsung tækja · USB: Movie, kvikmyndir, ljósmyndir, tónlist · Upptökumöguleiki: Já – tekur upp sjónvarpsútsendingu á utanáliggjandi harðan disk · Netvafri: Já · Social TV: Já – horfðu á sjónvarp og vertu á Facebook, You Tube, Flickr, Skype ofl. · Sjónvarpsmóttakari: Digital, Analog og gervihnatta · Tengingar: 4xHDMI, 3xUSB Movie, 1xScart, Komponent, Komposit, LAN, heyrnartól · Stærðir: 32", 40", 46" og 55"



Örþunnt og fallegt

SAMSUNG SETRIÐ · ORMSSON · BT

SÍÐUMÚLA 9 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2900

SKEIFAN 11· SÍMI 530 2800 / GLERÁRTORGI · SÍMI 550 4444

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON<br>AKUREYRI<br>SÍMI 461 5000 | ORMSSON<br>KEFLAVÍK<br>SÍMI 421 1535 | ORMSSON<br>AKRANESI<br>SÍMI 530 2870 | ORMSSON<br>ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI<br>SÍMI 456 4751 | KS<br>SAUÐÁRKRÓKI<br>455 4500 | ORMSSON<br>HÚSAVÍK<br>SÍMI 464 1515 | ORMSSON<br>VÍK-EGILSSTÖÐUM<br>SÍMI 471 2038 | ORMSSON<br>PAN-NESKAUPSTAÐ<br>SÍMI 477 1900 | ORMSSON<br>ÁRVIRKINN-SELFOSSI<br>SÍMI 480 1160 | GEISLI<br>VESTMANNAEYJUM<br>SÍMI 481 3333 |

sjá nánar á www.samsungsetrid.is & www.bt.is



**FEÐGAR** Ívar Símonarson og Símon H. Ívarsson flytja lög eftir fremstu gítarsnillinga flamenco-tónlistarinnar.

# Flamenco-tónlist og gítar falla vel saman

Feðgarnir og gítarleikararnir Símon H. Ívarsson og Ívar Símonarson spila flamenco-tónlist á Café Rosenberg annað kvöld, fimmtudag, frá klukkan 21.

Við ætlum að spila tónlist eftir fremstu gítarsnillinga flamenco-tónlistarinnar, eins og Paco de Lucia, Sabicas og Paco Peña og einnig kynna mismunandi form flamenco,“ segir Símon H. Ívarsson gítarleikari um tónleika sem hann og sonur hans Ívar halda annað kvöld klukkan níu á Café Rosenberg.

Símon kveðst hafa lært í Vínarborg en farið í námsferðir til Spánar til að stúdera flamenco-tónlist sérstaklega. „Ég var alltaf heillaður af spænskri músík og finnst flamenco og gítar falla svo vel saman. Samt er það þannig að gítarleikarar á Íslandi hafa ekki hætt sér mikið út í þá tegund tónlistar.“

Ívar hefur lært hjá föður sínum. „Hann hefur ekki viljað vera annars staðar og ég hef bara gaman af því,“ segir Símon glaðlega en tekur fram að sonurinn hafi gengið gegnum öll stigspróf menntamálaráðuneytisins og kenni nú á nokkrum stöðum. En hefur þeim feðgum tekist að koma Íslendingum á flamenco-bragðið?

„Við héldum slíka tónleika í Listasafni Íslands í fyrra og aftur á menningarnótt í ár. Líka eina í Mosfellsbænum,“ segir Símon. „Höfum ekkert farið út á land enn þá en það kemur að því.“ **- gun**

# Frá Háteigskirkju beint til Bonn

Kammerkórinn heldur tónleika í Háteigskirkju annað kvöld og að því loknu heldur hann til Bonn í Þýskalandi þar sem hann kemur fram á menningarhátíðinni Yfir landamæri. Sigurður Bragason er stjórnandi kórsins.

Það verða bara þessir einu tónleikar því strax í næstu viku förum við til Þýskalands,“ segir Sigurður Bragason, stjórnandi Kammerkórsins sem heldur tónleika í Háteigskirkju annað kvöld. „Við verðum með svipaða efnisskrá og á tónlistarhátíðinni Amici della Musica Foligno á Ítalíu í ágúst og yfirskrift tónleikanna er Jesús mín morgunstjarna.“

Þýskalandsferðin sem Sigurður vísar til er boð á menningarhátíðina Yfir landamæri í Bonn, þar sem kórinn mun halda tvenna tónleika 12. og 13. október. Sigurður hefur lengi verið viðloðandi menningarhátíðir í Bonn, hvernig kom það til? „Ég var fenginn til að syngja á Bonner Sommer-listahátíðinni árið 1991 og hef síðan oft verið þeim innan handar við skipulagningu og útvegun listamanna á ýmsar hátíðir sem þeir halda,“ segir Sigurður. „Þeir eru mjög rausnarlegir við listamennina sem þeir bjóða og sem dæmi get ég sagt þér að kórinn fær 800.000 krónur fyrir að koma fram á þessum tvennum tónleikum núna, auk ókeypis ferða og uppihalds. Það eru ágætis dagpeningar fyrir fimmtán manna kór.“

Kammerkórinn er þó ekki einn á ferð því Bonn býður borgarstjórum, biskupum og listafólki frá borgunum Salzburg, La Paz, Cape Cost, Chengdu, Bukhara, Minsk, Yerevan og Kópavogi að taka þátt í umræðum og ráðstefnum og listafólkinu að vera með tónleika, leiksýningar, myndlistarsýningar og fleira. Frá Íslandi fara Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogs, og Kristján Valur Ingólfsson, vígslubiskup í Skálholti, dr. Þórhallur Eyþórsson prófessor, sem verður með fyrirlestur, rithöfundurinn Eiríkur Örn Norðdahl, dansarinn Sigríður Soffía Níelsdóttir, Rósa Gísladóttir myndlistarkona og Íslenski kammerkórinn.

**fridrikab@frettabladid.is**



**STJÓRNANDINN** Sigurður hefur verið viðloðandi skipulagningu á hátíðum í Bonn síðan 1991. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA






# Tíminn hann er trunta

BÆKUR: ★★★☆☆

**Árið sem tvær sekúndur bættust við tímann**

Rachel Joyce
Þýðing: Ingunn Snædal
Bjartur




Rachel Joyce sló hressilega í gegn með sinni fyrstu skáldsögu, Hinni ótrúlegu pílagrímsgöngu Harolds Fry. Allir og amma þeirra lásu þá bók og flestir hrifust upp úr skónum. Það er því með mikilli eftirvæntingu sem lesturinn á Árinu sem tvær sekúndur bættust við tímann hefst. Skyldi henni takast jafn vel upp í bók númer tvö?

Sagan fer hægt af stað og lesandinn er smástund að átta sig á hvernig sögusviðin tvö, saga drengsins Byrons árið 1972 og saga utangarðsmannsins Jims í nútímanum, tengjast. Sagan stekkur fram og til baka í tíma; við fáum að fylgjast með því þegar Byron verður óvart valdur að slysi sem setur niðurnjörvað miðstéttarlíf fjölskyldunnar í uppnám og þess á milli fylgjumst við með Jim reyna að fóta sig utan veggja geðsjúkrahússins þar sem hann hefur dvalið meira og minna frá unga aldri. Báðar persónurnar eru dálítið sér á parti en höfundurinn hefur greinilega samúð með þeim og þrátt fyrir ótrúlega pirrandi ávana þeirra beggja smeygja þeir sér inn undir húð lesandans og honum fer smátt og smátt að þykja jafnvænt um þá og höfundinum. Vinur Byrons, James, og Díana móðir hans eru líka spennandi persónur sem vekja áhuga en aðrar persónur eru ansi steríótýpískar og einhliða. Lágstéttarkonan Beverley sem lýgur sig inn á gafl hjá fjölskyldunni er dæmigert „hvítt drasl“ og liggur við að það örli á fordómum í persónulýsingu hennar og eiginmaður Díönu, faðir Byrons, er eins og snýttur út úr nefi breskra gamanþátta sem byggjast á að gera grín að rembingi millistéttarinnar.

Þessi óbalans í persónusköpuninni er stór galli, sérstaklega verða endurteknar lýsingar á lágstéttarlævísi Beverley hvimleiðar til lengdar. Það er í rauninni saga Jims sem gerir söguna áhugaverða og eins og kemur í ljós er saga Byrons og fjölskyldu hans nauðsynlegur inngangur að henni, þannig að þegar allt seint og um síðir smellur saman í höfði lesandans verða áhrifin sterk og hann fyrirgefur höfundi fúslega allar krókaleiðir og óþarfa dramatík. Joyce er nefnilega fjáranum betri sögumaður og vefnaður sögunnar er meistaraverk í sjálfu sér, burtséð frá innihaldinu. Hinn óhjákvæmilegi samanburður við Pílagrímsgönguna hans Harolds er þó því miður ekki Árinu sem tvær sekúndur bættust við tímann í vil, enda er það kannski óraunhæf og óréttmæt krafa að höfundar bæti sig með hverri bók.

Þýðing Ingunnar Snædal er flott og vel unnin, skemmtilega sérviskuleg á köflum og á stóran þátt í að gera söguna eins ánægjulega aflestrar og raun ber vitni.

**Friðrika Benónýsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Vel fléttuð saga með sympatískum persónum, en dálítið lengi í gang og krókaleiðirnar að móral sögunnar aðeins of langar.

BÓKA LAGERSALA

Ótrúleg tilboð!

Ekki gleyma ávísuninni!

Gjafir fyrir öll tækifæri!

# LOKADAGAR




**Næg bílastæði og kaffi á könnunni**

# RISAlagersala á Fiskislóð 39

Yfir 3500 titlar frá öllum helstu útgefendum landsins!

Allt að 90% afsláttur

## OPIÐ ALLA DAGA kl. 10–19

Bækur frá 99 kr.



LÆRÐU AÐ TEIKNA HERRAMENN

**Verð: 990 kr.**



HVAR ER VALLI NÚNA?

**Verð: 990 kr.**



VITNIÐ – KILJA

**Verð: 990 kr.**



ÞEGAR ÖLLU ER Á BOTNINN HVOLFT – INNBUNDIN

**Verð: 99 kr.**



HUGSAÐU ÞÉR TÖLU – INNBUNDIN

**Verð: 99 kr.**



FRANSÍ BISKVÍ

**Verð: 1.490 kr.**



2 fyrir 1

SKURÐGOÐIÐ MEÐ SKARÐ Í EYRA OG KRABBINN MEÐ GYLLTU KLÆRNAR

**Verð: 990 kr.**



MYNDLIST Í ÞRJÁTÍU ÞÚSUND ÁR

**Verð: 2.990 kr.**



LIFANDI DAUÐ Í DALLAS – KILJA

**Verð: 99 kr.**



2 fyrir 1

BOLLAKÖKUR RIKKU OG HEIMSRÉTTIR RIKKU

**Verð: 1.690 kr.**

**Gildir til 6. október 2013**

Gildir aðeins á Risalagersölu Forlagsins, FISKISLÓÐ 39, 101 Reykjavík

**1.000 kr.**

Ávísunin gildir sem 1.000 kr. afsláttur ef keyptar eru bækur fyrir 5.000 kr. eða meira. Ekki er heimilt að nota fleiri en eina ávísun í hverri sölufærslu.

RISALAGERSALA FORLAGSINS STENDUR TIL OG MEÐ 6. OKTÓBER 2013

555777788 123 44488822211

Birt með fyrirvara um prentvillur. Tilboðin gilda á meðan birgðir endast.

Risalagersala Forlagsins · Fiskislóð 39 · 101 Reykjavík · forlagid@forlagid.is · **Opið alla daga kl. 10–19**



**BJÖRN THORODDSEN** Þrennir tónleikar eru fram undan í Salnum hjá Birni Thoroddsen. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Gítarhátíð Björssa

## Þrennir tónleikar fram undan hjá Birni Thoroddsen.

Gítarleikarinn Björn Thoroddsen heldur á fimmtudag útgáfutónleika í Salnum í Kópavogi þar sem hann spilar einn og óstuddur Bítlalög af nýrri plötu sinni.

Kvöldið eftir hefst í Salnum Gítarhátíð Björssa Thor, sem er orðin að árlegum viðburði í tónlistarlífi Íslendinga. Í ár verður kassagítarinn í aðalhlutverki. Auk Björssa koma fram kanadíski blúsgítarleikarinn Tum Butler, Bandaríkjamaðurinn Trevor Gordon Hall og hinn fingrafimi Craig D´Andrea.

Á laugardagskvöld verður haldið í Salnum blúskvöldið Kanada vs Kópavogur. Blústríó Tims Butler byrjar kvöldið með standördum eftir Johnny Winther, Jimi Hendrix og fleiri. Þegar líður á kvöldið spila blúsarar sem tengjast Kópavogi á einn eða annan hátt. Þar má nefna Tryggva Hübner, Kristján Hreinsson, Óskar Björn Bjarnason, Björgvin Birki Björgvinsson, Ólaf Þór Kristjánsson, Dag Sigurðsson og Rannveigu Ásgeirsdóttur.

Hægt er að kaupa hátíðarmiða sem gildir á alla þrenna tónleikana á 6.000 krónur.



**REYNSLUBOLTAR** Hljómsveitin Nykur er ný hljómsveit skipuð reynsluboltum. MYND/ÓLÖF ERLA EINARSDÓTTIR

# Spila „seventís“ rokk

## Hljómsveitin Nykur er ný íslensk rokkhljómsveit.

Hljómsveitin Nykur er ný af nálinni en meðlimir hennar eru allir reynsluboltar úr bransanum. Sveitina skipa Davíð Þór Hlynsson, söngvari og gítarleikari, Guðmundur Jónsson gítarleikari, Birgir Jónsson trommuleikari og Jón Ómar Erlingsson bassaleikari. „Gummi og Dabbi byrjuðu að hittast fyrir svona ári að semja,“ segir Birgir Jónsson og bætir við: „Við erum ekkert að finna upp hjólið, við viljum bara spila sígilt og grípandi rokk.“ Fyrsta plata sveitarinnar kemur út þann 10. október. - glp






**SLÆR SÉR UPP** Jodie Foster með fyrrverandi kærustu Ellen DeGeneres. NORDICPHOTOS/GETTY

# Jodie Foster slær sér upp

Bandaríska Óskarsverðlaunaleikkonan Jodie Foster er samkvæmt heimildarmanni E Online byrjuð að slá sér upp með ljósmyndaranum Alexöndru Hedison, sem er fyrrverandi kærasta Ellen DeGeneres.

Heimildarmaðurinn tók einnig fram að sambandið væri alvarlegt og að þær væru ástfangnar.

Hedison og DeGeneres voru par í um þrjú ár og hættu saman árið 2004.

Jodie Foster kemur úr tuttugu ára sambandi við Cydney Bernard en þær hættu saman árið 2008 og eiga saman tvo syni.

# HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**MIÐVIKUDAGUR 2. OKTÓBER 2013**

### Fræðsla

**20.00** Marianne Guckelsberger tóvinnukona fræðir gesti á Handverkskaffi um áhöld liðinna alda. Hægt verður að prófa þessi gömlu áhöld og rifja upp gömul handtök. Handverkskaffið stendur til klukkan 22, aðgangur er ókeypis.

### Dansleikir

**14.00** Síðdegisdans verður hjá Félagi eldri borgara í Reykjavík í félagsheimilinu Stangarhyl 4. Stjórnendur eru Matthildur og Jón Freyr.

### Málþing

**15.30** Málþing fer fram í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafnsins þar sem fjallað verður um gildi menntunar og þekkingar í fjölmenningarlegum heimi. Sérlegur gestur málþingsins er Anjimile Oponyo, ráðuneytisstjóri menntamálaráðuneytis Malaví.

### Tónlist

**21.00** Stórsveit Reykjavíkur heldur tónleika í Kaldalóni, Hörpu. Aðgangseyrir er kr. 3.000 en kr. 2.000 fyrir námsmenn og eldri borgara. Miðasala á harpa.is og í miðsölu Hörpu

**21.30** Trúbadorinn Hr. Halli heldur tónleika á Obladíoblada, við Frakkastíg 8.

### Fyrirlestrar

**20.00** Félag íslenskra fræða stendur fyrir rannsóknarkvöldi í Hannesarholti, Grundarstíg 10. Bragi Halldórsson, MA í íslenskum bókmenntum og íslenskukennari við MR, flytur fyrirlesturinn Íslensk miðaldaævintýri. Allir velkomnir.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.*

# Elíza í franskri mynd

## Lagið Eyjafjallajökull hljómar í franskri kvikmynd.

Lag tónlistarkonunnar Elízu Newman, Eyjafjallajökull, mun hljóma í samnefndri franskri kvikmynd sem verður frumsýnd á miðvikudaginn í Evrópu. Þetta er grínmynd sem fjallar um ógöngur fyrrverandi hjóna við það að reyna að komast heim frá Grikklandi eftir að allt flug hefur verið stoppað vegna gossins í Eyjafjallajökli.

Myndinni er leikstýrt af Alexandre Coffre og í aðalhlutverki er franski leikarinn Dany Boon. Lag Elízu var endurhljóðblandað fyrir myndina af Thomas Roussel, sem semur alla tónlist myndarinnar.

Elíza flutti nýverið heim til Íslands eftir nokkurra ára dvöl í London. Hún eignaðist sitt fyrsta barn í sumar og er nú að hefja vinnu að fjórðu sólóplötu sinni. Ásamt því hefur Elíza sungið nývarið inn á nýja auglýsingaherferð fyrir skartgriparisann Cartier í Frakklandi. Þar syngur hún nýja, poppaða útgáfu af laginu I Love Paris eftir Cole Porter.



**ELÍZA NEWMAN** Lag tónlistarkonunnar hljómar í nýrri, franskri kvikmynd.

# Efla íslenska hönnun

## Nýr hönnunarsjóður hóf starfsemi á mánudag.

Nýr hönnunarsjóður hóf starfsemi á mánudag. Sjóðurinn var stofnaður af mennta- og menningarmálaráðuneyti í febrúar. Í ár er framlag til sjóðsins 45 milljónir króna og fer Hönnunarmiðstöð Íslands ehf. með umsýslu sjóðsins.

„Með stofnun hönnunarsjóðs hefur verið stigið mikilvægt skref af hálfu ríkisvaldsins til viðurkenningar og eflingar hönnunar í íslensku atvinnulífi,“ segir Borghildur Sturludóttir, arkitekt og stjórnarformaður Hönnunarmiðstöðvar.

Umsóknarfrestur rennur út 11. nóvember 2013. Úthlutað verður úr sjóðnum um miðjan desember 2013. **- ósk**



Borghildur Sturludóttir, stjórnarformaður Hönnunarmiðstöðvar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**KEMUR TIL EVRÓPU** Justin Timberlake leggur upp í tónleikaferðalag um Evrópu. NORDICPHOTOS/GETTY

# Justin Timberlake í Evrópu

Bandaríski tónlistarmaðurinn Justin Timberlake mun hefja tónleikaferðalag sitt um Evrópu, The 20/20 Experience, þann 30. mars í Bretlandi. Timberlake er að kynna nýjustu tvær plötur sínar, sem heita The 20/20 Experience, hluti eitt og hluti tvö en síðari hluti plötunnar kemur út um þessar mundir í Bandaríkjunum.

Timberlake mun þó hefja tónleikaferðalag sitt í Bandaríkjunum og Kanada í lok október en þetta er fyrsta tónleikaferð Timberlakes sem aðaltónlistarmaður í sex ár.

Það er ekki langt síðan tónleikaferðalaginu The Legends of the Summer Stadium lauk, þar sem Timberlake og Jay Z komu fram saman.



**FÉKK FAR** Justin Bieber er á ferðalagi um Kína. NORDICPHOTOS/GETTY

# Fékk far að Kínamúrnum

Justin Bieber er nú á ferðalagi í Kína. Poppstirnið unga fer ekkert nema í fylgd lífvarða.
Óvanaleg sjón blasti við öðrum ferðalöngum á sömu slóðum þegar Justin Bieber lét lífverði sína halda á sér upp tröppurnar að Kínamúrnum, sem hann vildi skoða nánar. Þá þykir sumum fjölmiðlum vestanhafs nóg um uppátæki hins nítján ára söngvara, en hann hefur á undanförnu ári lent í útistöðum við ljósmyndara, hrækt á aðdáendur sína og pissað í fötu inni í eldhúsi á skemmtistað í New York-borg. **- ósk**

FUDGE Þú kemst fljótt að!
FUDGE ...en þú getur líka pantað tíma
FUDGE
FUDGE
FUDGE Rakarastofan
FUDGE Klapparstíg
FUDGE S: 551 3010

www.lyfja.is

ESTĒE LAUDER

Kaupaukinn þinn

DAGANA 2. – 8. OKTÓBER Í LYFJU
LÁGMÚLA, SMÁRATORGI OG SELFOSSI

Glæsilegur kaupauki* fyrir þig ef þú
kaupir vörur frá Estée Lauder fyrir 6.900 kr. eða meira.

**Kaupaukinn inniheldur:**
**Multi –Action Foam Cleanser** - nýjan froðuhreinsi/hreinsimaska, 30ml
**DayWear Creme SPF 15,** - dagkrem sem ver húðina, 15ml
**Idealist Even Skintone** – serum sem jafnar húðlitinn, 7ml
**Advanced Night Repair Eye Creme** – augnkrem sem vinnur á vandamálum augnsvæðis, 5 ml
**Pure Color Lipstick** – fulla stærð, lit Tiger Eye
**Pure Color Lipgloss** – fulla stærð, lit Impulsive coral
**Sumptuous Extreme Mascara** – svartan maskara
**Fallega snyrtibuddu**

*meðan birgðir endast




LYFJA
- Lifið heil

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| RUNNER RUNNER | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| RUNNER RUNNER LÚXUS | KL. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| RIDDICK | KL. 8 - 10.35 | 16 |
| HROSS Í OSS | KL. 4 - 6 - 8 | 12 |
| AULINN ÉG 2 2D | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| AULINN ÉG 2 3D | KL. 3.30 | L |
| BLUE JASMIN | KL 5.45 | 10 |
| MALAVITA | KL 8 | 16 |
| THIS IS US 3D | KL 3.30 | L |
| ELYSIUM | KL. 10.25 | 16 |
| 2 GUNS | KL. 10.15 | 14 |

HÁSKÓLABÍÓ 5%

RIFF Í HÁSKÓLABÍÓ
UPPLÝSINGAR UM SÝNINGARTÍMA Á RIFF.IS

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| RUNNER RUNNER | KL. 6 - 8 - 10 | 12 |
| DIANA | KL. 8 (12) / MALAVITA KL. 10 | 16 |
| AULINN ÉG 2 3D | KL. 6 | L |

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%







| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| RUNNER RUNNER | 5.30, 8, 10 | 12 |
| DIANA | 8, 10.30 | 12 |
| AULINN ÉG 2 - ÍSL | 5.30 2D | L |
| DESPICABLE ME 2 - ENS | 5.30, 8 2D | L |
| MALAVITA | 10.10 | 16 |

SAMBÍÓIN
KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM
SAMBÍÓIN Á TOPPNUM Í 30 ÁR
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| DON JON | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 16 |
| DON JON VIP | KL. 8 | VIP |
| WELCOME TO THE PUNCH | KL. 8 - 10:10 | 16 |
| WELCOME TO THE PUNCH VIP | KL. 5:50 - 10:10 | VIP |
| RIDDICK | KL. 8 - 10:30 | 16 |
| PARANOIA | KL. 8 | 12 |
| AULINN ÉG ÍSLTAL3D | KL. 5:50 | L |
| AULINN ÉG ÍSLTAL2D | KL. 5:50 | L |
| AULINN ÉG ENSTAL2D | KL. 5:50 | L |
| THE CONJURING | KL. 10:20 | 16 |
| FLUGVÉLAR ÍSLTAL2D | KL. 5:50 | L |
| WE'RE THE MILLERS | KL. 8 - 10:30 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| DON JON | KL. 8 - 10 | 16 |
| WELCOME TO THE PUNCH | KL. 10 | 16 |
| RUNNER RUNNER | KL. 8 | 12 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| DON JON | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 16 |
| WELCOME TO THE PUNCH | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| RIDDICK | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| THE BUTLER | KL. 5:20 - 8 | 14 |
| AULINN ÉG ÍSLTAL2D | KL. 5:50 | L |
| THE CONJURING | KL. 10:40 | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| DON JON | KL. 5:50 - 8 - 10:40 | 16 |
| WELCOME TO THE PUNCH | KL. 10:30 | 16 |
| THE BUTLER | KL. 5 - 8 - 10:10 | 14 |
| CITY OF BONES | KL. 8 | 12 |
| FLUGVÉLAR ÍSLTAL3D | KL. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| DON JON | KL. 8 | 16 |
| WELCOME TO THE PUNCH | KL. 10:10 | 16 |
| RIDDICK | KL. 10:40 | 16 |
| THE BUTLER | KL. 8 | 14 |
| CITY OF BONES | KL. 5:30 | 12 |
| FLUGVÉLAR ÍSLTAL3D | KL. 5:50 | L |


# Þegar hættir að rigna

**BAKÞANKAR**
Ragnheiðar Tryggvadóttur



**ERTU** með harðsperrur? Þú labbar eitthvað svo harðsperrulega.“ Það kom aðeins á mig en ég gat ekki svarað játandi, var ekki með neinar fjandans harðsperrur. Hafði ekki mætt á æfingu svo vikum skipti. Vissi hann það?

**HÓPURINN** sem ég æfði með hafði haldið sínu striki. Það sá ég á reglulegum skilaboðum á Facebook, þar sem þakkað var fyrir „dúndur æfingu“ þann daginn. Þessi hópur lét greinilega ekkert stoppa sig heldur hljóp og plankaði í rigningunni og hamaðist á móti vindi. Ég fékk í magann í hvert sinn sem ég sá nýja færslu. Gat ekki lengur horft framan í félagana ef ég rakst á þá á götu.

**ÆFINGARNAR** höfðu svo sem farið nógu vel af stað hjá mér. Ég mætti í Nike Free með vatnsbrúsa á uppgefinn mótstað. Barðist gegnum fyrstu æfinguna með blóðbragð í munni og gekk svo gjörsamlega fram af mér að ég man ekki hvernig ég komst heim. Ég mætti samt aftur og aftur og smám saman minnkaði blóðbragðið í munninum. Ég var meira að segja farin að skokka heim að æfingu lokinni.

**ÉG** taldi mig hafa komist yfir ákveðinn þröskuld. Ég var „farin að æfa“. Í heimilisrútínunni var gert ráð fyrir því að ég færi „á æfingu“ þessa ákveðnu daga og öryggið uppmálað smellti ég mér í hlaupabuxurnar og skokkaði til móts við félagana. Nú tilheyrði ég þeim hópi fólks sem hugsar um heilsuna, stundar heilbrigðan lífsstíl og borðar hollt. Þetta hafði ég ætlað mér árum saman og það hafði tekist.

**BAKSLAGIÐ** kom mér á óvart. Ég sleppti úr einni æfingu vegna pestar, enda ekki skynsamlegt að hlaupa lasin úti í hráslaganum. Þegar kom að næstu æfingu fannst mér óskynsamlegt að stofna batanum í hættu strax með því að svitna úti í grenjandi rigningu. Ég gæti fengið í eyrun! Þar kom að ég tilheyrði ekki lengur fólkinu sem stundar heilbrigðan lífsstíl.

**NÚ** er meistaramánuður. Allir geta verið með. Allir geta sett sér markmið og hví ekki ég? Ef það hætti nú bara að rigna.

# Tom Hanks er Villa-aðdáandi

## Leikarinn Tom Hanks leikur skipstjóra í spennumyndinni Captain Phillips.

Tom Hanks fer með aðalhlutverkið í kvikmyndinni Captain Phillips. Í tilefni af útgáfu myndarinnar svaraði Hanks nokkrum hraðaspurningum sem nefnast Ask Me Anything á vefsíðunni Reddit.

Í hraðaviðtalinu kom í ljós að Hanks er lítt hrifinn af yfirvararskeggi og er afkomandi Nancy Hanks, sem var móðir Abrahams Lincoln. Inntur eftir því hvaða tegund matar hann myndi helst vilja neyta það sem eftir er ævinnar svaraði Hanks: „Japanskur matur virðist hollur.“ Leikarinn upplýsir lesendur Reddit einnig um að hann kætist í hvert sinn sem fótboltaliðið Aston Villa fer með sigur af hólmi.

Í Captain Phillips leikur Hanks skipstjóra sem tekinn er í gíslingu af sómölskum sjóræningum árið 2009. Handrit myndarinnar er byggt á dagbókarfærslum skipstjórans.



**AÐDÁANDI ASTON VILLA** Tom Hanks svaraði hraðaspurningum aðdáenda á vefsíðunni Reddit. NORDICPHOTOS/GETTY

DAGSKRÁ MIÐVIKUDAGUR 2. OKTÓBER
www.riff.is
26.9–6.10 2013 RIFF
ALÞJÓÐLEG KVIKMYNDAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK Í TÍU ÁR
HÁSKÓLABÍÓ – TJARNARBÍÓ – NORRÆNA HÚSIÐ
Reykjavík International Film Festival 10

| TÍMI | STAÐUR | MYND |
|---|---|---|
| 13.00 | Tjarnarbíó | Bylting |
| 14.00 | Norræna húsið | Virðast ókunnugir |
| 15.00 | Tjarnarbíó | Íslenskar stuttmyndir 3 |
| 16.00 | Norræna húsið | Grimmur grænn eldur: baráttan fyrir lifandi hnetti |
| 17.00 | Tjarnarbíó | Íslenskar stuttmyndir 1 |
| | Háskólabíó 1 | Les Apaches |
| | Háskólabíó 2 | Árans Ámál |
| | Háskólabíó 3 | Búðin |
| 18.00 | Háskólabíó 4 | Enzo Avitabile, tónlistarlíf |
| 18.15 | Norræna húsið | Hvarfpunktur Q&A |
| 19.00 | Tjarnarbíó | Gullna eggið A |
| | Háskólabíó 1 | Himneskar eiginkonur Mari-þjóðarinnar á engjunum |
| | Háskólabíó 2 | Tófuljómi – Játningar stelpugengis Q&A |
| | Háskólabíó 3 | Muu-maðurinn Q&A |
| 20.00 | Norræna húsið | Álöldin Q&A |
| | Háskólabíó 4 | Spagettísaga Q&A |
| 21.00 | Tjarnarbíó | Nakin ópera Q&A |
| | Háskólabíó 1 | Gamlingjagirnd |
| | Háskólabíó 3 | J.A.C.E. Q&A |
| 22.00 | Háskólabíó 2 | Mannauður Q&A |
| | Norræna húsið | Loforð Pandóru |
| | Háskólabíó 4 | Gullbúrið |
| 23.00 | Háskólabíó 1 | Landfræðingurinn sem drakk burtu hnöttinn sinn |



TÓFULJÓMI – JÁTNINGAR STELPUGENGIS Q&A
19.00 – Háskólabíó 2
Verkamannahverfi í smábæ í New York fylki árið 1953. Í samfélagi þar sem karlmenn hafa öll völd ákveður hópur af unglingsstúlkum að bindast fóstsystraböndum: þær mynda Tófuljóma-gengið, leynilegt kvennasamfélag sem þekkist af logum húðflúruðum á þær. „Tófuljómi“ táknar sætar tófur, en vísar einnig til ljóma, leifturs, elds og eyðileggingar. Stelpurnar reyna að elta ómögulegan draum: að lifa samkvæmt þeirra eigin lögum og reglum. Myndin byggir á margverðlaunaðri metsölubók Joyce Carol Oates.

RÚV DHL WOW Síminn

BÍÓ★PARADÍS EUROPA CINEMAS




VEGNA FJÖLDA ÁSKORANA HALDA VINSÆLUSTU KVIKMYNDIRNAR Á EFFI ÁFRAM Í SÝNINGUM Í BÍÓ PARADÍS!!

SJÁ SÝNINGARTÍMA Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

# KJÖLFESTA Á HEIMILUM ÍSLENDINGA Í ÁRATUGI




## Uppskrift að heilsurétti?

*10.000 kr. af hverri seldri bleikri KitchenAid® hrærivél renna til Krabbameinsfélagsins.*

Ný heimasíða www.ef.is

*Opið virka daga 9-18*
*og laugardaga 11-15*

**Einar Farestveit & Co.hf.**
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

## Þau ætla að vera með á ÓL í febrúar

Skíðasamband Íslands (SKÍ) hefur sett saman Ólympíuhóp sambandsins en hann skipa þeir tíu íþróttamenn sem eiga raunhæfa möguleika á að tryggja sér keppnisrétt á næstu Vetrarólympíuleikum sem fara fram í rússnesku borginni Sochi við Svartahaf í febrúar 2014. Hópinn skipa þau Brynjar Jökull Guðmundsson (alpagreinar), Brynjar Leó Kristinsson (skíðaganga), Einar Kristinn Kristgeirsson (alpagreinar), Erla Ásgeirsdóttir (alpagreinar), Freydís Halla Einarsdóttir (alpagreinar), Halldór Helgason (snjóbretti), Helga María Vilhjálmsdóttir (alpagreinar), Jakob Helgi Bjarnason (alpagreinar), María Guðmundsdóttir (alpagreinar) og Sævar Birgisson (skíðaganga), til hægri, en hann er búinn að tryggja sér farseðillinn til Sochi.



## Metnaður Ríkharðs og stjórnar Fram fóru ekki saman

**FÓTBOLTI** Ríkharður Daðason ákvað í gær að hætta að þjálfa Fram í Pepsi-deildinni en hann tók við liðinu á miðju sumri og gerði liðið að bikarmeisturum. Ríkharður fékk tilboð frá stjórn Fram en hafnaði því. „Auðvitað er ákveðin eftirsjá en ef maður treystir sér ekki til að fara lengra á þeim forsendum sem gefnar eru upp er þetta niðurstaðan," sagði Ríkharður í gær. Ríkharður gerði Fram að bikarmeisturum í ágúst og talaði þá um að hann vildi halda áfram. „Þá hefði maður getað hugsað sér framhald en það var ekki í boði þá. Mér finnst að félagið hafi sóað dálitlum tíma síðan 17. ágúst og ekki gengið frá ákveðnum málum. Það spilar að einhverju leyti inn í ákvörðunina," segir Ríkharður. „Auðun Helga orðaði þetta ágætlega einhvers staðar að markmið og metnaður fara ekki alveg saman milli stjórnarinnar og okkar. Mér finnst það vera vel orðað hjá honum," segir Ríkharður en hann segir að launaliðurinn í samningnum hafi ekki verið vandamálið. „Ég sagði strax við Sverri (Einarsson formann) að ef við næðum saman um markmið og stefnu næðum við klárlega saman um launalið. Að sama skapi vil ég heldur ekki vera að hnýta í Fram. Þetta er mitt uppeldisfélag og mér mun alla tíð þykja vænt um Fram," segir Ríkharður. „Það er mikill söknuður að segja skilið við þetta starf en að sama skapi verður maður að vera trúr sínum prinsippum. Ég er mjög þakklátur stjórn Fram fyrir að hafa veitt mér tækifærið til þess að prófa þetta."

- óój



**RÍKHARÐUR DAÐA** Stjórnar hér Framliðinu í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**Á STÓRA SVIÐIÐ** Ragnar Sigurðsson og félagar spila á Spáni. NORDICPHOTOS/GETTY

## Íslendingar á Bernabéu

**FÓTBOLTI** Fjölmargir leikir fara fram í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu í kvöld en þar ber helst að nefna stórleik Manchester City og Evrópumeistara Bayern München í Manchester.

Manchester City vann ekki leik í keppninni á síðasta tímabili en Bayern München fór aftur á móti alla leið. City byrjaði vel í D-riðlinum og vann Viktoria Plzen í fyrstu umferð og það sama má segja um Þjóðverjana sem fóru illa með CSKA Moskva. Liðin eiga eflaust eftir að berjast um toppsætið í riðlinum. Leikurinn verður í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport & HD.

United mætir Shakhtar Donetsk í Úkraínu og má búast við gríðarlega erfiðum leik fyrir Englandsmeistarana. Liðið tapaði illa fyrir WBA, 2-1, á Old Trafford um helgina og vilja leikmenn liðsins eflaust svara þeim ósigri með góðum úrslitum í kvöld. Leikurinn verður í beinni útsendingu á Stöð2 Sport 3.

Real Madrid tekur síðan á móti F.C. København á Bernabéu en í danska liðinu leika þeir Ragnar Sigurðsson og Rúrik Gíslason. Allar líkur eru á því að Iker Casillas verði milli stanganna hjá Real Madrid í leiknum. Casillas hefur verið á varamannabekk liðsins síðustu níu mánuði og hefur Diego Lopez verið aðalmarkvörður Madrídinga. Leikurinn verður í beinni á Stöð2 Sport 4.

- sáp

# Sjö Íslendingar á ÓL í Sochi?

Tíu Íslendingar eru að reyna að komast á Vetrarólympíuleikana 2014. Skíðagöngumaðurinn Sævar Birgisson verður fyrsti íslenski göngumaðurinn á ÓL í tuttugu ár. Brettamaðurinn Halldór Helgason á enn möguleika.

**SKÍÐI** Það eru bara 128 dagar í að 22. Vetrarólympíuleikarnir hefjist í Sochi í Rússlandi. Það ræðst ekki fyrr en á næstu mánuðum hversu margir íslenskir keppendur verða með á leikunumn. Jón Viðar Þorvaldsson, framkvæmdastjóri Skíðasambands Íslands, vonast til þess að sjá allt að tíu íslenska keppendur á leikunum.

„Það eru sjö úr alpagreinum, tveir úr göngu og einn á bretti sem eru í Ólympíuhópnum og einungis þessir einstaklingar eiga möguleika á að komast þangað. Við munum aldrei senda fleiri en þessa einstaklinga. Við vonumst að sjálfsögðu til að sem flestir komist en raunhæft væri að segja að fjórir úr alpagreinum, tveir í göngu og einn á bretti eigi möguleika á því að komast á leikana. Allt umfram það yrði frábært," sagði Jón Viðar þegar Fréttablaðið kannaði stöðuna í gær, fjórum mánuðum fyrir leikana.



**LANDSLIÐSHÓPUR SKÍ Í ALPAGREINUM** Talið frá vinstri: Einar Kristinn Kristgeirsson, Jakob Helgi Bjarnason, Freydís Halla Einarsdóttir, Brynjar Jökull Guðmundsson, Erla Ásgeirsdóttir, Helga María Vilhjálmsdóttir og María Guðmundsdóttir. MYND/SKÍ

### Hvað gerir Halldór?

Augu margra verða á brettamanninum Halldóri Helgasyni sem getur orðið fyrsti Íslendingurinn til að keppa á snjóbretti á Ólympíuleikum. „Hann þarf að sækja þessi alþjóðlegu fismót og er, eins og staðan er núna, ekki inni. Hann þarf að ná góðum árangri í tveimur mótum og það dugir honum. Þá kæmist hann að öllum líkindum inn," segir Jón Viðar.

Göngugarpurinn Sævar Birgisson er kominn með farseðilinn í hendurnar. Sævar er 24 ára gamall og verður fyrsti íslenski göngumaðurinn í tuttugu ár til að keppa Ólympíuleikum eða allt frá því að Daníel Jakobsson, fyrrverandi formaður SKÍ, og Rögnvaldur Ingþórsson kepptu á ÓL í Lillehammer árið 1994.

„Við erum að vonast til þess að Brynjar Leó nái líka þessum lágmörkum," segir Jón en Sævar og Brynjar Leó Kristinsson eru einu göngumennirnir í hópnum.

„Það er frábært að fá inn fólk úr sem flestum greinum. Alpagreinarnar hafa verið mest á Ólympíuleikunum undanfarið. Við áttum fjóra keppendur í alpagreinum á Ólympíuleikunum í Vancouver og vonumst til að eiga fjóra líka núna. Þau þurfa að ná ákveðnum lágmörkum á alþjóðlegum mótum og ef það eru fleiri en tveir eða þrír þurfa Skíðasambandið og ÍSÍ bara að velja á milli," segir Jón Viðar.

„Það stefnir í mikla samkeppni hjá krökkunum að tryggja sig inn. Landsliðið í alpagreinum er núna í Austurríki við æfingar og þar er undirbúningur í fullum gangi," segir Jón Viðar.

Alpagreinafólkið, Björgvin Björgvinsson, Íris Guðmundsdóttir, Stefán Jón Sigurgeirsson og Árni Þorvaldsson, var með á leikunum í Vancouver fyrir fjórum árum en ekki núna. „Þetta er alveg nýr hópur. Það hefur því miður verið oft þannig að Ólympíuleikar eru endastöð fyrir alltof marga," segir Jón Viðar. Eins og hjá öðru afreksfólki á Íslandi þá gerir peningahliðin krökkunum erfitt fyrir.

„Þetta er mjög dýrt sport og aðallega er þetta svo rosalegur ferðakostnaður. Það er verið að sækja aðstöðuna erlendis því við erum með mjög óhagstætt veðurfar hérna á Íslandi. Þau þurfa að leggja út fyrir X-miklum kostnaði en við erum að vinna í því að fá nýja styrktaraðila og reyna að styrkja þau eins og við getum," segir Jón Viðar. Hann er pottþéttur á því að vetrarleikarnir í Sochi í Rússlandi verði sögulegir.



**HALLDÓR HELGASON** Á flugi MYND/NORDICPHTOS/GETTY

### Mun toppa allt

„Þetta á eftir að toppa allt og verður alveg rosalegt. Rússarnir eru alveg ruglaðir og reyna að koma sér á kortið þarna eins og í öllu öðru sem þeir gera," sagði Jón Viðar að lokum.

ooj@frettabladid.is

SILO svefnsófi með tungu
Nú aðeins kr. 119.900
Fullt verð 139.900
KOMINN AFTUR Í DORMA





NÚ MEÐ 20.000 kr. AFSLÆTTI



Stærð: 228 x 162 cm
H. 83 cm. Dökkgrátt áklæði
Tunga getur verið beggja vegna.
Holtagörðum
Pöntunarsími 512 6800
DORMA
DORMA er einnig í HÚSGAGNAHÖLLINNI
Dalsbraut 1 á Akureyri og í Reykjavík
OPIÐ: VIRKA DAGA FRÁ KL. 10.00-18.00 OG LAUGARDAGA FRÁ KL. 11.00-17.00

Electronics
Fashion

noontec

# NOONTEC ERU KOMIN TIL ÍSLANDS !



Hágæða tískuheyrnartólin frá Noontec sem eru að slá í gegn erlendis fást nú í öllum verslunum Tölvulistans. Vinsæl hönnun og einstakur hljómur á sanngjörnu verði.

noontec ZORO
Wireless Hi-Fi Headphone







**Samanbrjótanleg með ferðapoka**
Samanbrjótanleg svo fari lítið fyrir þeim á ferðalagi. Ferðapoki fylgir. Fyrirferðalítil og þægileg.

**Þráðlaus með Bluetooh**
Það er ótrúlega þægilegt að þurfa engar snúrur og geta spilað tónlist beint úr símanum í gegnum Bluetooth.

**Þrír vinsælir litir**
Zoro eru harðgerð og hönnuð fyrir mikla notkun. Piano glansáferð. Svört, rauð og hvít.

Bluetooth

Zoro eru þráðlaus með nýjustu Bluetooth tækni sem skilar meiri styrk og tærari hljóm. Engar snúrur að flækjast fyrir þegar þú spilar tónlistina beint úr símanum. HD afspilun í gegnum snúru sem fylgir.

## KYNNINGARVERÐ 19.990

tl.is

TÖLVU LISTINN




OPIÐ
10-18
ALLA VIRKA DAGA

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |

# DAGSKRÁ

## ÍKVÖLD



### Skjár einn kl. 20.20
**Gordon behind bars**

Lokaþáttur. Í þessum skemmtilegu þáttum bregður Gordon Ramsey sér bak við lás og slá í þeim tilgangi að kenna föngum að elda alvöru mat án þess það kosti of mikið.



### Heimsókn
**STÖÐ 2 KL. 20.05** Sindri Sindrason heimsækir sannkallaða fagurkera sem opna heimili sín fyrir áhorfendum. Heimilin eru jafn ólík og þau eru mörg en eiga það þó sameiginlegt að vera sett saman af alúð og smekklegheitum.



### Stefnuræða forsætisráðherra
**SJÓNVARPIÐ KL. 19.35** Bein útsending frá Alþingi þar sem Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra flytur stefnuræðu sína og fram fara umræður um hana.



### Meistaradeild Evrópu
**STÖÐ 2 SPORT KL. 18.30** Man. City - Bayern München. Bein útsending frá leik Manchester City og Bayern München í Meistaradeild Evrópu.

### Rás 2 kl. 09.05
**Virkir morgnar**



Virkir morgnar er þáttur sem ætlaður er öllum og ekki síst þeim sem eru að koma sér af stað í morgunsárið. Þættinum er stjórnað af Andra Frey Viðarssyni og Guðrúnu Dís Emilsdóttur. Þátturinn er í léttum dúr og kemur hann til með að fjalla um skemmtileg mál líðandi stundar auk liðinna og óliðinna stunda.





STÓRLEIKIR Í MEISTARADEILDINNI!

**Stórstjörnum City bíður stórt verkefni þegar liðið fær Bayern München í heimsókn. Rauðu djöflarnir eru mættir til Úkraínu og Íslendingarnir í FCK verða að eiga sinn besta leik til að eiga möguleika á Bernabéu. Magnað miðvikudagskvöld í Meistaradeildinni!**

**Í KVÖLD**

| | | |
|---|---|---|
| CSKA Moskva–Pizen | SPORT | 15:55 |
| Upphitun | SPORT | 18:00 |
| Man. City–Bayern München | SPORT | 18:30 |
| Shakhtar Donetsk–Man. Utd. | SPORT 3 | 18:30 |
| Real Madrid– FC Kaupmannahöfn | SPORT 4 | 18:30 |
| Meistaramörk | SPORT | 20:45 |

**Fáðu þér áskrift**
512 5100
stod2.is

SPORT


### STÖÐ 2

**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**08.10** **Malcolm in the Middle**
**08.30** **Ellen**
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **Doctors**
**10.15** **Spurningabomban**
**11.05** **Glee**
**11.50** **Grey's Anatomy**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **Kalli Berndsen – í nýju ljósi**
**13.25** **Covert Affairs**
**14.10** **Chuck**
**14.55** **Last Man Standing**
**15.15** **Big Time Rush**
**15.40** **Tricky TV**
**16.05** **Kalli kanína og félagar**
**16.25** **Ellen** *(57:170)*
**17.10** **Bold and the Beautiful**
**17.32** **Nágrannar**
**17.57** **Simpson-fjölskyldan** *(6:22)*
**18.23** **Veður**
**18.30** **Fréttir**
**18.47** **Íþróttir**
**18.54** **Ísland í dag**
**19.11** **Veður**
**19.20** **Stelpurnar** *(8:20)*
**20.05** **Heimsókn**
**20.25** **2 Broke Girls** *(18:24)* Önnur þáttaröðin af þessum hressilegum gamanþáttum um stöllurnar Max og Caroline.
**20.50** **Grey's Anatomy** *(1:22)* Tíunda sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grace- spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar.
**22.15** **Mistresses** *(9:13)* Frábærir dramaþættir sem fjalla um fjórar vinkonur sem hafa ólíkar þarfir og þrár þegar kemur að samskiptum við hitt kynið.
**23.00** **Hung** *(2:10)*
**23.30** **Tossarnir**
**00.10** **Sunshine Cleaning**
**01.40** **The Blacklist**
**02.25** **NCIS. Los Angeles**
**03.10** **Breaking Bad**
**03.55** **Big Stan**
**05.40** **Fréttir**

### SPORT *besta sætið*

**07.00** **Meistaradeildin – meistaramörk**
**08.00** **Ajax - AC Milan**
**09.45** **Arsenal - Napoli**
**11.30** **Celtic - Barcelona**
**13.15** **Zenit - Austria Vienna**
**14.55** **Meistaradeildin – meistaramörk**
**15.55** **CSKA Moscow - Pizen** Bein útsending
**18.30** **Man. City - Bayern München** Bein útsending
**21.45** **Shakhtar Donetsk - Man. Utd**
**23.40** **Real Madrid - FC Kaupmannahöfn**
**01.35** **Meistaradeildin – meistaramörk**

### SPORT 2 *enski boltinn*

**16.05** **Football League Show**
**16.35** **Southampton - Crystal Palace**
**18.15** **Hull - West Ham**
**19.55** **Ensku mörkin – úrvalsdeildin**
**20.50** **Messan**
**22.00** **Tottenham - Chelsea**
**23.40** **Swansea - Arsenal**

### ÍNN

**20.00** Árni Páll **20.30** Tölvur, tækni og kennsla **21.00** Veiðin og Bender **21.30** Á ferð og flugi

### STÖÐ 3

**15.40** **The X-Factor US**
**17.05** **The X-Factor US**
**17.50** **Bunheads**
**18.35** **Bob's Burgers**
**19.00** **Junior Masterchef Australia** *(4:16)*
**19.55** **Cherry Healy. How to Get a Life** *(4:6)*
**20.55** **Outlaw** *(4:8)*
**21.40** **Damages** *(4:10)*
**22.25** **2+6** *(4:8)*
**23.00** **Shameless** *(3:12)*
**23.55** **Banshee** *(3:10)*
**00.45** **Junior Masterchef Australia**
**01.40** **Cherry Healy. How to Get a Life**
**02.40** **Outlaw**
**03.25** **Damages**
**04.10** **2+6**
**04.40** **Tónlistarmyndbönd**

### krakkar

**07.00** Áfram Diego, áfram! **07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.46** Doddi litli og Eyrnastór **07.55** Sumardalsmyllan **08.00** Könnuðurinn Dóra **08.23** Svampur Sveinsson **08.45** Latibær **08.55** Rasmus Klumpur og félagar **09.00** Ævintýri Tinna **09.22** Ofurhundurinn Krypto **09.43** Skoppa og Skrítla **09.55** UKI **10.00** Lukku-Láki **10.24** Strumparnir **10.49** Hvellur keppnisbíll **11.00** Áfram Diego, áfram! **11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.46** Doddi litli og Eyrnastór **11.55** Sumardalsmyllan **12.00** Könnuðurinn Dóra **12.23** Svampur Sveinsson **12.45** Latibær **12.55** Rasmus Klumpur og félagar **13.00** Ævintýri Tinna **13.22** Ofurhundurinn Krypto **13.43** Skoppa og Skrítla **13.55** UKI **14.00** Lukku-Láki **14.24** Strumparnir **14.49** Hvellur keppnisbíll **15.00** Áfram Diego, áfram! **15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.46** Doddi litli og Eyrnastór **15.55** Sumardalsmyllan **16.00** Könnuðurinn Dóra **16.23** Svampur Sveinsson **16.45** Latibær **16.55** Rasmus Klumpur og félagar **17.00** Ævintýri Tinna **17.22** Ofurhundurinn Krypto **17.43** Skoppa og Skrítla **17.55** UKI **18.00** Lukku Láki **18.24** Strumparnir **18.49** Hvellur keppnisbíll **19.00** Lína Langsokkur

### GULL

**17.55** **Strákarnir**
**18.25** **Friends**
**18.45** **Seinfeld**
**19.10** **Modern Family**
**19.35** **Two and a Half Men** *(13:24)*
**20.00** **Kalli Berndsen – Í nýju ljósi** *(2:10)*
**20.25** **Örlagadagurinn** *(18:30)*
**21.00** **Cold Feet** *(1:8)*
**21.50** **Prime Suspect 2** *(1:2)*
**23.35** **The Drew Carey Show**
**00.00** **Curb Your Enthusiasm**
**00.35** **Kalli Berndsen – Í nýju ljósi**
**01.00** **Örlagadagurinn**
**01.35** **Cold Feet**
**02.25** **Prime Suspect 2**

### BÍÓ

**08.00** **Hachiko. A Dog's Story**
**09.30** **Skate or Die**
**11.00** **New Year's Eve**
**12.55** **Bridesmaids**
**15.00** **Hachiko. A Dog's Story**
**16.30** **Skate or Die**
**18.05** **New Year's Eve**
**20.00** **Bridesmaids**
**22.00** **Bad Teacher**
**23.35** **Platoon**
**01.35** **Abraham Lincoln. Vampire Hunter**
**03.20** **Bad Teacher**

### RÚV

**16.20** **360 gráður**
**16.50** **Djöflaeyjan**
**17.20** **Friðþjófur forvitni**
**17.43** **Nína Pataló**
**17.50** **Geymslan**
**18.15** **Táknmálsfréttir**
**18.23** **Á götunni** *(5:8) (Karl Johan)* Norsk gamanþáttaröð.
**18.54** **Víkingalottó**
**19.00** **Fréttir**
**19.30** **Veðurfréttir**
**19.35** **Stefnuræða forsætisráðherra** Bein útsending frá Alþingi þar sem Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra flytur stefnuræðu sína og fram fara umræður um hana.
**22.00** **Tíufréttir**
**22.15** **Veðurfréttir**
**22.20** **Á valdi vélanna – Apinn í vélinni og vélin í apanum** *(3:3) (All Watched Over By Machines of Loving Grace)* Breskur heimildarmyndaflokkur eftir Adam Curtis. Hér er því haldið fram að vegna þess að pólitískir draumar okkar virðast hafa brugðist leitum við í fantasíur um að við höfum enga stjórn á gerðum okkar.
**23.15** **Verðlaunamyndir Kvikmyndaskóla Íslands – Could It Be Found?** *(Could It Be Found?)* Mynd um Björgvin Gíslason gítarleikara og hljómsveit hans Náttúru á árunum 1969-1973.
**23.30** **Fréttir**
**23.40** **Dagskrárlok**

### SKJÁR EINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**08.00** **Cheers**
**08.25** **Dr. Phil**
**09.05** **Pepsi MAX tónlist**
**16.40** **Design Star**
**17.30** **Dr. Phil**
**18.10** **Kitchen Nightmares**
**19.00** **Parks & Recreation** *(5:22)*
**19.25** **Cheers** *(14:26)*
**19.50** **Gordon Ramsay Ultimate Cookery Course** *(8:20)*
**20.20** **Gordon Behind Bars - LOKAÞÁTTUR** *(4:4)* Í þessum skemmtilegu þáttum bregður Gordon Ramsey sér bak við lás og slá í þeim tilgangi að kenna föngum að elda alvöru mat án þess það kosti of mikið.
**21.10** **Unforgettable** *(3:13)* Bandarískir sakamálaþættir um lögreglukonuna Carrie Wells sem glímir við afar sjaldgæft heilkenni sem gerir henni kleift að muna allt sem hún hefur séð eða heyrt á ævinni.
**22.00** **Ray Donovan** *(2:13)* Vandaðir þættir um harðhausinn Ray Donovan sem reynir að beygja lög og reglur sem stundum vilja brotna.
**22.50** **CSI Miami** *(2:24)*
**23.40** **Málið** *(4:12)*
**00.10** **Dexter**
**01.00** **The Borgias**
**01.50** **Ray Donovan**
**02.40** **Excused**
**03.05** **Pepsi MAX tónlist**

### SKJÁRGOLF

**06.00** Eurosport **07.40** Golfing World **08.30** Alfred Dunhill Links Championship **12.00** Golfing World **12.50** US Open **2006** - Official Film **13.50** US Open **2006** - Official Film **14.50** Alfred Dunhill Links Championship **18.00** Golfing World **18.50** Ryder Cup Official Film **1999** **20**.25 Champions Tour - Highlights **21.20** Inside the PGA Tour **21.45** Golfing World **22.35** THE PLAYERS Official Film **2013** **23**.25 Champions Tour - Highlights **00.20** Eurosport

### ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útv. Latibær |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** Kaninn | **FM 105,5** Útvarp Boðun |

# Bosch-dagar

## Þýsk gæða-heimilistæki frá Bosch nú á frábæru tilboðsverði.

**Made by Germans**





Þú sparar **10.000 kr.**

### Ryksuga
BSGL 32238

2200 W. Hepa-sía. Parkethaus fylgir með. Vinnuradíus: 10 metrar.

**Tilboð: 24.900 kr.**

Fullt verð: 34.900 kr.



Þú sparar **50.000 kr.**

### Kæliskápur, úr stáli (kámfrír)
KGN 36NL20

Orkuflokkur A+. NoFrost: Affrysting óþörf. Tvö kælikerfi. Kælir: 221 lítra. Frystir: 86 lítra. H x b x d: 186 x 60 x 60 sm.

**Tilboð: 149.900 kr.**

Fullt verð: 199.900 kr.



Þú sparar **40.000 kr.**

### Þurrkari
WTW 84100SN

Barkalaus. Tekur mest 7 kg. Orkuflokkur A+. Sérkerfi: Íþróttafatnaður og 40 mín. hraðkerfi. **Nýjung: Sjálfhreinsandi rakaþéttir.**

**Tilboð: 149.900 kr.**

Fullt verð: 189.900 kr.

### Uppþvottavélar

Mjög hljóðlátar, 44 dB. Orkuflokkur A++. 14 manna. Fimm kerfi. Séraðgerðir: Tímastytting kerfa, kraftþvottur og kraftþurrkun.

**Tilboð (hvít):**
SMU 58M22SK
**139.900 kr.**
Fullt verð: 189.900 kr.

**Tilboð (stál):**
SMU 58M25SK
**149.900 kr.**
Fullt verð: 199.900 kr.



Þú sparar **50.000 kr.**

Þú sparar **50.000 kr.**

### Bakstursofn
HBA 23B151

XXL ofnrými: 67 lítra. Orkuflokkur A. Fimm hitunaraðgerðir.

**Tilboð: 99.900 kr.**

Fullt verð: 144.900 kr.



Þú sparar **45.000 kr.**

### Þvottavél
WAE 28271SN

Tekur mest 7 kg. Orkuflokkur A+++. Hámarksvinduhraði: 1400 sn./mín.

**Tilboð: 119.900 kr.**

Fullt verð: 149.900 kr.



Þú sparar **30.000 kr.**

Opið virka daga frá kl. 11 - 18 og á laugardögum frá kl. 11 - 16.

**BOSCH**

**BÚÐIN**

Hlíðasmára 3 · www.bosch.is · Sími 520 3090

## DRYKKURINN



**„Uppáhaldsdrykkurinn minn er Pepsi Max. Ég skammast mín eiginlega fyrir að segja það en það ríkir neyðarástand heima ef það er ekki til. Þetta er svona mitt „kaffi“.“**

Greta Salóme Stefánsdóttir, söngkona, fiðluleikari og tónskáld.

# Sest í leikstjórastólinn í fyrsta sinn

Þórdís Elva Þorvaldsdóttir leikstýrir verkinu Fyrirgefðu?, sem sýnt verður í Tjarnarbíói í byrjun næsta árs.

„Þetta er ákveðin frumraun fyrir mig, en eftir að hafa skrifað sjö verk sem hafa verið sviðsett og verið aðstoðarleikstjóri nokkrum sinnum, tel ég mig bera ágætis skynbragð á það sem er í vændum. Ég verð þó að viðurkenna að ég er með fiðrildi í maganum líka,“ segir Þórdís Elva Þorvaldsdóttir, fjölmiðlakona og skáld, um leikverkið Fyrirgefðu? Þetta er í fyrsta sinn sem hún sest í leikstjórastólinn, en stefnt er að frumsýningu verksins í Tjarnarbíói eftir áramót.

Leikverkið fjallar um fyrirgefningu og þá ólíku merkingu sem fólk setur í hugtakið. „Ég fór í það fyrir nokkrum árum að velta fyrir mér fyrirgefningu í kjölfar efnahagshrunsins. Í verkinu reynum við að svara spurningum sem lúta að þessu hugtaki, eins og hvers vegna við fyrirgefum og hvenær,“ segir Þórdís. „Að biðjast fyrirgefningar afhjúpar fólk á hátt sem getur verið bæði bráðfyndinn og klaufalegur.“

Verkefnið hlaut þróunarstyrk og í kjölfarið réð Þórdís Elva til sín fjóra leikara, þau Árna Pétur Guðjónsson, Ragnheiði Steindórsdóttur, Víði Guðmundsson og Aðalbjörgu Árnadóttur. „Við unnum saman í fjórar vikur þar sem við veltum fyrir okkur lykilspurningum um fyrirgefninguna. Er auðveldara að fyrirgefa sínum nánustu eða getur það þvert á móti verið erfiðara? Hvernig er stemningin á heimili þar sem enginn vill fyrirgefa? Þessi rannsóknarvinna ól af sér handrit sem við erum mjög spennt að setja á svið,“ segir hún að lokum. - áo



**FRUMRAUN** Þórdís Elva Þorvaldsdóttir leikstýrir verkinu Fyrirgefðu?

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



# Sálin heldur aukatónleika

Það seldist upp á tónleika Sálarinnar á einum sólahring. Tónleikarnir fara fram í Hörpu þann 9. nóvember. Sveitin hefur því afráðið að bæta við aukatónleikum klukkan 23 sama kvöld.

Miðasala á aukatónleikana hefst í dag á midi.is.

Ekki verður fleiri tónleikum bætt við þannig að þetta er síðasti séns til að tryggja sér miða.

Gera má ráð fyrir að seinni tónleikarnir verði með fjörugra móti vegna tímasetningarinnar. - glp











**FRAMLEIÐIR INDRIÐA-SKYRTUR** Styrmir Goðason er byrjaður að framleiða skyrtur Indriða Guðmundssonar klæðskera sjö árum eftir fráfall hans.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Skyrtur Indriða klæðskera aftur til sölu

Framleiðsla er hafin á skyrtum Indriða Guðmundssonar klæðskera sjö árum eftir andlát hans. Sala á þessum vinsælu skyrtum hefst um næstu helgi.

Fjölskylda Indriða Guðmundssonar klæðskera hefur ákveðið að hefja framleiðslu á skyrtum Indriða sjö árum eftir dauða hans.

Styrmir Goðason, fyrrverandi samstarfsmaður Indriða, og Bryndís Marteinsdóttir, ekkja hans og móðursystir Styrmis, standa á bak við framleiðsluna. „Maður hefur fundið fyrir mikilli eftirspurn, sérstaklega núna þegar eigendur skyrtnanna eru að nota þær síðustu upp til agna. Þeir hafa komið að máli við okkur því þeir finna ekki sambærileg gæði eða snið neins staðar annars staðar,“ segir Styrmir, sem þekkir vel til enda starfaði hann í verslunum Indriða bæði í Kaupmannahöfn og á Íslandi.

Indriði varð bráðkvaddur í lok árs 2006 á heimili sínu í Kaupmannahöfn. Hann bjó til vinsælan herrafatnað sem hann seldi undir sínum merkjum í eigin verslun á Skólavörðustígnum í þrjú ár og var nýbúinn að opna verslun í Kaupmannahöfn þegar hann lést.

„Kormákur og Skjöldur vildu selja fyrir okkur og þess vegna var ekkert því til fyrirstöðu að vinna vinnuna. Gögnin voru til staðar og sniðin líka,“ heldur Styrmir áfram. „Við byrjuðum í mars á þessu ári að grúska í gögnunum hans Indriða og fundum út hvað við vildum gera. Gamlir samstarfsmenn hans hjálpuðu okkur að útfæra þetta. Markmiðið er að gera nákvæmlega sömu skyrtur aftur, þó að mynstrin og litirnir séu alltaf ný, eins og var hjá honum. Við leggjum okkur fram við að velja þetta í anda og stíl Indriða.“



Styrmir telur réttan tíma að hefja framleiðsluna á ný á nýjan leik, sjö árum eftir óvænt fráfall Indriða. „Það þurftu bara allir að jafna sig á þessu. Það var hluti af ástæðunni fyrir því að við fórum ekki fyrr af stað. Núna fannst okkur tímabært að halda merki hans á lofti á nýjan leik.“

Skyrturnar verða komnar í sölu um helgina í Herrafataverzlun Kormáks & Skjaldar. freyr@frettabladid.is

> **Það þurftu bara allir að jafna sig á þessu.**

# Leaves snýr aftur með nýja plötu

Nýjasta plata hljómsveitarinnar Leaves kemur út þann 11. október hér á landi.

„Við byrjuðum að taka upp plötuna árið 2010 en hún hefur þó ekki verið í vinnslu stanslaust síðan þá,“ segir Arnar Guðjónsson, söngvari og gítarleikari hljómsveitarinnar Leaves, um nýjustu plötu sveitarinnar. Platan heitir See You In The Afterglow og er gefin út af Record Records .

„Það hafa að jafnaði liðið þrjú til fjögur ár á milli platna hjá okkur en við erum mjög ánægðir með nýju plötuna,“ bætir Arnar við.

„Það hafa orðið mannabreytingar innan hljómsveitarinnar, Elís Pétursson tók við bassanum af Halli Hallssyni og svo gekk Kjartan F. Ólafsson hljómborðsleikari til liðs við okkur í kringum síðustu útgáfutónleika.“

Hljómsveitin vakti mikla athygli með fyrstu plötu sinni Breathe sem kom út um allan heim á árunum 2002 og 2003. „Við spiluðum út um allt á þessum tíma, komum meðal annars fram á Glastonbury-hátíðinni árið 2002 og túruðum með hljómsveitinni Stereophonics,“ segir hann. Platan komst á árslista Rolling Stone tímaritsins yfir bestu plötur þessa árs.



**NÝ PLATA** Hljómsveitin Leaves sendir frá sér sína fjórðu plötu.

MYND/ÞÓRDÍS REYNISDÓTTIR

Leaves hefur komið reglulega fram upp á síðkastið en ætlar sér að vera mun sjáanlegri á næstunni. „Við erum að spila á Iceland Airwaves og svo verðum við líka að spila á fullt af off-venue viðburðum.“

Ocean er nýtt smáskífulag frá sveitinni en hægt er að nálgast það á vefsíðu Record Records. - glp


American Style
12 ÁRA OG YNGRI
BORÐA FRÍTT
MEÐ FJÖLSKYLDUNNI Á AMERICAN STYLE
Í OKTÓBER
Kátir krakkar komast á ævintýralega staði þegar þeir mæta á American Style, þar eru glæsileg leikherbergi fyrir unga könnuði sem er full af leikföngum og skemmtilegheitum.
12 ára & yngri borða FRÍTT með fjölskyldunni þegar forráðamaður kaupir máltíð. Ein máltíð á barn af barnamatseðli. Gildir eingöngu í sal.

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póst dreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

WOW MOMENT
SENDU OKKUR ÞITT Á WOW.IS

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Leikstjórar á ferðalagi

Sænski leikstjórinn **Lukas Moodysson** fór með Hrafni Jökulssyni rithöfundi á slóðir Bobby Fischer um helgina. Meðal þess sem félagarnir tóku sér fyrir hendur var að bragða kjötsúpu í Litlu kaffistofunni við Suðurlandsveginn auk þess sem þeir hlýddu á sömu tónlist og leikin var við útför skáksnillingsins. Síðar um daginn sást til leikstjórans á Borginni þar sem Völli Snær eldaði ofan í hann, Róbert I. Douglas og leikstjórana Noaz Deshe, Simon Klose og Abdullah Taia. - sm



### Hvorki hveiti né Kardashian

„Ég á við vandamál að stríða. Ég elska Kardashian-fjölskylduna," bloggar **Unnur Eggertsdóttir**, söngkona og þátttakandi í Meistaramánuðinum, sem hófst í gær. Eitt af markmiðum hennar í mánuðinum er að horfa minna á þættina amerísku. Að auki ætlar hún að hreyfa sig á hverjum degi, sleppa hveiti og taka til í fataskápnum. „Meistarar horfa ekki á svona rugl," segir hún. Sumir taka Meistaramánuðinn þó ekki jafn hátíðlega. Jóhannes Þór Skúlason, aðstoðarmaður forsætisráðherra, setti sér það markmið að borða meira af bernaise-sósu í október. - nej



## Mest lesið VÍSIR

1 Ók á þremur hjólum undan lögreglunni
2 Þið sem hélduð að geitungar væru andstyggilegir
3 Ítarleg greining á glæsimarki Gylfa
4 Þeytti bílflautu og var rotaður
5 Þór hélt vöku fyrir Vesturbæingum
6 Ódýrara að leggja flugvél en einkabíl í miðborginni




HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 13-2665

WOW
FLUGFÉLAG FÓLKSINS

VIÐ BÆTUM
LOFORÐUM
VIÐ LÁGA VERÐIÐ

LÆGRA VERÐ STUNDVÍSI NÝRRI VÉLAR BREIÐASTA BROSIÐ
LOFORÐ WOW

**Við bjóðum lægra verð**
Þetta er einfalt. Þegar flugmiðinn kostar minna þá geturðu farið oftar, verið lengur eða boðið einhverjum með.
Við erum flugfélag fólksins.

**Við erum stundvísust***
Stundvísi skiptir máli fyrir tengiflugin, móttökunefndina og ferðagleðina. Flugstöðvar eru oft ágætar en stundvísi er miklu betri - sérstaklega þegar þú ert ekki með aðgang að betri stofu bissness farþega.

**Við erum með nýrri vélar**
Flugvélar eru bifreiðar háloftanna og um þær gildir það sama; nýrri vélar eyða minna eldsneyti, menga minna og eru þægilegri. Þú finnur það á verðmiðanum og sitjandanum.

**Við brosum breiðast**
Við erum mjög stolt af endajöxlunum okkar og langar að sem flestir sjái þá.

**Fljúgðu oftar með WOW air**

*m.v. meðaltal ferða frá 1. janúar til 31. ágúst samkvæmt Túristi.is

Við fljúgum til >> London >> Kaupmannahafnar >> Parísar >> Berlínar >> í allan vetur

wow.is | Katrínartún 12 | 105 Reykjavík | 590 3000 | wow@wow.is